skoðun 34

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Myndavélar

DOMTI
Þín innkaup á einstöku verði
Smáratorgi 1 www.domti.is

FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Fimmtudagur
9. desember 2010
289. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

Smákrimmakóngur
Evrópumál eru í forgrunni smákrimmans Morð fyrir luktum dyrum eftir Hermann Stefánsson.
menning 50

Ædstu lög landsins
Allir eiga að sitja við sama borð í nýrri stjórnarskrá segir Þorvaldur Gylfason.
umræða 35

Skref í rétta átt
Strákarnir okkar hristu af sér slenið og unnu öruggan sigur á Noregi í gær.
sport 74

veðrið í dag

HLÁNAR Í dag verða víða suðvestan 8-15 m/s, rigning eða slydda en úrkomulítið SA-til. Hiti víða 0-10 stig, en vægt frost A-lands.

VEÐUR 4

Félögum múslima gert að sameinast um eina mosku

Félag múslima sættir sig ekki við þá kröfu að félagið reisi mosku sína í samstarfi við Menningarsetur múslima sem einnig sækir um lóð. Úthlutum ekki tveimur lóðum undir mosku segir formaður skipulagsráðs.

SKIPULAGSMÁL Tvö félög múslima vilja fá lóð undir mosku í Reykjavík. Borgaryfirvöld hyggjast aðeins útvega eina lóð fyrir mosku og vilja að félögin sameinist um bænahúsið.

„Við erum náttúrlega ekki að fara að úthluta tveimur lóðum fyrir moskur strax og finnst eðlilegt að þeir geti sameinast um að byggja sér mosku," segir Páll Hjaltason, formaður skipulagsráðs Reykjavíkur.

Það eru Félag múslima og hið nýja Menningarsetur múslima á Íslandi sem óska eftir lóðum fyrir mosku. Páll bendir á að Félag múslima hafi nú í tíu ár sótt um lóð.

„Það hefur verið alls kyns tregða á því. Hluti af vandanum er að Reykjavíkurborg liggur ekki á mörgum lóðum sem henta fyrir moskur og þannig er enn þó að það sé verið að höggva á þann hnút," segir Páll, sem kveðst búast við að fljótlega á komandi ári verði málið afgreitt á einn eða annan veg, með synjun eða úthlutun.

Einar Páll Tamimi, lögmaður Félags múslima, segir kröfu borgaryfirvalda stangast á við stjórnsýslulög. „Borgaryfirvöld hafa úthlutað kristnum söfnuðum lóðum til byggingar tilbeiðsluhúsa án þess að gera kröfu um að mismunandi kristin trúfélög sameinist um nýtingu slíkra lóða, og ljóst er að ekki verða með réttu gerðar aðrar kröfur til múslimskra trúfélaga heldur en kristinna," segir í bréfi lögmannsins til skipulagsyfirvalda.

Í lóðaumsókn Menningarseturs múslima sem keypti á dögunum tónlistarhúsið Ými virðist ranglega litið svo að múslimum hafi þegar verið úthlutað lóð fyrir mosku. Þar segir að formaður Félags múslima, Salmann Tamimi, geti ekki sætt sig við að bæði félögin hafi fengið lóðina.

„Að sjálfsögðu fer lóðin til allra múslima á Íslandi en ekki einungis hluta þeirra og þetta hefur viðkomandi þótt erfitt að kyngja," skrifar Karim Askari, varaformaður Menningarseturs múslima, í lóðaumsókn þess félags. Ágreiningur hefur verið milli hópanna tveggja.

- gar

SLEIP Á SVELLINU Krakkarnir í Salaskóla nýttu síðustu stundirnar á ísilagðri jörð í fótboltaleik í frímínútum, en spáð er töluverðum hlýindum á sunnanverðu landinu á næstu dögum með tilheyrandi leysingum. Guðrún Sigfúsdóttir lét svellið á skólalóðinni í gær ekki aftra sér frá því að sparka fimlega í knöttinn.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tómas Lemarquis á Indlandi:

Staðgengill Bond-leikara

FÓLK Íslenski leikarinn Tómas Lemarquis er staddur í Kolkata á Indlandi þar sem hann er við tökur á kvikmyndinni Mushrooms eftir leikstjórann Vimukthi Jayasundara.

TÓMAS LEMARQUIS

Upphaflega stóð til að mexíkóska stórstjarnan Gael Garcia Bernal léki hlutverkið. Þegar hann forfallaðist var Bond-leikarinn Darwin Shaw fenginn til verksins en hann fékk ekki nauðsynlega pappíra. „Ég og leikstjórinn eigum sameiginlegan vin og hann benti honum á mig," segir Tómas í samtali við Fréttablaðið. **- fgg / sjá síðu 86**



Samninganefndir reyndu að ná lendingu í Icesave-málinu fram eftir kvöldi:

Úrslitatilraun á fundi í London

ICESAVE Samninganefnd Íslands sat enn á fundi með samninganefndum Bretlands og Hollands þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins stóðu vonir til þess að samningar tækjust seint í gærkvöldi eða nótt.

„Það er verið að reyna til þrautar," segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra. Hann sat í gærkvöldi fund utanríkismálanefndar ásamt Össuri Skarphéðinssyni utanríkisráðherra og Árna Páli Árnasyni efnahags- og viðskiptaráðherra. Þar var farið var yfir stöðuna í Icesave-málinu.

„Ég er bjartsýnn á lausn málsins en það getur brugðið til beggja vona," sagði Össur. „Menn eru að gera úrslitatilraun."

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verður samkomulagið ekki undirritað formlega, með fyrirvara um samþykki Alþingis, eins og gert var með fyrri samninginn. Þess í stað verður samkomulagið áritað af samninganefndinni og lagt fyrir Alþingi.

Þingið þarf svo að taka afstöðu til þess og setja lög þar sem efni þess er samþykkt. Þau lög fara til forseta Íslands. Undirriti hann lögin verður samningurinn formlega undirritaður. **- bj**

JOE BOXER®
Kringlan og Smáralind

SPURNING DAGSINS

Björgvin, er nú Skálmöldin önnur?

„Já, ný Skálmöld er risin."

Björgvin Sigurðsson og félagar hans í rokksveitinni Skálmöld eru að gera góða hluti og hafa þegar gefið út plötu og munu leika á stærstu þungarokkshljómleika hátíð heims á næsta ári.

Saksóknari kallar tólf manns úr ráðuneytum, Seðlabanka, Landsbanka og FME fyrir dóm sem vitni:

Sigurjón og Halldór vitna í máli Baldurs

DÓMSMÁL Sigurjón Þ. Árnason og Halldór J. Kristjánsson, fyrrverandi bankastjórar Landsbankans, munu bera vitni í máli Baldurs Guðlaugssonar, fyrrverandi ráðuneytisstjóra, sem ákærður hefur verið fyrir 192 milljóna króna innherjasvik. Þeir eru meðal tólf manna sem saksóknarinn í málinu hefur farið fram á að verði leiddir fyrir dóminn sem vitni.

BALDUR GUÐLAUGSSON

Önnur vitni eru ráðuneytisstjórar, seðlabankastjóri, starfsmaður Seðlabankans og forstjóri Fjármálaeftirlitsins (FME), sem allir sátu í samráðshópi Seðlabankans um fjármálastöðugleika með Baldri, og starfsmenn FME og Landsbankans.

Á morgun mun verjandi Baldurs leggja fyrir dóminn greinargerð um málið auk vitnalista. Dagsetning fyrir málflutning hefur ekki verið ákveðin. - sh

Tólf vitni saksóknara

1. Jónína S. Lárusdóttir, fv. ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu
2. Jónas Friðrik Jónsson, fv. forstjóri Fjármálaeftirlitsins
3. Tryggvi Pálsson, framkvæmdastjóri fjármálasviðs Seðlabankans
4. Bolli Þór Bollason, fv. ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu
5. Áslaug Árnadóttir, fv. ráðuneytisstjóri í viðskiptaráðuneytinu
6. Ingimundur Friðriksson, fv. seðlabankastjóri
7. Rut Gunnarsdóttir, lögfræðingur hjá Fjármálaeftirlitinu
8. Guðrún Jónsdóttir, sviðsstjóri verðbréfasviðs Fjármálaeftirlitsins
9. Þórður Örlygsson, regluvörður Landsbankans
10. Gunnar Viðar, forstöðumaður lögfræðiráðgjafar Landsbankans
11. Sigurjón Þ. Árnason, fv. bankastjóri Landsbankans
12. Halldór J. Kristjánsson, fv. bankastjóri Landsbankans

Þórður Friðjónsson:

Kjöraðstæður til að afnema gjaldeyrishöft

EFNAHAGSMÁL „Harla ólíklegt er að aðstæður til afnáms gjaldeyrishafta batni frá því sem nú er," segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Nasdaq-OMX, í aðsendri grein í Fréttablaðinu í dag. Skynsamlegast sé að höftin verði afnumin sem allra fyrst.

ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON

„Það er algerlega ósannað mál að afnám haftanna nú muni hafa skaðleg áhrif á efnahagslífið," segir Þórður og færir rök fyrir því „að tafir geti haft mun alvarlegri afleiðingar fyrir lífskjör á Íslandi en að ganga til verks nú þegar".

„Sé litið til samkeppnishæfni efnahagslífsins og eignastöðu þjóðarbúsins hefur Ísland ekki staðið jafn vel um árabil." Sjá síðu 36

Viðbúnaði vegna goss breytt:

Úr neyðarstigi yfir í óvissustig

JARÐVÁ Viðbúnaður vegna eldgossins í Eyjafjallajökli hefur verið færður af „neyðarstigi" niður á „óvissustig", að því er fram kemur á vef Almannavarna. Óvissustig er lægsta almannavarnastigið.

Síðustu merki um eldgosið í Eyjafjallajökli sem hófst 14. apríl síðastliðinn voru í byrjun júní. Meðan óvissustig er í gildi er áfram tryggð vöktun og eftirlit með þáttum sem snúa að framvindu í eldfjallinu sem og þeim atriðum sem snúa að afleiðingum gossins svo sem aurflóðum og öskufoki. Enn er gríðarlegur hiti í hrauninu og næst eldstöðinni á Fimmvörðuhálsi. - óká

Hyggst reisa hæstu vindmyllu landsins

Haraldur Magnússon ætlar að reisa þrjátíu metra háa vindmyllu við bæ sinn í Belgsholti í Melasveit. Framleiðir rafmagn í eigin þágu. Afgangurinn fer inn á orkudreifikerfið. Í fyrsta sinn sem rafmagn úr vindmyllu fer þangað inn.

ORKUMÁL „Þetta er vindmylla með hámarksgetu upp á 30 kílóvött, miðað við tíu metra vind á sekúndu," segir Haraldur Magnússon bóndi sem hyggst reisa rúmlega þrjátíu metra háa vindmyllu við bæ sinn í Belgsholti í Melasveit. Vindmyllan verður líklega sú fyrsta sem skráð verður inn á orkudreifikerfið hér á landi og verður, eftir því sem Fréttablaðið kemst næst, sú hæsta á landinu. Mastrið sjálft er 25 metrar á hæð en spaðarnir um sex metrar á lengd.

Haraldur stefnir að því að vindmyllan verði komin í notkun í mars en um tvö ár eru síðan hann fór að vinna í henni.

„Ég fékk veðurstöð í fimmtugsafmælisgjöf árið 2003 sem skráir allt veðurfar í tölvu. Þá fór ég að hugsa hvort hægt væri að nota vindinn til að búa til orku. Ég tók saman niðurstöðurnar og sendi Orkustofnun, sem fannst þetta álitlegar niðurstöður," segir Haraldur. „Ég fékk styrk úr Orkusjóði vorið 2008. Verkefnið fór í smá frost eftir bankahrun en svo fór allt á fullt."

Haraldur segir að grunnurinn að því að reisa svona vindmyllu sé að notast við rannsóknarniðurstöður á vindstyrk. Hann leitaði á náðir Sigurðar Inga Friðleifssonar, í Orkusetrinu á Akureyri, en hann hefur verið að skoða möguleikann á því að setja upp vindmyllu við Sólheima í Grímsnesi. „Sigurði Inga fannst vindkúrfan hjá mér vera ákjósanleg. Hann benti mér á sænska framleiðandann Hannevind í Svíþjóð en það fyrirtæki framleiðir nokkuð hagstæðar vindmyllur að hans sögn. Nú er ég bara að bíða eftir staðfestingu á því hvenær ég fæ vindmylluna afgreidda frá fyrirtækinu og stefni á að koma henni upp í mars."

VINDMYLLAN Vindmyllan sem Haraldur stefnir á að reisa er framleidd af sænska fyrirtækinu Hannevind og á að geta framleitt allt að 30 kílóvött. MYND/HANNEVIND

> Ég fékk veðurstöð í fimmtugsafmælisgjöf árið 2003 sem skráir allt veðurfar í tölvu. Þá fór ég að hugsa hvort hægt væri að nota vindinn til að búa til orku.
>
> **HARALDUR MAGNÚSSON**
> BÓNDI Í BELGSHOLTI

Að ýmsu er að huga áður en vindmyllan verður reist. Haraldur þarf meðal annars byggingarleyfi sem hann vonast til að fá í vikunni.

Allt stefnir í að vindmyllan hans Haraldar verði sú fyrsta sem framleiði orku sem fari inn á orkudreifingarkerfið. „Það var nú ekki stefnan í fyrstu en ef þessi áform ganga eftir verður hún fyrsta vindmyllan sem framleiðir rafmagn inn á dreifikerfið," segir Haraldur. En eitthvað hlýtur vindmyllan að kosta? „Kostnaðurinn við hana er um tíu milljónir með eigin vinnu. En auk styrksins úr Orkusjóði fékk ég framlag úr Framleiðnisjóði landbúnaðarins sem hefur verið að styrkja smærri bændavirkjanir og vatnsaflsvirkjanir. Vindmyllan féll í sama flokk og þær," segir Haraldur Magnússon, bóndi í Belgsholti í Melasveit.

kristjan@frettabladid.is

Á GRÁSLEPPU Oddur V. Jóhannsson gerir út á grásleppu og er einn af 344 bátum sem gerðu út í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Grásleppuvertíðin 2010:

Frábær veiði og verð hrogna hátt

SJÁVARÚTVEGUR Heildarafli á grásleppuvertíðinni 2010 svaraði til 17.947 tunna af söltuðum hrognum. Fara þarf aftur til ársins 1987 til að finna viðlíka veiði, eins og kemur fram á vef Landssambands smábátaeigenda. Afkoma flestra sem stunduðu veiðarnar var góð, enda hátt verð á hrognunum.

Alls stunduðu 344 bátar veiðarnar á vertíðinni, sem var 65 bátum fleira en 2009.

Langmest veiði var í Breiðafirði, 5.480 tunnur eða 30 prósent heildarveiðinnar. Mestu var landað í Stykkishólmi, 2.736 tunnum. - shá

Fundu fíkniefni við húsleit:

Sterar og marijúana í vesturbæ

LÖGREGLUMÁL Fíkniefni fundust við húsleit í fjölbýlishúsi í vesturborginni fyrr í vikunni. Um var að ræða 100 grömm af marijúana, sem var að mestu í söluumbúðum. Á sama stað var einnig lagt hald á talsvert af sterum.

Húsráðandi, karlmaður á þrítugsaldri, var handtekinn og játaði hann sök sína. Maðurinn hefur áður komið við sögu hjá lögreglu. - jss

Sjö úrum að verðmæti fimm milljónir króna stolið úr Leonard:

Þjófar játuðu en úrin ófundin

LÖGREGLUMÁL Tveir ungir menn, annar sextán ára en hinn 23 ára, hafa gengist við því hjá lögreglu að hafa stolið sjö úrum að andvirði um fimm milljónir króna úr versluninni Leonard í Kringlunni í fyrradag, samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Úrin voru ófundin síðdegis í gær.

Pilturinn var handtekinn snemma í fyrrinótt en maðurinn eftir hádegið í gær. Þeir höfðu farið í verslunina, spennt upp læstan skáp með verkfæri sem þeir höfðu meðferðis, hrifsað nokkur úr og látið sig síðan hverfa. Allt tók þetta örskotsstund.

Þjófarnir huldu ekki andlit sín, því þeir töldu sig vekja meiri athygli þannig búnir heldur en ella. Það varð til þess að þeir náðust greinilega á mynd í öryggismyndavélum í versluninni.

Þótt þeir hafi játað verknaðinn áttu þeir í erfiðleikum með að gera grein fyrir því hvað þeir hefðu gert við úrin.

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins á sá eldri talsverðan sakaferil að baki, þar á meðal í tengslum við fíkniefni. Pilturinn hefur einnig komið við sögu hjá lögreglu en í minni mæli þó.

LÖGREGLAN Þjófarnir voru yfirheyrðir af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Til stóð að piltinum yrði sleppt í gærkvöld en eldri maðurinn sæti inni að minnsta kosti fram eftir degi í dag. - jss

Kringlan

Opið til 22
öll kvöld til jóla!

Nýtt kortatímabil

KOMIN Í JÓLASKAP



Mán - mið 10-18:30, fim 10-21, fös 10-19, lau 10-18, sun 13-18 | Sími 517 9000

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is

GENGIÐ 08.12.2010

GJALDMIÐLAR	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	114,38	114,92
Sterlingspund	180,15	181,03
Evra	151,34	152,18
Dönsk króna	20,300	20,418
Norsk króna	18,978	19,090
Sænsk króna	16,553	16,649
Japanskt jen	1,3627	1,3707
SDR	175,62	176,66

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
204,8599

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Hátt í 100 manns mótmæltu ákærum á hendur nímenningum í og við Alþingi tveimur árum eftir handtöku:

Þingpallarnir rýmdir vegna háreysti

ALÞINGI Þingverðir þurftu að rýma þingpalla vegna hrópa sem trufluðu fund Alþingis. Hátt í 100 manns komu saman við Alþingi á þriðja tímanum í gærdag til að mótmæla ákærum á hendur nímenningunum svokölluðu, sem sakaðir eru um árás á Alþingi fyrir tveimur árum.

Á milli 20 og 30 manns komu sér fyrir á þingpöllum við upphaf þingfundar, en eftir skamma stund ákvað Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir að fresta þingfundi eftir ítrekuð hróp og köll af pöllunum.

Helgi Bernódusson, skrifstofustjóri Alþingis, segir að vegna frétta af fyrirhuguðum mótmælum hafi verið gerðar ráðstafanir, og voru lögreglumenn á staðnum til að fylgjast með mótmælendum og gæta þess að ekki færu fleiri á þingpallana en þar mega vera.

Helgi segir að vel hafi gengið að rýma þingpallana og engin átök hafi verið milli mótmælenda og starfsmanna þingsins. Fundi var svo fram haldið en þingpallarnir hafðir lokaðir.

Helgi segir að þar hafi þó ekki verið þingað fyrir luktum dyrum, enda útsending í sjónvarpi og á netinu frá umræðum og ræður birtar á vef Alþingis.

Hann segir að síðast hafi verið fundað fyrir luktum dyrum samkvæmt heimild þar um fyrir miðjan sjötta áratuginn, og þar hafi eftir því sem næst verði komið þingað um sáttatillögu Dana í handritamálinu. - bj

MÓTMÆLI Til lítils háttar stimpinga kom fyrir utan Alþingi þegar þingpallarnir voru rýmdir, en mótmælin fóru að öðru leyti friðsamlega fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HARMLEIKUR Viðbrögð ættingja þegar lesin voru upp nöfn hinna látnu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Áttatíu fangar fórust:

Fangelsi í Chile í ljósum logum

CHILE, AP Talið er að eldsvoða í San Miguel-fangelsinu í Chile í gær megi rekja til slagsmála milli fanga. Eldurinn varð óviðráðanlegur á fáum mínútum og kostaði yfir áttatíu fanga lífið.

Neyðaróp fanganna mátti heyra í fjölmiðlum þegar spiluð var upptaka úr síma eins fangans, sem hringdi í ríkissjónvarpið til að biðja um hjálp.

„Aðstæður í fangelsinu eru ómannúðlegar," sagði Sebastian Pineira, forseti Chile, í heimsókn á sjúkrahús þar sem fangar með brunasár voru til meðferðar. - gb

Styrkir Evrópu unga fólksins:

30 milljónum króna úthlutað

FÓLK Evrópa unga fólksins úthlutaði rúmum 30 milljónum króna til verkefna ungs fólks og æskulýðssamtaka í gær.

Umsóknarfrestir eru fimm á ári og voru í gær afgreiddar síðustu umsóknir þessa árs. Sótt var um styrki til 18 verkefna og fengu 12 af þeim úthlutun. Félagsmiðstöðin Zero á Flúðum fékk hæsta styrkinn, 3,5 milljónir króna, til verkefnisins Let's do business.

Evrópa unga fólksins er samstarfsverkefni ESB, mennta- og menningarmálaráðuneytisins og UMFÍ. - sv

Hringakstri sagt stríð á hendur í Vatnsleysu

Íbúar í húsaþyrpingu á Vatnsleysuströnd vilja loka vegslóða sem liggur í hring umhverfis byggðina vegna ónæðis af akstri annarra. Eigandi eins hússins vill halda hringveginum. Bæjarráðið lét fjarlægja vegartálma sem settir voru upp.

SKIPULAGSMÁL „Ég tel þetta vera innrás inn á mitt land," segir Virgill Scheving Einarsson, jarðeigandi á Vatnsleysuströnd sem kom fyrir vegartálma á landi sínu sem bæjaryfirvöld í Vogum létu fjarlægja á þriðjudag.

Virgill er meðeigandi móður sinnar að jörðunum Skjaldarkoti og Efri-Brunnastöðum I og II. Vigill og fleiri íbúar í nágrenninu eru ósáttir við hringveg sem liggur um bæjarhlöð þeirra og niður að sjóvarnargarði þar fyrir neðan. Neðsti hluti vegarins var að sögn Virgils á sínum tíma lagður í tengslum við gerð varnargarðsins og er ekki á vegaskrá. Fyrir tæpum mánuði lokuðu Virgill og nágranni hans, Stefán Árnason í Austurkoti, veginum þar sem hann fer yfir neðsta hluta lands Virgils.

„Hér eru börn, þannig að óheft umferð er glapræði. Við Stefán svöruðum kalli íbúanna og lokuðum," segir Stefán.

Bæjarráð Voga tók málið fyrir í síðustu viku. Í niðurstöðu þess er vitnað í ákvæði vegalaga varðandi óskráða vegslóða sem liggja yfir eignarlönd. „Er landeiganda þá heimilt að gera girðingu yfir þann veg með hliði á veginum en eigi má hann læsa hliðinu né með öðru móti hindra umferð um þann veg nema sveitarstjórn leyfi," vitnaði bæjaráðið í lögin og krafðist þess að Virgill fjarlægði vegartálmana ellegar yrði það gert á hans kostnað. Og á þriðjudag gær bærinn vinnuvél á vettvang til að ryðja tálmanum burt.

VIRGILL SCHEVING EINARSSON OG STEFÁN ÁRNASON Á veginum handan bílsins var vegartálminn sem bæjaryfirvöld í Vogum létu fjarlægja af landi Virgils í gær. Fjær sést í Neðri-Brunnastaði. Fólkið þar vill halda hringveginum opnum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Eignarréttur minn er vanvirtur og á honum troðið," segir Virgill og þeir Stefán ítreka að mikið ónæði sé af hringakstri um bæjarhlöð þeirra. Meðal annars hafa komið heilu rúturnar með hópa af útlendingum að skoða fjöruna.

„Það er öllum til óþæginda að hafa þennan hring opinn. Það er einn bær sem virðist standa fyrir því að veginum er ekki lokað. Mér finnst alveg nóg að það sé ein heimreið að hverjum bæ – það hefur dugað fram að þessu," segir Stefán.

Virgill segist telja að fólk sem tengist bænum Neðri-Brunnastöðum og vill hafa hringveginn opinn hafi beitt ítökum sem það hafi í H-listanum sem myndar meirihluta í bæjarstjórn Voga ásamt E-lista. „Það er pólitískur óþefur af þessu máli," segir Virgill, sem aðspurður kveður næsta skref að leita til dómsmálaráðuneytisins og dómstóla. „Slóðanum verður lokað," fullyrðir hann.

Bergur Álfþórsson úr E-listanum staðfestir að það hafi verið gert vegna óskar frá Neðri-Brunnastöðum. Eigandi þeirra er fyrrverandi bæjarfulltrúi H-listans. Bergur hafnar því að pólitík ráði för.

gar@frettabladid.is

Frjálsi lífeyrissjóðurinn vinnur:

Valinn besti sjóðurinn á ný

VIÐSKIPTI Frjálsi lífeyrissjóðurinn, sem er í rekstri hjá Arion banka, hefur verið valinn besti lífeyrissjóður landsins annað árið í röð af fagtímaritinu Investment Pension Europe (IPE).

Í umsögn dómnefndar kemur meðal annars fram að eignastýring lífeyrissjóðsins hafi gengið vel þrátt fyrir erfiðar markaðsaðstæður, gagnsæi í fjárfestingum hafi aukist og samskipti við sjóðfélaga verið eflt til að upplýsa þá sem best um stöðu sjóðsins.

Árið 2005 var Frjálsi lífeyrissjóðurinn valinn besti lífeyrissjóður Evrópu í flokknum Uppbygging lífeyrissjóða af IPE. - sv

Afkoma Skipta hf. árið 2010:

Hagnast um 4,4 milljarða króna

VIÐSKIPTI Skipti hf. skiluðu 4,4 milljarða króna hagnaði á fyrstu níu mánuðum ársins 2010.

Sala fyrirtækisins nam 26,9 milljörðum króna samanborið við 29,8 milljarða á sama tímabili í fyrra og skýrist söluhagnaðurinn einkum af sölu á erlendum eignum og gengisþróun íslensku krónunnar. Tap Skipta á sama tímabili árið 2009 var 1,6 milljarðar króna.

Eigið fé Skipta er 29,2 milljarðar króna og eiginfjárhlutfall 26 prósent. Fyrirtækið hefur að mestu lokið samningum við lánardrottna og telst vinna við skjalagerð á lokastigi, er kemur fram í tilkynningu frá félaginu.

Já upplýsingaveitur hefur verið selt úr eigu Skipta og nemur söluhagnaður 1,3 milljörðum króna. Greitt verður fyrir söluna í reiðufé og færist það til bókar á fjórða ársfjórðungi 2010. - sv

VEÐURSPÁ

Elísabet Margeirsdóttir veðurfréttamaður

NOKKUÐ MILT
Það verður nokkuð milt á landinu næstu daga með stífri vestanátt og vætu, einkum vestan til. Svipað veður á morgun en á laugardag dregur úr vætu og lægir en þá kólnar lítillega.



HEIMURINN

Alicante	21°
Basel	11°
Berlín	-1°
Billund	-1°
Frankfurt	0°
Friedrichshafen	6°
Gautaborg	1°
Kaupmannahöfn	1°
Las Palmas	22°
London	2°
Mallorca	18°
New York	0°
Orlando	17°
Ósló	-8°
París	0°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	-3°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Sigmundur Halldórsson *sigmundur@frettabladid.is* ALLT SÍMI 512-5402: Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Henný Árnadóttir *henny@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016: Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Bjarni Þór Sigurðsson *bthor@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

TAX FREE
af jólatrjám

Lifandi jólatré!

Normannsþinur

Rauðgreni — Veljum íslenskt

Stafafura — Veljum íslenskt

AÐEINS
fimmtudag til sunnudags

NÝTT KORTA TÍMABIL

JÓLATRÉ Sölustaðir
SKÚTUVOGUR • GRAFARHOLT • SELFOSS
AKUREYRI • DALVÍK • EGILSSTAÐIR
HÚSASMIÐJAN HVOLSVELLI

HÚSASMIÐJAN

blómaval

TAX FREE
af jólagjöfum*

TAX FREE ÚTIVISTAR-FATNAÐUR*

TAX FREE SMÁ-RAFTÆKI*

TAX FREE LEIKFÖNG*

OPIÐ TIL 22:00 Skútuvogi

LÆGSTA LÁGA VERÐ HÚSASMIÐJUNNAR*

*Tax free gildir sjálfsögðu ekki af vörum sem merktar eru Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar enda höfum við þegar lækkað þær vörur í allra lægsta verð sem við getum boðið.

Að sjálfsögðu stendur Húsasmiðjan/Blómaval skil á virðisaukaskatti til ríkissjóðs.

KJÖRKASSINN



Ætlar þú að eyða minna í jólagjafir í ár en í fyrra?

Já 67,7%

Nei 32,3%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Hefur þú dregið úr akstri á árinu vegna hækkandi bensínverðs?

Segðu þína skoðun á visir.is VÍSIR

Tveir ungir piltar eiga fangelsisvist yfir höfði sér fyrir að bregðast of harkalega við handtöku félaga síns:

Ákærðir fyrir sprengjuárás á lögreglustöð

DÓMSMÁL Tveir ungir menn, átján og nítján ára, hafa verið ákærðir fyrir tilraun til brennu og brots gegn valdstjórninni fyrir Héraðsdómi Vesturlands. Þeir voru handteknir í Borgarnesi í lok nóvember í fyrra eftir að hafa kastað bensínsprengjum í lögreglustöð bæjarins til að reyna að frelsa vin sinn úr haldi.

Piltarnir höfðu verið á dansleik fyrr um kvöldið og lent þar í orðaskaki við lögreglu eftir að ódæll félagi þeirra var handtekinn. Hann hafði í ölæði ógnað fólki með hafnaboltakylfu. Samkvæmt ákæru fóru þeir í kjölfarið og útbjuggu bensínsprengju með því að fylla áfengisflöskur af bensíni og troða tuskum niður í flöskuhálsinn. Sprengjunum köstuðu þeir logandi í lögreglustöðina. Önnur brotnaði, en eldurinn læsti sig ekki í húsið.

Í ákæruskjali segir að atlagan „hefði getað leitt til eldsvoða sem hefði haft í för með sér almannahættu með miklum skemmdum eða eyðileggingu á húsnæðinu, ef eldur hefði náð að breiðast út, en hending ein réði því að svo var ekki“.

Þrátt fyrir að piltarnir hafi ráðist að húsinu í því skyni að frelsa mann úr haldi var húsið mannlaust, enda hafði félagi þeirra verið fluttur með lögreglubíl til Reykjavíkur þegar í ljós kom að hann var eftirlýstur þar. Þetta höfðu þeir hins vegar ekki hugmynd um. Fjórir voru upphaflega handteknir vegna málsins en sem fyrr segir eru einungis tveir ákærðir. - sh

Reyndu að kveikja í til að frelsa vin sinn

FRÉTTIN FRÁ 28. NÓVEMBER

„Sem betur fer er þetta rammbyggt steinhús þannig að við fuðrum nú ekki svo glatt upp,“ lét Theódór Þórðarson yfirlögregluþjónn hafa eftir sér þegar málið kom upp.

UPPLJÓSTRUNARSÍÐAN WIKILEAKS Tölvuþrjótar hafa tekið höndum saman um að ráðast á fyrirtæki sem hafa neitað Wikileaks um þjónustu. NORDICPHOTOS/AFP

Rudd segir sektina vera Bandaríkjanna

Julian Assange bíður úrskurðar breskra dómstóla um framsal til Svíþjóðar. Utanríkisráðherra Ástralíu segir að öryggiskerfi Bandaríkjanna hafi brugðist. Þar sé hin eiginlega ábyrgð lekans, en ekki hjá stofnanda Wikileaks sem birtir skjölin.

WIKILEAKS Kevin Rudd, utanríkisráðherra Ástralíu og fyrrverandi forsætisráðherra, segir Bandaríkjastjórn sjálfa bera ábyrgð á því að samskiptakerfi Bandaríkjahers, sem átti að vera öruggt, reyndist ekki vera nægilega öruggt.

Ábyrgðin sé engan veginn á herðum Julians Assange, stofnanda Wikileaks sem þessa dagana birtir hvert leyniskjalið á fætur öðru frá bandarískum sendiráðum víðs vegar um heim.

„Ég tel að spyrja megi um það hvort öryggiskerfi þeirra hafi verið nægilega traust og hvaða aðgang fólk hafði að þessu efni yfir langt tímabil,“ sagði Rudd.

„Meginábyrgðin, og þar með lagaleg ábyrgð, hvílir á þeim einstaklingum sem bera ábyrgð á þessum upphaflega leka í heimildarleysi.“

Þessi afstaða Rudds stangast nokkuð á við yfirlýsingar Júlíu Gillard forsætisráðherra, sem tók við af Rudd í júlí eftir að hafa steypt honum af leiðtogastóli Verkamannaflokksins.

Hún sagði Wikileaks-birtingarnar „gróflega ábyrgðarlausar“, en tók reyndar fram eins og Rudd að birting skjalanna hefði ekki orðið möguleg ef lög hefðu ekki verið brotin í Bandaríkjunum.

Áströlsk stjórnvöld eru enn að skoða hvort Assange hafi með einhverjum hætti gerst brotlegur við áströlsk lög.

Assange var handtekinn í London á þriðjudag og verður í varðhaldi meðan framsalsmál hans er til afgreiðslu í breska dómskerfinu. Sænsk stjórnvöld vilja fá hann framseldan til Svíþjóðar vegna ásakana um kynferðisbrot, en Assange hefur mótmælt framsalsbeiðninni.

Hann hefur ekki verið formlega ákærður, en kærur hafa verið lagðar fram og saksóknari vill fá hann til yfirheyrslu áður en ákvörðun verður tekin um ákæru.

Sænsk lög um kynferðisbrot eru strangari en í flestum öðrum löndum, þannig að Assange gæti reynst erfitt að komast undan þeim. Á fréttasíðum breska útvarpsins BBC segir að lögfræðingar gantist stundum með að menn þurfi að fá skriflegt leyfi áður en stofnað er til kynmaka.

gudsteinn@frettabladid.is

Þrjú afbrigði nauðgunar

Í sænskum lögum er gerður greinarmunur á þremur afbrigðum nauðgunar eftir því hve alvarlegt brotið þykir vera. Alvarlegasta gerðin felur í sér gróft ofbeldi og liggur við því allt að tíu ára fangelsisdómur.

Þar á eftir er nauðgun, sem vissulega felur í sér ofbeldi en þó ekki jafn gróft. Við þess konar nauðgun liggur allt að sex ára fangelsi.

Loks er hægt að ákæra fyrir „ólögmæta þvingun“, sem er vægasta afbrigðið en getur engu að síður haft í för með sér allt að fjögurra ára fangelsisdóm. Þetta afbrigði nauðgunar getur til dæmis falist í því að settur sé andlegur eða tilfinningalegur þrýstingur á fórnarlambið til að þvinga það til kynmaka.

Atburðirnir í Svíþjóð

Assange er ásakaður fyrir brot gegn tveimur konum og eru þau sögð hafa átt sér stað í ágúst síðastliðnum þegar Assange dvaldist um tíma í Svíþjóð vegna ráðstefnu sem þar var haldin.

Bæði breskir og sænskir fjölmiðlar hafa kafað ofan í þessar ásakanir, rætt við ýmsa heimildarmenn og dregið upp ítarlega mynd af því sem á að hafa gerst.

Assange kom til Stokkhólms 11. ágúst og fékk að gista í íbúð konu sem var fjarverandi en starfaði með samtökunum sem héldu ráðstefnuna. Hún kom síðan heim degi fyrr en til stóð og leyfði Assange að gista eina nótt í viðbót.

Assange ber ekki á móti því að hafa sofið hjá henni þá um nóttina, og þeim ber saman um að smokkur hafi brugðist. Náin kynni þeirra héldu samt áfram með hléum í nokkra daga.

Á ráðstefnunni, sem haldin var á laugardegi, daginn eftir að fyrri konan kom heim í íbúðina sína, kynntist Assange annarri konu. Sú var frá Jönköping og tveimur dögum síðar, á mánudegi, fóru þau saman til Jönköping þar sem þau sváfu saman, og þeim ber báðum saman um að þá hafi verið notaður smokkur.

Um morguninn virðist sem Assange hafi aftur haft samfarir við hana, að þessu sinni án smokks og að því er virðist meðan hún var sofandi eða hálfsofandi. Þau skildu engu að síður í góðu og ákváðu að hafa samband áfram.

Daginn eftir ræddu konurnar tvær, sem höfðu hist á ráðstefnunni, hins vegar saman og virtust báðar komnar með bakþanka, höfðu áhyggjur af þungun eða kynsjúkdómum og gengu á fund lögreglunnar í Stokkhólmi undir lok vikunnar þar sem þær báðar lögðu fram kærur.

Ásakanirnar

Önnur konan

Sakaður um vísvitandi áreitni

Sakaður um kynferðislega áreitni - neitaði að nota smokk

Sakaður um ólögmæta þvingun - hélt henni niðri

Hin konan

Sakaður um nauðgun - hafði samfarir við hana án smokks þegar hún var sofandi

BETRI BORG
fyrir alla

Flutningur málefna fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga

Opinn fundur mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar þann **10. desember kl. 08.30–09.45** í Tjarnarbíó.

DAGSKRÁ

08.30 Setning 62. fundar mannréttindaráðs Reykjavíkurborgar
Margrét K. Sverrisdóttir
formaður mannréttindaráðs


08.35 Næsti kafli
Steinunn Sigurðardóttir
fatahönnuður

08.45 Fatlað fólk eða fatlað samfélag?
Embla Ágústsdóttir
varaformaður í stjórn NPA-miðstöðvarinnar

09.00 Mannréttindi — aukin tækifæri geðfatlaðra í nærsamfélagi
Jóna Rut Guðmundsdóttir
verkefnastjóri á skrifstofu velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

09.15 Fyrirspurnir og umræður

09.45 Fundarslit

Allir velkomnir meðan húsrúm leyfir
Boðið verður upp á morgunverð

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
STÝRÐU UMRÆÐUNNI Í ÁTT TIL ÞÍN
Meiri Vísir. VÍSIR.IS

TAX FREE DAGAR

ALLT Á DÖMUNA!

Dagana 9. - 12. desember afnemum við VSK af ÖLLU Á DÖMUNA.

NÝTT VISATÍMABIL

Þú færð allan dömu: fatnað, nærfatnað, náttföt, sokka-buxur, skó, töskur, slæður og fylgihluti án VSK þessa fjóra daga.

Að sjálfsögðu fær ríkissjóður sinn virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin er alfarið á kostnað Hagkaups.

Tilboðin gilda út sunnudaginn 12. desember 2010.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

VEISTU SVARIÐ?

1. *Hvað eru nemendurnir gamlir sem tóku þátt í PISA-könnuninni?*
2. *Hvaða íslensku rithöfundar eru að stinga af í jólabókaflóði ársins?*
3. *Hversu stórt töpuðu íslensku stelpurnar fyrsta leik sínum á EM í handbolta?*

SVÖR:
1. 15 ára. 2. Arnaldur Indriðason og Yrsa Sigurðardóttir. 3. Með 10 mörkum.

Samgönguráðherra segist eindregið á móti því að ECA hefji starfsemi á Íslandi:

Hagsmunum stefnt í tvísýnu

SAMGÖNGUMÁL Ríkið myndi bera umtalsverðan kostnað af því að heimila fyrirtækinu ECA að hefja starfsemi hér á landi. Þetta kom fram í máli Ögmundar Jónassonar samgönguráðherra á Alþingi í gær. Þar sagðist hann alfarið á móti því að ráðast í þetta verkefni.

Ögmundur sagðist meta það svo að með því að heimila ECA að hefja starfsemi á sviði flugþjónustu fyrir herflugvélar hér á landi væri mjög mikilvægum fjárhagslegum hagsmunum og atvinnuhagsmunum Íslendinga í flugheiminum teflt í tvísýnu.

ÞOTUR Fyrirtækið ECA vill reka þjónustu fyrir orrustuþotur á Keflavíkurflugvelli, en sérstakt leyfi þarf til að skrá slíkar þotur. NORDICPHOTOS/AFP

„Það er mjög eindregin afstaða flugmálayfirvalda að [...] það sé ekki ráðlegt að ráðast í þetta verkefni og menn eigi ekki að láta undan þrýstingi í þeim efnum," sagði Ögmundur í svari sínu við fyrirspurn Sigurðar Inga Jóhannssonar, þingmanns Framsóknarflokksins.

Sigurður benti hins vegar á að ECA hefði lýst því yfir að fyrirtækið myndi greiða allan kostnað sem á ríkið myndi falla. Þessi afstaða Ögmundar varpaði ljósi á eina helstu ástæðuna fyrir því að atvinnusköpun gengi svo illa hér á landi. Hún virtist vera sú að ráðherrarnir þvældust fyrir uppbyggingu. - bj

Tveir fíkniefnasalar teknir:

Dópsali með barn með sér

LÖGREGLUMÁL Tveir fíkniefnasalar voru handteknir í Reykjavík í fyrrakvöld. Jafnframt lagði lögregla hald á tæplega hálft kíló af marijúana.

Annar mannanna var með barnið sitt með í för þegar þeir voru teknir við að selja fíkniefni. Afskipti lögreglu af þeim áttu sér stað á bílastæði í úthverfi.

Lögreglan minnir á fíkniefnasímann 800-5005. Í hann má hringja nafnlaust til að koma á framfæri upplýsingum um fíkniefnamál. - jss

Hollywood-mynd í bígerð:

Yeoh fundar með Suu Kyi

BÚRMA, AP Kvikmyndaleikkonan Michelle Yeoh hefur síðustu daga átt fundi með baráttukonunni og friðarverðlaunahafanum Aung San Suu Kyi í Búrma. Fundirnir eru vegna undirbúnings bandarískrar kvikmyndar þar sem Yeoh mun fara með hlutverk baráttukonunnar.

MICHELLE YEOH

Á þriðjudag fylgdust Yeoh og Suu Kyi að á flugvelli í Búrma þar sem baráttukonan kvaddi 33 ára gamlan son sinn sem hún hitti í fyrsta sinn í áratug fyrir hálfum mánuði. Suu Kyi var leyst úr haldi 13. nóvember síðastliðinn. - óká

Um fjórðungur afla hvalveiðimanna fluttur til Japans:

Aðeins hluti aflans komst á leiðarenda

HVALVEIÐAR Samkvæmt tölum frá Hagstofunni hafa 3.276 tonn af frystum hvalaafurðum, öðrum en lýsi og mjöli, verið flutt út til Japans fyrstu níu mánuði ársins 2010. Enginn útflutningur var árið 2009, samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Þetta eru samtals 23 prósent af heildarafla hvalveiðimanna hér á landi árin 2009 og 2010 samanlagt.

Samkvæmt innflutningstölum í Japan hafa hins vegar einungis 164 tonnum af hvalkjöti verið komið til Japans frá Íslandi þetta sama tímabil. Hlutfallið af heildarafla er þá orðið aðeins fimm prósent.

Þetta kemur fram á yfirliti frá Náttúruverndarsamtökum Íslands og alþjóðlega dýraverndarsjóðnum IFAW.

Í Fréttablaðinu í gær kom fram að sumarið 2009 hefði sjávarútvegsráðherra, sem þá var reyndar Jón Bjarnason en ekki Einar Guðfinnsson eins og ranglega var fullyrt í fréttinni, látið sér fátt um finnast í viðræðum við bandaríska sendiráðið í Reykjavík þótt enginn markaður myndi reynast fyrir afurðir langreyðar í Japan. - gb

EINAR K. GUÐFINNSSON

JÓN BJARNASON

Í BRUSSEL Elena Salgado, fjármálaráðherra Spánar, ræðir við kollega sína Didier Reynders frá Belgíu, Jyrki Katainen frá Finnlandi og George Osborne frá Bretlandi fyrir fund efnahagsráðs ráðherraráðs ESB í höfuðstöðvum sambandsins í Brussel í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Þrýsta á umbætur hjá evruþjóðum í vanda

Frekari fjármunir verða ekki lagðir í sjóð til aðstoðar evrulöndum í skuldavanda. Fjármálaráðherrar ESB-landa funduðu í höfuðstöðvum ESB í Brussel á mánudag og þriðjudag. Ný álagspróf verða lögð fyrir evrópska banka í febrúar.

BRUSSEL, AP Álagspróf banka í Evrópusambandinu (ESB) hafa ekki verið nógu ströng og stendur til að hefja nýja lotu prófana í febrúar næstkomandi. Þetta er meðal niðurstaðna funda fjármálaráðherra ESB í vikunni. Önnur niðurstaða er að ekki verða lagðir frekari fjármunir í sjóði til aðstoðar evruríkjum í efnahagsvanda.

Þýskaland, með stuðningi Hollands og Austurríkis, neitar að bæta við 750 milljarða evra (um 114 þúsund milljarðar íslenskra króna, eða 114 billjónir) sjóð til að aðstoða evruríki í efnahagskröggum. Þá vilja ríkin ekki heldur styðja útgáfu nýrra sameevrópskra verðbréfa. Löndin segja að nú sé tími til kominn að hrinda í framkvæmd ákvörðunum síðustu mánaða.

„Það er engin skynsemi í að hefja stöðugt nýjar viðræður," sagði Wolfgang Schaeuble, fjármálaráðherra Þýskalands, eftir fundalotu síðustu daga með kollegum sínum. ESB er nú sagt reiða sig á að mjög skuldsett evrulönd, á borð við Spán og Portúgal, hrindi umfangsmiklum aðhaldsaðgerðum í ríkisfjármálum í framkvæmd.

Um leið vinnur sambandið að því að takmarka hættuna á því að óstöðugleiki í fjármálageiranum smiti út frá sér. Hluti af því eru ný álagspróf banka í ESB í febrúar.

Olli Rehn, sem fer með peningamál í framkvæmdastjórn ESB, sagði nýju prófin verða „ítarlegri og yfirgripsmeiri" en álagspróf sem lögð voru á 91 banka í júlí síðastliðnum. Þá muni verða lagt ítarlegt mat á lausafjárstöðu bankanna, sem fyrri útgáfa álagsprófsins hafi ekki gert.

LAGT Á RÁÐIN Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri AGS, og Jean-Claude Trichet, bankastjóri Seðlabanka Evrópu, ræðast við í Brussel. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Rehn upplýsti ekki um hvort niðurstöður prófanna yrðu gerðar opinberar, líkt og gert var í sumar. Sjálfur sagðist hann talsmaður fulls gagnsæis, en viðurkenndi að færð hefðu verið rök fyrir því að halda niðurstöðunum leyndum og gefa bönkunum rými til að vinna úr sínum málum í næði.

Álagsprófanirnar í júlí hafa verið gagnrýndar eftir að í síðasta mánuði varð ljós þörf írskra banka fyrir neyðaraðstoð. Írsku bankarnir stóðust allir júlíprófið, en einungis sjö af 91 banka fengu þá falleinkunn.

Ekki hefur því tekist að eyða áhyggjum fjárfesta af heilsufari evrópskra fjármálastofnana og mögulegum áhrifum þess á skuldbindingar ríkisstjórna þeirra. Mestar áhyggjur hafa þeir af Portúgal og Spáni sem margir virðast telja veikustu hlekkina í myntsamstarfi evruþjóðanna.

olikr@frettabladid.is

Samtök fjárfesta boða til
Morgunverðarfundar á Radison Blu
Hótel Sögu föstud. 10. des. kl. 8

Fjáreignaskattur
og auðlegðarskattur
ofurskattlagning
eða **eignanám**

Vilhálmur Bjarnason *viðskiptafræðingur og framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta*

Skattlagning eigna
og eignatekna

Vala Valtýsdóttir *héraðsdómslögmaður, yfirmaður skatta- og lögfræðisviðs hjá Deloitte*

RADISSON BLU HÓTEL SAGA (*Harvard II*)
Föstud. 10. des. kl. 8-10
Fundarstjóri: ***Bolli Héðinsson***

Allir velkomnir!

Samtök fjárfesta hluthafar.is

Tilboðin standa aðeins yfir frá föstudegi til sunnudags 10. - 12. desember

ToysRUs

Special offers

154522
CLONE SKRIÐDREKI (8098)
9-14 ára.
Venjulegt verð 24.999

17.999
SPARIÐ 7.000

playmobil

112414
SMÁHESTABÆR (4190)
Með hestum, persónum og fullt af fylgihlutum.
Venjulegt verð 15.999

8.999
SPARIÐ 7.000

181355
PROJECT:66 GOLD
Fjarstýrður. Umbreytir og skýtur flugskeytum, 6 km/t, 7 aðgerðir, 27 MHz, 35 cm. Þarf 6 C rafhlöður og 1 D rafhlöðu.
Venjulegt verð 8.999

5.999
SPARIÐ 3.000

093272
ANIMAGIC HONEY SMÁHESTUR
Raunsæisleg hljóð og hreyfingar. Hann tyggur, vaggar höfðinu, hreyfir eyrun og blikkar líka augunum. Þarf 4 B rafhlöður. 39 x 27 cm

5.999
SPARIÐ 5.000

089685/86
BABY BORN TÖFRAMÖTUN
Raunsæislegar aðgerðir. Barnið getur drukkið, vætt bleyjuna og grátið raunverulegum tárum. Mataðu dúkkuna með ísnum sem fylgir með og sjáðu hana verða útataða í framan. Þurrkaðu hana með hálsklútinum og hann mun breyta um lit. 43 cm. Veljið milli margra gerða. Venjulegt verð 7.999

4.999
SPARIÐ 3.000

011457
HLJÓMBORÐ ROKKSTJÖRNU
Með plötusnúðs-skankdiski, hljóðnema, blikkandi ljósum og stól. Þarf 4 C rafhlöður.
Venjulegt verð 8.499

SJÁÐU OKKAR FRÁBÆRU TILBOÐ Á NÝJU VEFSÍÐUNNI OKKAR. WWW.TOYSRUS.IS

BULL-VERÐ
3.999
SPARIÐ 4.500

146539
FASHION GIRL FÖRÐUNARTASKA
Með ljósum og spegli. Er með raunverulegu förðunardóti og fullt af fylgihlutum. Þarf 4 C rafhlöður.
Venjulegt verð 5.999

3.999
SPARIÐ 2.000

Tilboðin gilda til og með 10. - 12.12.2010. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.

TF-Gná, þyrla Landhelgisgæslunnar, í hafíseftirliti fyrir Vestfjörðum:

Allt að 110 metra háir ísjakar

NÁTTÚRA Hafís gæti ógnað siglingaleiðum norðvestur af landinu. Ísröndin kemur næst landi 21,7 sjómílur norður af Horni, 25,3 sjómílur frá Straumnesi og 43,6 sjómílur frá Barða. Nokkuð virðist hafa myndast af nýjum ís þar sem jakarnir koma næst landi og vekur það nokkra athygli veðurfræðinga.

Þyrla Landhelgisgæslunnar, TF-Gná, flaug á þriðjudag gæslu- og hafíseftirlit fyrir Vestfirði og kom að ísrönd milli Íslands og Grænlands. Er hafísinn samfrosinn með stórum íshellum sem geta verið hættulegar skipum.

Sáust fimm stórir borgarísjakar úti fyrir Barða, frá 30 til 110 metra á hæð. Landhelgisgæslan telur að ekki stafi mikil hætta af borgarísjökunum þar sem þeir voru vel innan við ísröndina og sáust vel á ratsjá. Þeir séu þó nokkuð sprungnir og brotnað gæti úr þeim. Því fylgir öllu meiri hætta.

Veðurstofa spáir suðvestanátt fram yfir helgi og er því ekki gert ráð fyrir að ísinn færist nær landi á þeim tíma. **- bþh**

BORGARÍSJAKI Jakarnir eru sprungnir og nokkur hætta er á að brotni úr þeim. MYND/LANDHELGISGÆSLAN

Ríkið tekur æ stærri skerf af bensínverði

Álögur ríkisins á hvern lítra bensíns hafa stóraukist síðustu tvö ár og renna nú um 104 krónur í ríkissjóð af hverjum seldum bensínlítra. Fjárlagafrumvarpið sem nú liggur fyrir Alþingi felur í sér enn frekari hækkanir á bensíngjöldum.

FRÉTTASKÝRING

Hver er hlutur ríkisins af hverjum seldum bensínlítra?

Þegar litið er aftur til desember 2008 á meðfylgjandi skýringarmynd má sjá að ríkið tók til sín 70 krónur af hverjum seldum lítra, og hefur því aukið sinn hlut um 34 krónur á lítrann, sem er nær 50 prósenta aukning.

Ef litið er til viðmiða Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), sem gera ráð fyrir að fjölskyldubíll eyði um 2.000 lítrum af bensíni, sést að þar er um að ræða aukna skattheimtu um 68.000 á hvern bíl á ári.

Frá hruni hafa bensíngjöld verið hækkuð fjórum sinnum. Fyrsta hækkunin varð í desember 2008 þegar vörugjöld voru hækkuð um rúmar fimm krónur á lítrann, en þeim var fylgt eftir með ríflegri hækkun vorið eftir þegar almennt bensíngjald hækkaði um 10 krónur á lítrann.

Í byrjun þessa árs voru svo almenn gjöld hækkuð á ný auk þess sem lagt var á kolefnisgjald, sem er 2,6 krónur á hvern lítra.

Þessar miklu skattahækkanir koma samhliða gríðarlegri hækkun á heimsmarkaðsverði bensíns og samanlögð áhrif af þessum tveimur þáttum eru undirliggjandi í þeim miklu hækkunum á útsöluverði undanfarna mánuði.

Enn er svo frekari skattahækkana að vænta um næstu áramót þar sem fjárlagafrumvarpið gerir ráð fyrir 4 prósenta hækkun á bensíngjöldum og jafnframt verður kolefnisgjaldið hækkað upp í 3,9 krónur á lítrann. Það eru fjórar krónur á hvern lítra að minnsta kosti og telja má nær öruggt að þær hækkanir munu skila sér í hærra útsöluverði.

Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri FÍB, segir í samtali við Fréttablaðið að um alvarlegt mál sé að ræða.

„Þetta er nokkurs konar aðför að ákveðnum lífsgildum þar sem bíllinn gefur fólki fjölbreyttari möguleika á búsetu og atvinnu og er auk þess mikilvægt öryggistæki.“

Runólfur segir FÍB einnig hafa bent á að hækkanir sem þessar geti í raun haft neikvæð áhrif á hagkerfið þar sem hærra bensínverð hefur í för með sér samdrátt í ferðalögum, og þar af leiðandi minni tekjur af ferðamönnsku.

thorgils@frettabladid.is

Hlutur ríkisins af hverjum bensínlítra



*Miðað er við gildandi lög um skatta og álögur á hverjum tíma, en í síðasta tilfellinu er gert ráð fyrir að hugmyndir í fjárlagafrumvarpi nái fram að ganga og bensínverð haldist nokkuð stöðugt fram yfir áramót.

Þrenns konar bensínskattar

Ríkið innheimtir í raun þrenns konar gjöld af hverjum bensínlítra.

Bensíngjöld eru tvenns konar. Annars vegar eru það almenn bensíngjöld, sem renna í ríkissjóð, og hins vegar sérstök bensíngjöld sem ganga að langmestu leyti til vegaframkvæmda.

Virðisaukaskattur er innheimtur bæði af bensíngjöldum og kostnaðarverði, sem er innkaupsverð og álagning olíufyrirtækjanna.

Kolefnisgjald var fyrst lagt á eldsneyti í upphafi árs. Það er ákvarðað með hliðsjón af verði losunarheimilda á uppboðsmarkaði ESB og er 2,60 krónur á hvern bensínlítra hér á landi.

Atkvæðaseðlar 13.770 kjósenda höfðu engin áhrif á kjörið til stjórnlagaþings:

Sjötta hvert atkvæði féll dautt

STJÓRNLAGAÞING Sjötta hvert atkvæði sem greitt var í kosningunum til stjórnlagaþings féll dautt og nýttist ekki neinum þeirra sem að lokum náði kjöri.

Alls voru 82.335 gild atkvæði greidd. Tæp 83,3 prósent þeirra atkvæða nýttust einhverjum þeirra sem komst á þingið, en um 16,7 ekki neinum. Af þeim eru nær öll heil atkvæði, sem þýðir að val 13.770 kjósenda hafði engin áhrif á niðurstöðuna. Þátttaka þeirra hafði þó áhrif á útreiknað lágmarksmagn atkvæða sem frambjóðendur þurftu til að ná kjöri.

Úr þessum upplýsingum má lesa að nöfn þeirra fjórtán stjórnlagaþingmanna sem komust síðastir inn, með minna en lágmarksmagn atkvæða, hafi hvergi verið að finna á neinum þessara 13.770 seðla.

Kosningakerfið var ekki síst valið með tilliti til þess að atkvæði kjósenda nýttust betur en í öðrum kosningakerfum.

Tæpur þriðjungur kjósenda , eða 29,4 prósent, nýtti möguleika sína til fulls og raðaði 25 frambjóðendum á kjörseðil sinn. Einungis 3,4 prósent létu nægja að velja einn. Meðalfjöldi frambjóðenda á kjörseðlum var 14,8. **- sh**

Á KJÖRSTAÐ Einn af hverjum sex sem mættu á kjörstað hafði lítil sem engin áhrif á niðurstöðuna. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Það er kaffitími núna

Fangaðu kaffitímann með BKI kaffi

Taktu þér kaffitíma núna

Angan af kaffi kemur bragðlaukunum af stað og ilmurinn segir til um ríkt bragðið af BKI kaffi. Helltu upp á gott BKI k...

Kaffitími er alþjóðlegt fyrirbæri sem fólk í hverskonar verslun, þjónustu og iðnaði nýtir sér til að taka stutta hvíld frá störfum og hlaða rafhlöðurnar. Talið er að allt frá 1951 hafi kaffitími verið skráður í kjarasamninga. Kaffitíminn er í dag nánast heilög stund, líka utan vinnutíma.

Kauptu gott kaffi á góðu verði í dag

... Nýttu ... þér smá hvíld. Fáðu þér BKI kaffi. Njóttu kaffiilmsins, hitans og bragðsins og taktu svo daginn með trompi.

Það er kominn tími fyrir BKI kaffi.

BKI Classic
Sérvaldar baunir frá þekktustu kaffisvæðum heimsins tryggja hið mjúka bragð, lokkandi ilminn og ferskt eftirbragðið.

BKI Extra
Snöggristað við háan hita. Þannig næst fram ríkara kaffibragð við fyrsta sopa en léttur og mjúkur keimur fylgir á eftir.

Kauptu BKI fyrir kaffitímann
Kíktu á bki.is

Smáralind

LEITIN AÐ JÓLAANDANUM

Upplifðu jólaævintýrið **Leitin að jólaandanum** sem sýnt verður í Vetrargarðinum í Smáralind í desember.

Meðal frábærra leikara eru **Örn Árnason**, **Edda Björgvinsdóttir**, **Selma Björnsdóttir**, **tveir jólasveinar** og **Lápur og Skrápur** sem leiða gesti inn í töfraveröld undir lifandi tónlistarflutningi.

Sýningartímar

11. desember, kl. 14
12. desember, kl. 14
18. desember, kl. 14
19. desember, kl. 14
21.-23. desember, kl. 17

Sjáumst – Smáralind

FRÍTT FYRIR ALLA!

Opið til 22 til jóla

GJAFAKORT

GJAFAKORT SMÁRALINDAR

Hægt er að kaupa gjafakort á **smaralind.is** og á þjónustuborðinu okkar á 2. hæð.

ENNEMM / SÍA / NM44690

ENNEMM / SÍA / NM44593

FRÉTTASKÝRING: Hvaða ályktanir má draga af nýjum uppgötvunum á sviði geimrannsókna?

Líf á öðrum hnöttum þykir sífellt líklegra

Nýverið hefur verið upplýst að lífvænlegar plánetur eru mun fleiri en áður var talið. Þá hefur verið sýnt fram að að líf finnst í umhverfi sem talið var baneitrað. Vísindamenn telja því öll rök hníga í þá átt að líklegra sé að jörðin sé ekki eina plánetan þar sem líf hafi orðið til.

Nokkrar nýjar uppgötvanir sem nýverið hefur verið greint frá renna stoðum undir þá skoðun að jörðin sé ekki eina plánetan í óravíddum geimsins þar sem líf hafi kviknað — að við séum ekki ein, svo gripið sé til orðaleppa úr sjónvarpsþáttum á borð við X-files og V.

Í nýrri umfjöllun fréttastofunnar AP kemur fram að vísindamenn hafi fyrir nokkrum dögum upplýst að stjörnur séu þrisvar sinnum fleiri en þeir hafi áður talið. Annar hópur vísindamanna hafi uppgötvað að örverur geti lifað á arseniki og þar með aukið skilning fólks á því að líf kunni að þrífast við ólífvænlegustu aðstæður. Og svo var það fyrr á þessu ári að stjörnufræðingar upplýstu í fyrsta sinn um fund plánetu sem gæti fóstrað líf líkt og jörðin.

„Vísbendingarnar hrannast upp," segir Carl Pilcher, forstjóri Geimlífeðlisfræðistofnunar Bandarísku geimvísindastofnunarinnar (NASA Astrobiology Institute) sem rannsakar uppruna, þróun og möguleika lífs í alheiminum. „Ég held að hver sem horfir á þessar niðurstöður hljóti að komast að þeirri niðurstöðu að líf sé víðar að finna í geimnum."



ENCELADUS Þessi mynd NASA af Enceladusi, einu tungla Satúrnusar, var tekin þegar geimfarið Casini átti leið hjá 11. ágúst 2008. Grænleit svæði eru sögð sýna grófkorna ís og íshnullunga. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Líkast til er þó rétt að slá þann varnagla að vegna þess hve nýjar þessar rannsóknir og niðurstöður þeirra eru tekst fræðiheimurinn ennþá á um það hversu miklar ályktanir megi af þeim draga.

Þá vara vísindamenn við of miklum væntingum vegna þess að leitin að lífi á öðrum hnöttum eigi sér stað á frumstigi, líklegra sé að uppgötvanir framtíðar snúist um slím, fremur en að E.T. komi í ljós. Síðan verði af áhuga fylgst með þróun slímsins.

Vísindamenn hafa búið sér til jöfnu til að reikna út líkindin á því að þróað líf sé að finna á annarri plánetu. Stórir þættir jöfnunnar byggja hins vegar á ágiskunum sem ekki eru beint á sviði geimvísindanna. Þar á meðal er hverjar líkurnar séu á því að vitsmunalíf hafi náð að þróast og hver sé líftími menningar. En sé málið einfaldað og kröfur um vitsmuni og menningu fjarlægðar úr jöfnunni byggja útreikningarnir á tveimur meginþáttum: Hversu víða er að finna staði úti í geiminum þar sem líf getur þrifist? Og hversu miklum vandkvæðum er það bundið fyrir líf að kvikna?

Uppgötvanir síðustu viku hafa bæði aukið mögulega kviknunarstaði lífs og útvíkkað skilgreiningu vísindamanna á lífi. Líf í geimnum er því sagt líklegra en nokkru sinni.

Óli Kristján Ármannsson
olikr@frettabladid.is

Leitin að „ofurjörðum" utan sólkerfisins

Geimkíkirinn Kepler – sem skotið var á loft í fyrra til að leita að plánetum líkum jörðinni utan sólkerfis okkar – hefur fundið yfir 700 vænlega kandídata. Þó svo að flestar „ofur-jarðir" sem fundist hafa til þess séu risar sem líkari eru Júpíter, getur verið að sumar séu ekki ýkja ólíkar jörðinni.



Nú er rétti tíminn til að kaupa sér notaðan bílaleigubíl

Opel Corsa
300.000 KR. AFSLÁTTUR
Nokkrir bílaleigubílar, árg. 2008, eknir frá 80–98 þús. km á frábæru tilboðsverði!
Tilboðsverð:
990.000 kr.
Afborgun aðeins:
14.903 kr. á mán.*
*Miðað við bílasamning hjá Íslandsbanka til 60 mánaða með breytilegum vöxtum og 30% innborgun. Árleg hlutfallstala kostnaðar er 10,95% Ásett verð er 1.290.000 kr.
Staðalbúnaður: Fjarstýrðar samlæsingar, rafmagn í rúðum að framan, hiti í sætum, aðgerðarstýri, útvarp/CD, ABS hemlalæsivörn og ESP stöðugleikastýring. **Aukabúnaður á mynd:** Álfelgur og þokuljós.

Fíton/SÍA

TAKMARKAÐUR FJÖLDI BÍLA Á ÞESSU TILBOÐSVERÐI

Notaðir bílar · Klettháls og Laugavegi 174 · Umboðsmenn um land allt · www.hekla.is · Sími: 590-5040 · Opið virka daga 10–18.

HEKLA NOTAÐIR BÍLAR

Í dag
fimmtudaginn 9. desember

Opið til kl. 22:00

TAX FREE
afsláttur

Af öllum jólatrjám og öllum jólaseríum

Afslátturinn nemur virðisaukaskatti af vörunum. Að sjálfsögðu greiða Garðheimar alla skatta og skyldur til yfirvalda.

GARÐHEIMAR

- fjölskyldufyrirtæki í 19 ár!

Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

markhonnun.is

netto

gleðjumst saman um jólin

STELPUROKK
Bryndís Jóna Magnúsdóttir
2.394kr

Meiriháttar tilboð á bókum!

ÉG MAN ÞIG
Yrsa Sigurðardóttir
3.946kr

STELPUR
Kristín og Þóra Tómasdætur
3.244kr

GUÐRÚN ÖGMUNDSDÓTTIR
Halla Gunnarsdóttir
4.219kr

ÁRNI MATT
Þórhallur Jósepsson
3.959kr

MAÐURINN SEM VAR EKKI...
Hjorth Rosenfeldt
3.408kr

SVÍVIRÐA
Lotte & Sören
3.578kr

AÞENA
Margrét Örólfsdóttir
2.388kr

SNJÓBLINDA
Ragnar Jónasson
3.699kr

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**
Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

HÖFUNDUR ÁRITAR BÓKINA Í NETTÓ MJÓDD Á MORGUN
FÖSTUDAG FRÁ KL.15:00-18:00

Hvað er það sem skiptir raunverulega máli?
Í þessari tímamótabók sem kemur út samtímis á mörgum tungumálum er spurningunni svarað um hvernig við getum haldið stöðugri stefnu á þessum óróleikatímum sem við nú lifum.

GJAFAKORT NETTÓ
GÓÐ GJÖF FYRIR ALLA

ÞAÐ SEM MÁLI SKIPTIR
Pétur Guðjónsson
1.794kr

DAGBÓK KIDDA KLAUFA
Róbbi rokkar
2.514kr

GÆSAHÚÐ
Helgi Jónsson
1.333kr

NÝJA DRAUMARÁÐNINGABÓKIN
Símon Jón Jóhannsson
4.219kr

HRINGNUM LOKAÐ
Michael Ridpath
3.699kr

FYRIRGEFNING
Lilja Sigurðardóttir
3.408kr

ENN MEIRI HAMINGJA
Dr. Tal Ben-Shahar
1.973kr

Í RÍKI ÓTTANS
Magnús Bjarnfreðsson
2.957kr

ÞAÐ REDDAST
Inga Rósa Þórðardóttir
3.767kr

Birt með fyrirvara um prentvillur

GILDIR **9. – 12.** DESEMBER

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Gleðileg jól

GEFÐU GÓÐAR STUNDIR

Gjafakort Þjóðleikhússins á hátíðartilboði

GJAFAKORT
Gildir á sýningu að eigin vali og rennur aldrei út.

Fjöldi glæsilegra sýninga í boði!
Hátíðartilboð 3.500 kr.

BALLIÐ Á BESSASTÖÐUM
Nýtt og sprellfjörugt barnaleikrit eftir Gerði Kristnýju.

Frábær jólagjöf fyrir alla krakka!
Hátíðartilboð 2.800 kr.

Miðasala Hverfisgötu | 551 1200 | leikhusid.is

Obama hvetur demókrata til að skoða betur samkomulag hans við repúblikana:

Segist ekki hafa svikið neitt

BANDARÍKIN, AP Barack Obama hvetur þingmenn demókrata til að samþykkja breytt frumvarp um skattalækkanir, sem taka á gildi um áramótin.

Hann segir rangt að demókratar hafi verið sviknir með samkomulaginu sem hann gerði við repúblikana. Því betur sem demókratar skoða hvað felst í frumvarpinu, segir Obama, því meiri hljóti stuðningur þeirra við það að verða.

Hann segir nýja frumvarpið hafa það í för með sér að efnahagur Bandaríkjanna taki kipp og atvinnuleysi minnki. Með frumvarpinu verður framlengdur sá skattaafsláttur sem lágtekjufólk hefur átt kost á í Bandaríkjunum. Lögin um þennan skattafslátt renna út um áramótin, og repúblikanar hótuðu því að samþykkja ekki frumvarpið nema skattaafsláttur-inn yrði látinn ná til hátekjufólks en ekki bara lágtekjufólks, eins og verið hefur.

Obama gekk að þessum kröfum repúblikana, en nú eru það demókratar sem hóta því að samþykkja ekki frumvarpið. **- gb**

BARACK OBAMA Demókratar hafa gagnrýnt samkomulag hans við repúblikana um að skattaafsláttur nái ekki bara til láglaunafólks. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Boðskapurinn löngu orðinn almannaeign

John Lennon var skotinn til bana fyrir utan Dakota-bygginguna í New York fyrir réttum 30 árum og hefði orðið sjötugur í ár. Ingólfur Margeirsson segir Lennon hafa verið boðbera friðar í heiminum og haft mikil áhrif á nútímann.

FÓLK Þrjátíu ár voru í gær liðin síðan John Lennon var, síðla kvölds, myrtur fyrir utan heimili sitt í New York. John Lennon lifir þó enn meðal aðdáenda sem einn áhrifamesti listamaður allra tíma.

Ásamt félaga sínum Paul McCartney stofnaði hann í Liverpool Bítlana, sem urðu ein vinsælasta hljómsveit allra tíma. Tónlist hans hefur haft mikil áhrif á nútímann, ekki aðeins í tónlist heldur á menningarheim fólks líka.

John Lennon hóf sólóferil sinn eftir að hann kynntist Yoko Ono og hætti í Bítlunum. Þá segir Ingólfur Margeirsson Bítlasérfræðingur að öll hans viðhorf hafi breyst. „Lennon verður sjálfhverfari. Hann var mesti listamaðurinn í Bítlunum og sú hlið hans blómstraði með Yoko. Hann bar út friðarboðskap og leiddi ákveðna friðarhreyfingu í tónlist.“

„Lennon uppskar mikið með friðarboðskap sínum. Hann er að mínu mati einn mesti friðarpostuli sem nokkurn tíma hefur verið uppi. Hann sagði í viðtali að Bítlarnir væru stærri en Jesús og meinti þá að þeir hefðu meiri áhrif en hann. Ég er viss um að það sé rétt.“

Ingólfur bendir á að boðskapur Lennons sé talinn sjálfsagður í dag: Baráttan gegn stríði, náttúruspjöllum og kynþáttahatri. „Það merkilegasta sem hann skildi eftir sig var þessi huglæga bylting.“

Dauði hans árið 1980 var heiminum mikið áfall. John Lennon hafði gefið Mark David Chapman eiginhandaráritun fyrr um kvöldið 8. desember. Chapman skaut hann svo fjórum sinnum í bakið. Hann situr enn í fangelsi fyrir verknaðinn.

„Lennon hefur fylgt mér í gegnum allt mitt líf og mun fylgja mér alla leið í gröfina,“ segir Ingólfur að lokum. **birgirh@frettabladid.is**



■ **9. okt. 1940:** John Winston Lennon fæðist í Liverpool á Englandi. Hann er einkabarn Juliu og Alfred Lennon.

■ **1957:** Lennon stofnar rokkhljómsveitina The Quarrymen ásamt Paul McCartney. George Harrison bætist síðar í hópinn..

■ **1960-62:** Nafninu er breytt í The Beatles. Þeir leika á yfir 280 hljómleikum í Hamborg.

■ **1962:** Bítlarnir – nú með Ringo Starr á trommum – gefa út fyrstu plötu sína, Love Me Do. Lennon kvænist Cynthiu Powell. Julian sonur þeirra fæðist í apríl 1963.

■ **1964:** Ofboðsleg velgengni Bítlanna í Bandaríkjunum leiðir til tveggja ára tónleikaferðalags og heimsfrægðar.

■ **1965:** Bítlarnir hljóta MBE-orðuna úr hendi Elísabetar II Bretadrottningar.

■ **1966:** Lennon segir Bítlana vera vinsælli en Jesús, sem hefur í för með sér minni vinsældir.

■ **1967:** Sgt. Pepper's Lonely Hearts Club Band gefin út.

■ **1968:** John og Cynthia skilja.

■ **1969:** Lennon kvænist Yoko Ono. Give Peace a Chance er tekið upp. Lennon skilar MBE-orðunni til að mótmæla Víetnamstríðinu.

■ **1970:** Bítlarnir hætta. Lennon gefur út fyrstu sólóplötu sína, John Lennon/Plastic Ono Band.

■ **1971:** Lennon og Ono flytja til New York. Imagine er gefin út.

■ **1972:** FBI hefur rannsókn vegna áætlana um að senda Lennon úr landi vegna tengsla hann við stríðsmótmælahópa. Lennon og Ono gefa út Some Time in New York City – pólitíska plötu með lögum um kvenréttindi og kynþáttafordóma.

■ **1973:** Lennon og Ono skilja í 18 mánuði.

■ **1974:** Lennon gefur út plötuna Walls and Bridges sem inniheldur slagarann Whatever Gets You Thru the Night. Lennon heldur sína síðustu tónleika í Madison Square Garden. Elton John kemur fram á tónleikunum.

■ **1975:** Bandarísk yfirvöld hætta við áform um að vísa Lennon úr landi. Sonurinn Sean kemur í heiminn. Lennon tekur sér frí frá tónlist.

■ **1980:** Double Fantasy er gefin út.

■ **8. des. 1980:** John Lennon er myrtur af sturluðum aðdáanda, Mark David Chapman, fyrir utan heimili sitt á Manhattan í New York.

MYNDIR: ASSOCIATED PRESS, GETTY IMAGES © GRAPHIC NEWS

Friðarverðlaun Nóbels verða afhent í Ósló á morgun:

Nítján lönd hunsa athöfnina

NOREGUR, AP Nítján lönd, að Kína meðtöldu, ætla ekki að senda fulltrúa við afhendingu friðarverðlauna Nóbels til kínverska mótmælandans Liu Xiaobo, að því er fram kemur í tilkynningu norsku Nóbelsnefndarinnar. Afhendingin fer fram á morgun, föstudag.

Meðal landa sem afþakkað hafa boð um að vera við athöfnina eru Rússland, Pakistan, Serbía, Íran, Venesúela og Kúba. Nóbelsnefndin segir 44 lönd hafa þekkst boðið.

Stjórnvöld í Kína reiddust mjög þegar friðarverðlaun Nóbels voru veitt Liu Xiaobo, en hann afplánar ellefu ára fangelsisdóm í Kína fyrir undirróðursstarfsemi, eftir að hafa með fleirum ritað ákall um umbætur á stjórnmálakerfi landsins.

Jiang Yu, talskona kínverska utanríkisráðuneytisins, sagði blaðamönnum í gær að norska Nóbelsnefndin væri að setja á svið and-kínverskan farsa. „Við breytum ekki okkar háttum þrátt fyrir truflun frá einhverjum trúðum og hverfum ekki af okkar braut,“ sagði hún.

MÓTMÆLI Í HONG KONG Mótmælaborði með mynd af Liu Xiaobo, handhafa friðarverðlauna Nóbels í ár. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ættingjar Liu hafa ekki fengið leyfi stjórnvalda í Kína til að yfirgefa landið til að veita friðarverðlaununum viðtöku fyrir hans hönd. **- óká**

Við sendum pakkann frítt!

Við aðstoðum við valið, pökkum inn og sendum pakkann þér að kostnaðarlausu innanlands!

4.540,-

Guðrún Ögmundsdóttir
Ævisaga

3.980,-

Morgunengill
Árni Þórarinsson

4.890,-

Poppkorn
Gullfalleg ljósmyndabók

2.995,-

Eldað með Jóa Fel
Meistarinn klikkar ekki!

4.540,-

Árni Matt
Frá bankahruni til byltingar!

3.700,-

Myrkvun
Stephenie Meyer

4.190,-

Heimanfylga
Steinunn Jóhannesdóttir

2.090,-

Arngrímur apaskott
og hrafninn

3.980,-

Ég man þig!
Yrsa Sigurðardóttir

3.840,-

Dávaldurinn
Lars Kepler

3.490,-

Ég sé ekkert svona...
Óskar Magnússon

9.090,-

Andlit
Jónatan Grétarsson

Verð gilda til og með 14.12.10

Eymundsson.is

Eymundsson
Bóksali frá 1872



Í PEKING Gufu leggur úr hitastokki í Peking. Þátttakendur á umhverfisráðstefnu í Mexíkó segja bjartara yfir viðræðum eftir að Kínverjar gáfu í skyn aukinn sveigjanleika í nokkrum málum sem ekki hafa áður fengist rædd og varða alþjóðasamvinnu. NORDICPHOTOS/AFP

Bæjarstjórn Árborgar ráðgerir að leggja niður kennslu í húsnæði Sandvíkurskóla á Selfossi:

Yngstu börnin færð og félagsmiðstöðin líka

SKÓLAMÁL Uppi eru ráðagerðir í Árborg um að leggja niður skólahald í elsta starfandi grunnskólahúsnæði Selfoss og leigja húsið út.

Vallaskóli á Selfossi hefur síðustu ár verið starfræktur í tveimur aðskildum skólum, Sandvíkurskóla þar sem eru nemendur frá fyrsta og upp í fjórða bekk, og Sólvallaskóla fyrir nemendur frá fimmta og upp í tíunda bekk.

Samkvæmt áætlunum sem kynntar hafa verið nemendum, foreldrum og kennurum stendur til að yngstu deildirnar fjórar færist í húsnæði Sólvallaskóla. Einnig verði endurnýjað húsnæði við Sólvallaskóla þar sem félagsmiðstöðin Zelsíus er til húsa þannig að henti til kennslu yngstu bekkjardeildanna. Félagsmiðstöðin færist svo í annað húsnæði í eigu bæjarins.

Með breytingunum er áætlað að nokkur sparnaður náist fram. Ásta Stefánsdóttir, framkvæmdastjóri Árborgar, segir að þótt skólanefnd eigi enn eftir að taka ákvörðun um flutninginn sé í nýsamþykktri fjárfestingaráætlun bæjarins gert ráð fyrir kostnaði við að breyta húsnæði félagsmiðstöðvarinnar í kennsluhúsnæði.

Þegar Ásta og Guðbjartur Ólason, skólastjóri Vallaskóla, fóru nýverið yfir fyrirhugaðar breytingar með bekkjartenglum í hópi foreldra skólabarna í Vallaskóla kom fram í máli Guðbjarts að breyting á húsnæðismálum skólans hefði verið fyrirhuguð í nokkur ár. Nemendum í skólanum hefur fækkað með tilkomu Sunnlækjarskóla, annars grunnskóla í bænum, fyrir nokkrum árum. Nú sé hins vegar komið jafnvægi á fjölda nemenda og aldursskiptingu í samspili við hinn skólann og tímabært að huga að húsnæðismálunum. **- óká**

SANDVÍKURSKÓLI Á Selfossi hafa verið kynntar hugmyndir um að sameina undir eitt þak rekstur Vallaskóla, sem nú er rekinn í Sandvíkur- og Sólvallaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

HEILSUGÆSLAN Þingmenn leita leiða út úr þeim vanda sem viðvarandi fækkun heimilislækna skapar í heilsugæslunni um land allt. Ekki tekst að manna þær námsstöður í faginu sem eru í boði fyrir íslenska lækna.

Hugmyndir um nýja heilbrigðisstétt

Heimilislæknum fækkar og ekki tekst að manna allar námsstöður í greininni. Þingmenn ræða möguleika á að auka réttindi hjúkrunarfræðinga til að greina sjúkdóma og gefa út lyfseðla.

ALÞINGI Starfandi heimilislæknum fer fækkandi, meðalaldur starfandi heimilislækna er að hækka og ekki tekst að fylla allar þær námsstöður í heimilislækningum sem standa til boða hér á landi. Skortur á heimilislæknum er sá flöskuháls sem helst tefur uppbyggingu heilsugæslunnar hér á landi.

Þingmenn veltu fyrr í vikunni upp þeim möguleikum að mennta nýja stétt aðstoðarmanna lækna eða auka réttindi hjúkrunarfræðinga til að greina sjúkdóma eða ávísa lyfjum í því skyni að tryggja að heilsugæslan geti veitt sem mesta þjónustu um land allt.

Þingmenn allra flokka virtust sammála um mikilvægi þess að sem flestir sjúklingar leituðu til heilsugæslunnar með vandamál sín áður en sótt væri í dýrari þjónustu hjá sérfræðilæknum eða sjúkrahúsum.

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokks, sagði að í Bretlandi og Bandaríkjunum hefðu hjúkrunarfræðingar meiri réttindi en hér á landi til að greina einfalda sjúkdóma og gefa út lyfseðla. Einnig væru þar starfandi sérmenntaðir aðstoðarmenn lækna, sem önnuðust einfalda skoðun og öfluðu upplýsinga frá sjúklingum. Kanna þyrfti ítarlega hvort menntun í þessi störf ætti heima í langtímastefnumörkun fyrir heilsugæsluna á Íslandi.

EYGLÓ HARÐARDÓTTIR

ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON

ÞÓRUNN SVEINBJARNARDÓTTIR

Ólafur Þór Gunnarsson, varaþingmaður VG og starfandi læknir, sagði að vandinn við það að byggja upp heilsugæsluna hér á landi væri meðal annars fólginn í því að tíu til fjórtán ár tæki að mennta einn heimilislækni. Kanna þyrfti hvað það væri í starfsumhverfi heimilislækna sem ylli því að þær námsstöður sem byðust fylltust ekki.

Ólafur Þór og Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingar, lögðu áherslu á mikilvægi langtímastefnumótunar í málum heilsugæslunnar.

Ólafur Þór sagði að hér á landi væru til hjúkrunarfræðingar með sérmenntun sem veittu leyfi til að greina sjúkdóma og gefa út lyfseðla víða erlendis. Skoða mætti möguleika á að nýta krafta þeirra betur. **peturg@frettabladid.is**

TOPTUL®
THE TRADE OF PROFESSIONAL TOOLS

SINDRI

TILBOÐ
34.900 m/vsk
Fullt verð 49.900

IBTTCAD0101
BORÐ MEÐ SKÚFFU Á HJÓLUM
Lipurt og sterkt borð

TILBOÐ
9.900 m/vsk
Fullt verð 21.900

IBTGCAI2802
½" TOPPLYKLASETT, 28 STK.
Sterk plasttaska | Stærðir 8 - 32mm

TILBOÐ
24.900 m/vsk
Fullt verð 44.900

IBTGCAI130B
TOPP-, BITA- OG FASTLYKLASETT, 130 STK.
1/4", 3/8", 1/2" | Stærðir 4 - 32mm | 5/32" - 7/8"
Fastir lyklar 8 - 22mm | Millimetra og tommutoppar | E-toppar og margt fl.

TILBOÐ
16.900 m/vsk
Fullt verð 27.900

IBTGCAI9402
1/4" OG 1/2" TOPPLYKLASETT, 94 STK.
Sterk plasttaska | Stærðir 4 - 32mm

TILBOÐ
169.900 m/vsk
Fullt verð 239.900

IBTGCAJ0001
VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM, 227 STK.
1/4" topplyklasett
1/2" topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og járnsög.
Djúpir toppar, tangir, skrúfjárn o.fl

PIPAR\TBWA • SÍA • 102358

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Danskar grísalundir

Þýskar kalkúnabringur

KAUPFÉLAG SKAGFIRÐINGA
FROSIÐ LAMBAFILLET

BÚRFELLS HAMBORGARHRYGGUR

NORÐANFISKUR *Íslenskur lax* REYKTUR OG GRAFINN 1998 KR.KG

FERSKUR KJÚKLINGUR BRINGUR OG BITAR

KJÖRFUGL FERSKAR **KJÚKLINGABRINGUR**

HOLTA FERSKIR BLANDAÐIR **KJÚKLINGABITAR**
20% AFSLÁTTUR - MERKT VERÐ 598 KR.KG

NAUTA Veisla

EUROSHOPPER NÚÐLUR
85g TVÆR TEG.

KS FROSNAR SVIÐALAPPIR

TE OG KAFFI JÓLAKAFFI
400g **BAUNIR & MALAÐ**

EUROSHOPPER KAFFIPÚÐAR
36 STK- **REGULAR & DARK**
8.5 KR. BOLLINN !

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

Gillette®

Gillette Fusion Power rakvél
200 kr. verðlækkun
Nú 1798 kr.

Gillette fusion rakblöð
4 stk **200 kr. lækkun**
Nú 1598 kr.

Gillette fusion power rakblöð
4 stk **200 kr. verðlækkun**
Nú 1798 kr.

Gillette Fusion rakgel
200 ml **100 kr. verðlækkun**
Nú 598 kr.

Gillette MACH3 rakblöð
4 stk **300 kr. verðlækkun**
Nú 998 kr.

Gillette Venus Breeze rakvél
200 kr. verðlækkun
Nú 1798 kr.

Gillette®

Takmarkað magn af Gillette rakvörum á lækkuðu verði í Bónus.

Nú 200-300 kr. lægra verð!

Gillette Venus Breeze
rakblöð 4.stk.
200 kr. verðlækkun
Nú 1798 kr.

ÞAÐ KOSTAR MINNA AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

HANDY SMOKKAR

18 STK. Í PK./ ÞRJÁR GERÐIR

498 KR.PK/28 KR.STK

ATHUGIÐ: VERJURNAR ERU SELDAR VIÐ AFGREIÐSLUKASSA

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

FRÉTTASKÝRING: Hvernig gengur rekstur nýju bankanna?

Bankarnir skríða saman eftir hrun

Viðskiptabankarnir þrír sem féllu fyrir rétt rúmum tveimur árum eru að taka við sér. Tekjur af reglulegri starfsemi hafa aukist en eftirspurn eftir lánsfé er lítil. Forstjóri bankasýslu ríkisins segir bankana verða að samræma uppgjör sín.

Viðskiptabankarnir þrír högnuðust samtals um 35 milljarða króna á fyrstu níu mánuðum ársins.

Þriðji ársfjórðungur var bönkunum erfiður; hann einkenndist öðru fremur af tengdum málum; óvissu um útreikning á gengistryggðum lánum eftir dóm Hæstaréttar í júní og úrlausn á skuldavanda heimilanna, og setti skarð í rekstrarniðurstöðu þeirra.

Afkomutölur bankanna sýna ástandið öðru fremur. Ætla má að hagnaður þeirra þriggja hafi numið rétt rúmum 1,4 milljörðum króna að meðaltali á mánuði frá janúar til júníloka sem er sambærilegur meðalhagnaður á mánuði og í fyrra. Á þriðja ársfjórðungi var meðalhagnaður bankanna um fjögur hundruð milljónum krónum minni að meðaltali á mánuði til loka september, en á fyrsta árshelmingi.

ELÍN JÓNSDÓTTIR

Léleg afkoma í fyrra

Í fyrsta mati Bankasýslu ríkisins í júlí kom fram að bankakerfið væri enn of stórt og arðsemi Arion banka og Landsbankans væri langt undir því sem undir venjulegum kringumstæðum sé krafist. Þá kom fram að þótt hagnaður bankanna hafi numið 51 milljarði króna í fyrra skrifist stór hluti af tekjum þeirra á endurmat á bókfærðu virði eigna við yfirfærslu frá gömlu bankanna til þeirra nýju. Færslan fór fram með töluverðum „afslætti“ frá bókfærðu virði.

Áhrifin komu skýrt fram í uppgjöri Landsbankans í fyrra auk þess sem gengisbreytingar höfðu neikvæð áhrif á afkomu bankans. Gengissveiflur höfðu jákvæð áhrif á afkomu Arion banka og Íslandsbanka.

Þetta segja bankastjórarnir

Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka
„Arðsemi af reglulegum rekstri hefur batnað talsvert, en þyrfti að vera betri til framtíðar. Breytingarnar 8. janúar skipta miklu en þá fengum við eiginfjárinnspýtingu sem breytti mjög efnahagsreikningi bankans; hann stækkaði um 80 milljarða án þess að nýr beinn kostnaður tengdur starfsfólki eða kerfum félli til. Það var óheppilegra að þetta skyldi ekki hafa gerst fyrir áramótin. Það er erfitt að bera bankana saman enn sem komið er. Þar er mikið af óreglulegum liðum sem skekkja stöðuna, við erum til að mynda með fyrirtæki sem bankinn hefur tekið yfir og eru í ótengdum rekstri inni í okkar samstæðuuppgjöri. Ég held að það verði svona fram á næsta ár. Ef ekkert kemur upp á ætti rekstur bankans að vera kominn í fastar skorður upp úr miðju næsta ári.“

Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka
„Þegar nýju bankarnir keyptu lánasöfn gömlu bankanna var ekki notuð sama aðferðafræði í öllum tilvikum. Þess vegna eru uppgjörin ólík. Hópur á vegum Fjármálaeftirlits og Bankasýslu ríkisins vinnur að því að samræma uppgjörin. Við verðum komin með nokkuð góða mynd af rekstrinum þegar bankarnir verða búnir að endurskipuleggja lánasöfn sín. Á meðan ekki hefur verið endursamið við viðskiptavini um vexti og hreinsað til í lánasöfnum þá held ég að við getum lent í því að hafa miklar breytingar á lánasöfnum í gegnum rekstrarreikning. Við reiknum með að stór hluti þess klárist á næsta ári og að rekstur Íslandsbanka verði kominn á eðlilegt ról í lok árs 2013. Við erum með töluvert meira eigið fé en hinir bankarnir tveir. Það setur okkur í sterka stöðu. Við þurfum að ávaxta eigið fé okkar, sem skilar sér í meiri vaxtamuni.“

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans
„Við störfum í mjög óvenjulegu umhverfi núna. Mjög stórir liðir tengdir mati á eignum eru að sveiflast til og stórar færslur sem færðar höfðu verið á varúðarreikning hafa gengið til baka. Það er ekki hefðbundið og er ekki hægt að reikna með því til lengri tíma. Við höfum áhyggjur af því hvað eftirspurn er lítil. Við erum með sterka lausafjárstöðu og tilbúin að lána en því miður er eftirspurn lítil. Við höfum verið upptekin við að bíða, bíða eftir dómi Hæstaréttar í gengismálinu, bíða eftir því hvað verði gert í skuldaaðstoð við heimili og fyrirtæki. Það hefur haft þau áhrif að allt hefur frosið fast. Já, bankakerfið er of stórt. Það þarf að leita leiða til að hagræða og gera það með þeim hætti að þjónustan versni ekki. Við sjáum tækifæri en menn verða að vera óhræddir við að nýta þau og auðvitað horfa menn til ríkisins í þeim efnum. Ég myndi halda að innan tveggja til þriggja ára verði eftirspurn aftur orðin eðlileg og úrvinnslu skuldavanda heimila og fyrirtækja verði lokið eða að minnsta kosti mjög langt komin. Þá er mikilvægt að bankakerfið sé komið í gott jafnvægi.“

Staðan að batna

Elín Jónsdóttir, forstjóri Bankasýslu ríkisins, segir rekstur bankanna hafa batnað verulega á fyrri hluta árs. Vísbendingar eru um að sú þróun muni halda áfram til áramóta. „Arion virðist halda sínu striki en Landsbankinn átt erfiðari þriðja ársfjórðung,“ segir hún.

Bankasýslan hefur pælt sig í gegnum uppgjör bankanna frá áramótum til septemberloka og skoðað grunnrekstur þeirra í samanburði við síðasta ár. Niðurstaðan er sú að afkoma bankanna af reglulegum rekstri hefur batnað verulega hjá þeim bönkum sem verst stóðu í fyrra á meðan rekstur Íslandsbanka virðist í jafnvægi.

Stoðirnar styrkari

Eins og áður sagði setti Bankasýslan varnagla við arðsemi bankanna af reglulegum rekstri. Lægst var arðsemin hjá Landsbankanum í fyrra en mest hjá Íslandsbanka.

Arðsemi Íslandsbanka í fyrra stakk í stúf og gerir enn. Elín bendir á að ekki hafi orðið mikil leiðrétting eftir að tillit var tekið til óreglulegra liða og endurmats eigna. „Það skýrðist að einhverju leyti af því hvernig vaxtatekjur eru reiknaðar. Þetta eru áhrif af mismunandi samningum við sölu á eignum gömlu og nýju bankanna,“ segir hún en bætir við að bankarnir sem eigi að koma undan uppstokkun fjármálageirans verða að vera traustir og öflugir. Það sé eina leiðin til að tryggja að þeir geti miðlað fjármagni með hagkvæmum hætti.

Elín bendir á að áhrif af endurmati eigna gæti enn í töluverðum mæli. Hjá Íslandsbanka kemur það m.a. fram í miklum vaxtamun, sem var 5,7 prósent, eða rúmum 110 prósentum hærri en hjá Landsbankanum. Þessi mikli munur veldur því meðal annars að arðsemi Íslandsbanka er mun hærri en hinna bankanna þrátt fyrir hátt eiginfjárhlutfall, en hátt eiginfjárhlutfall geri bönkum alla jafna erfiðara um vik að halda uppi hárri arðsemi.

„Há arðsemi þarf ekki að koma á óvart. Þegar bankar hafa verið endurreistir eða stofnaðir á grunni gamalla banka, eignasafn fært á milli þeirra og mikið afskrifað á meðan óvissa ríkir um verðmæti þess þá er ekki óeðlilegt að sjá mikla arðsemi,“ segir hún og bætir við að það segi þó ekki mikið um reksturinn sjálfan.

Elín telur að áhrifanna af eignatilfærslunni geti gætt í uppgjörum bankanna enn um sinn þótt þau muni hafa lítið að segja um rekstur þeirra til lengri tíma litið.

Arðsemi bankanna

árið 2009 og fram yfir þriðja ársfjórðung 2010



* Fyrstu sex mánuðir ársins.
** Að teknu tilliti til afkomutengdrar gjaldfærslu til gamla Landsbankans (LBI). Ef ekki er tekið tillit til hennar var arðsemi eiginfjár á fyrstu sex mánuðum ársins 19,6%

Óskýr og misjöfn uppgjör

Þeir sem rætt hefur verið í tengslum við málið segja uppgjör bankanna óskýr og erfitt að átta sig á þeim.

Bankastjórarnir þrír, þau Höskuldur H. Ólafsson, bankastjóri Arion banka, Birna Einarsdóttir, bankastjóri Íslandsbanka, og Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans, taka undir þetta. Þau benda í grófum dráttum á að samningar um kaup á eignum gömlu bankanna séu misjafnir og gefi því nokkuð skakka mynd af afkomunni. Ljúka verði við endurskipulagningu lánasafna, bæði til heimila og fyrirtækja, og hreinsa eignir út úr efnahagsreikningi bankanna áður en hægt verði að sjá nokkuð hreinræktaðan efnahagsreikning. Þau telja öll fyrstu vísbendingarnar sjást um mitt næsta ár. Hugsanlega ljúki ekki vinnunni fyrr en undir lok árs 2013. Allt fer þetta eftir því hvort viðskiptavinir bankanna hafa nýtt sér þau greiðsluúrræði sem staðið hafa til boða eður ei. Reikna má með að úrræðin tefji fyrir.

Elín segir æskilegt að bankarnir greini á milli áhrifanna af endurmati á yfirteknu eignasafni og hvað tilheyri afkomu af reglulegum rekstri.

„Bankar eru flókin fyrirtæki en upplýsingagjöfin þarf ekki endilega að vera það. Ég held að bæta megi upplýsingagjöfina,“ segir Elín og áréttar að í nágrannalöndunum birti fjármálafyrirtæki mjög greinargóðar upplýsingar. Þótt það eigi við skráð fyrirtæki megi nýta tækifærið nú til að til að gera upplýsingar íslenskra banka jafn góðar.

„Þetta eru miklir breytingatímar og sennilega engin forskrift að þeim hjá bönkunum. En ég held að við ættum að vera að fikra okkur að því að þetta verði samanburðarhæfar upplýsingar.“

Af hverju þurfa bankar að skila hagnaði?

Í bönkunum (eins og öðrum félögum) liggur fjármagn sem hluthafar hafa lagt fram. Í almennum rekstri (ekki góðgerðafélögum) vilja hluthafar að jafnaði ávaxta fé sitt og vænta þess jafnvel að fá betri ávöxtun yfir lengri tíma en skuldabréfaeigendur, þar sem áhætta þeirri er meiri. Ávöxtun banka er ýmist tekin út í formi arðgreiðslu eða með endurfjárfestingu í félaginu. Verðmæti eignarhluta hluthafa ætti þá að aukast. Ríkið hefur lagt 135 milljarða króna sem hlutafé í bönkunum (122 milljarða í Landsbankann, 9,9 milljarða í Arion Banka og 3,25 milljarða í Íslandsbanka). Ríkið hefur sett það fram sem eitt af meginmarkmiðum sínum með eignarhaldi í fjármálafyrirtækjum að fá arð af því fé sem það hefur lagt í bankana. Þá þurfa bankarnir sömuleiðis að vaxa í takt við hagkerfið. Ef enginn er vöxtur eigin fjár bankanna er hætt við að þeir geti ekki lánað út fé og leita lántakar því annað.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
jab@frettabladid.is

Afkoma bankanna og nokkrar lykiltölur*

Liður	Arion banki		Íslandsbanki		Landsbanki	
	2009	2010**	2009	2010**	2009	2010**
Hagnaður	12,9	8,9	24,0	13,2	14,3	12,9
Heildareignir	757,3	819,7	717,3	714,8	1.061,1	1.085,5
Eigið fé	90,0	102,6	92,1	105,2	157,6	170,5
Vaxtamunur	1,7%	3,0%	4,7%	5,7%	1,4%	2,7%
Arðsemi eigin fjár	10,0%	10,4%	30,0%	17,6%	10,0%	10,9%
- af reglulegum rekstri	3,8%	12,4%	28,7%	25,8%	2,4%	6,8%
- af kjarnarekstri	7,9%	12,3%***	32,5%	26,0%***	6,4%	8,5%***
Eiginfjárhlutfall	13,7%	18,1%	19,8%	22,6%	15,2%	17,3%

* Allar tölur eru í milljörðum króna ** Við lok þriðja ársfjórðungs *** Í lok júní

Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.
Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.
Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.
Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.

fyrir Sólin
BOSCH
Hrærivél
MUM 4405
Vélin sem hefur verið elskuð og dáð í íslenskum eldhúsum í áraraðir.

Jólaverð:
22.900 kr. stgr.
(Fullt verð: 28.900 kr.)
SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

Epli og spil

iMac 27”

3,2GHz Intel Core i3
4GB DDR3 vinnsluminni
1TB harður diskur
ATI Radeon HD 5670 512MB
Innbyggð iSight vefmyndavél (1,3MP upplausn)
Fjögur USB 2.0, Eitt FireWire 800, SD-kortarauf
Innbyggt Airport Extreme (802.11n)
Innbyggt Bluetooth 2.1 + EDR
Þráðlaust íslenskt lyklaborð og
þráðlaus Magic Mouse
Engir PC vírusar

Öllum tölvum, sem keyptar eru fyrir jól, fylgir:

1 mánaðar áskrift hjá Tónlist.is
Nánar á www.tonlist.is

3 mánaða áskrift hjá Snara.is
Nánar á www.snara.is

Tilboð
Eye TV Hybrid USB sjónvarpsmóttakari
22.990.-
til jóla með keyptum tölvum hjá Epli.is

Verð: 299.990,-

MacBook Pro 13,3”

Intel Core 2 Duo
4GB innra minni
250GB harður diskur
Þráðlaust WiFi netkort, Bluetooth
Allt að 10 klst rafhlöðu ending
Engir PC vírusar
2x USB - FireWire 800
Baklýst íslenskt lyklaborð

Verð: 209.990.-

MacBook 13”

Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
Þráðlaust WiFi netkort, Bluetooth
Allt að 10 klst rafhlöðu ending
Engir PC vírusar
2x USB
Íslenskt lyklaborð

Verð: 169.990.-

Bamboo teikniborð

USB tengt
MAC/PC

Verð frá 12.990.-

Afgreiðslutími jólin 2010

fös 17. des:	10-20
lau 18. des:	10-18
sun 19. des:	10-16
mán 20. des:	10-20
þri 21. des:	10-20
mið 22. des:	10-21
Þorláksmessa:	10-21
Aðfangadag:	10-12
27.-30. des:	10-18
Gamlársdag:	10-12

Ókeypis **námskeið** alla fimmtudaga

Lærðu að útbúa Jólakort í **iPhoto**

www.epli.is/fraedsla

iPod nano

8GB - 36.990.-
16GB - 44.990.-

Geymir allt að 4000 lög
Allt að 24 klst rafhlöðuending
Vegur aðeins 21g
FM útvarp
7 litir

Apple búðin
Sími 512 1300
Laugavegi 182

Afgreiðslutími:
Mán. - mið. 10-18 | Fim. 10-21
Fös. 10-18 | Lau. 12-16

www.epli.is

epli.is

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

FRÉTTASKÝRING: Bætur til meðferðarheimilisins Árbótar

ÁRBÓT Í AÐALDAL Utan um meðferðarheimilið sjálft reka hjónin félagið Meðferðarheimilið Árbót ehf. Fasteignir heimilisins, auk annarra eigna, eru hins vegar í félaginu Bragabót. Frá því fyrra til hins seinna hafa runnið um 150 milljónir að núvirði frá árinu 2001.

Bæturnar byggðar á óljósri skuldastöðu

Eigendur meðferðarheimilsins Árbótar hafa síðan 2001 greitt sjálfum sér um 150 milljónir að núvirði í húsaleigu. Þrjátíu milljóna króna bætur stjórnvalda til þeirra grundvölluðust að miklu leyti á skuldum vegna framkvæmda á staðnum. Skuldirnar liggja í félagi sem sinnir ekki bara meðferðarheimilinu. Viðsemjendur fengu aldrei reikninga þess í hendur.

Eigendur meðferðarheimilisins Árbótar létu Barnaverndarstofu, félagsmálaráðuneytinu eða fjármálaráðuneytinu aldrei í té ársreikninga til stuðnings kröfu sinni um bætur vegna lokunar heimilins. Bæturnar voru ekki síst ákvarðaðar með hliðsjón af skuldum sem væru vegna uppbyggingar og endurbóta á húsnæði Árbótar. Skuldastaðan er hins vegar mjög óljós og reikningar lágu sem áður segir aldrei fyrir.

Bragabót fengið 150 milljónir

Frá árinu 2001 hefur Meðferðarheimilið Árbót fengið yfir 700 milljóna króna rekstrarframlag frá Barnaverndarstofu, séu framlögin hvert ár færð að núvirði. Af þeim fjármunum hafa um 150 milljónir að núvirði runnið til systurfélagsins Bragabótar í formi húsaleigu. Bragabót var stofnað árið 2001 til að halda utan um húseignir Árbótarhjóna.

Bragabót hefur lagt út í töluverðan kostnað vegna endurbóta á húsnæðinu og annarrar uppbyggingar, að því er virðist að ósk Barnaverndarstofu og félagsmálaráðuneytisins. Björgvin Þorsteinsson, lögmaður Árbótarhjóna, hefur fullyrt að útistandandi skuldir vegna þessara framkvæmda hafi við slit þjónustusamnings Barnaverndarstofu við Árbót numið um 48 milljónum króna. Eðlilegt hefði verið að bæta þeim þá upphæð og því hafi þrjátíu milljóna bæturnar sem samdist um að lokum í raun verið óeðlilega lágar.

Ekki verið sýnt fram á skuldirnar

Þeir sem með unnu að samningsgerðinni á vegum hins opinbera sáu hins vegar aldrei aðra reikninga en Meðferðarheimilisins Árbótar. Skuldir þess félags námu í fyrra aðeins 2,6 milljónum.

Hins vegar námu skuldir Bragabótar ehf. í árslok 2009 tæpum 56 milljónum. Það er nokkru meira en þær 48 milljónir sem lögmaðurinn Björgvin Þorsteinsson nefndi í greinargerð sinni um málið.

Þar að auki er umsýsla fasteigna meðferðarheimilisins ekki það eina sem Bragabót fæst við. Inni í félaginu er húseign að Sandi, sem aldrei hefur hýst meðferðarúrræði á vegum Barnaverndarstofu, auk þess sem ársreikningur félagsins frá 2007 sýnir að það ár keypti félagið hús á Húsavík á tæpar 29 milljónir króna.

Þá ber þess að geta að bótakrafa Árbótarhjóna lækkaði nokkuð á meðan á samningaviðræðum stóð. Hún var upphaflega rúmlega níutíu milljónir, auk sex mánaða uppsagnarfrests, með vísan til þess hversu langur tími var eftir af þjónustusamningnum. Hún fór síðan stiglækkandi þar til samningsaðilar sættust á þrjátíu milljóna króna greiðslu.

Segir ríkið ekkert skulda

Bragi Guðbrandsson, forstjóri Barnaverndarstofu, hefur í nokkrum tölvubréfum sem Fréttablaðið hefur undir höndum mótmælt bótakröfu Árbótarhjóna harðlega. Þá hefur hann fullyrt að það standist varla að hið opinbera skuldi hjónunum enn stórfé vegna framkvæmda að Árbót, enda hafi þau greitt til félagsins tugi milljóna í húsaleigu á allra síðustu árum, sem hefðu átt að duga til að greiða niður skuldir vegna framkvæmdanna.

Þessa skoðun sína hafði Bragi látið í ljós við félagsmálaráðuneytið áður en gengið var til samninga við Árbótarhjónin. Þrátt fyrir það var aldrei kallað eftir sundurliðuðum reikningum til stuðnings bótakröfunni.

Engin lögfræðiálit um bæturnar unnin í ráðuneytunum

Á fundi félagsmálanefndar Alþingis í síðustu viku, þar sem Árbótarmálið var til umræðu, kom fram í máli fulltrúa félagsmálaráðuneytisins að ekkert lögfræðiálit hefði verið unnið í ráðuneytinu um það hvort rétt eða skylt væri að greiða Árbótarhjónum bætur, umfram þann sex mánaða uppsagnarfrest sem áskilinn var í þjónustusamningi heimilisins við Barnaverndarstofu.

Þetta fær stoð í þeim gögnum sem Fréttablaðið hefur fengið í hendur frá ráðuneytinu. Þar er hvergi neitt lögfræðiálit að finna.

Fjármálaráðuneytið kom einnig að samningsgerðinni og Fréttablaðið hefur nú einnig fengið í hendur öll gögn sem þar eru til og varða málið. Ekkert lögfræðiálit er þeirra á meðal.

Stígur Helgason
stigur@frettabladid.is

Trausti Hafliðason
trausti@frettabladid.is

Síðari greiðslan samþykkt af Alþingi

Alþingi samþykkti í fyrrakvöld fjáraukalög næsta árs og þar með greiðslu síðari hluta bótanna til Árbótarhjóna. Fyrri hlutinn, tólf milljónir, var greiddur úr sjóðum Barnaverndarstofu nú í haust en Barnaverndarstofa fær aukafjárveitingu úr ríkissjóði á næsta ári til að greiða seinni átján milljónirnar.

Árni Páll Árnason, þáverandi félagsmálaráðherra, hefur sagt að það hafi verið að kröfu hans að aukafjárveiting fékkst fyrir hluta greiðslunnar þar sem honum hafi þótt það ganga of nærri barnaverndarstarfi í landinu að verja miklu meiru en rúmum tíu milljónum í bæturnar úr sjóðum þess.

ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Miðborgin í jólaskapi

VERSLANIR OPNAR TIL KL. 22:00 FIMMTUDAG, FÖSTUDAG & LAUGARDAG!

Fimmtudagur 9. desember

ÍDAG

Jólabærinn á Hljómalindarreit opnaður kl. 15:00

Jón Gnarr borgarstjóri ásamt Karlakórnum Fóstbræðrum.
Jólasveinar úr Kardimommubæ. Tveir álfar út úr hól: Tífur & Túfall.

Kl. 21:00 Tónleikar á Lækjartorgi: *Ellen og KK*

Föstudagur 10. desember

Kl. 15-17 *BEATUR og 3 Raddir leika og syngja á vörubílspalli um alla miðborg.*
Kl. 16-18 *Harmonikkuleikarar leika á Ingólfstorgi og ferðast svo milli staða.*

JÓLABÆRINN

Kl. 16:30: *BEATUR og 3 Raddir.*
Kl. 17:30 Harmónikkumenn á síðdegisdjamminu.

LÆKJARTORG

Kl. 21:00 TÓNLEIKAR: *Blaz Roca/Erpur Eyvindarson & KLANROCA.*

Laugardagur 11. desember

Kl. 13-15 *Kvennakórinn CANTABILE - frá Ingólfstorgi að Snorrabraut og niður Skólavörðustíg.*

Kl. 14-16 *Blásarakvartett Reykjavíkur - frá Skólavörðustíg / Bankastræti að Hallgrímskirkju og frá Snorrabraut að Ingólfstorgi.*

Kl. 14-16 *Harmónikkuleikarinn Ástvaldur Traustason við verslunina GEYSI við Skólavörðustíg 16.*

Kl. 14-16 Íslenskur ferðamarkaður, ITM, Bankastræti 2: *Tónleikar Ganon og meðlima.*

Kl. 14-17 SKÍFAN, Laugavegi 44: *Lifandi tónlist íslenskra tónlistarmanna.*

JÓLABÆRINN

Kl. 14:00: *SOLLA STIRÐA fer á kostum.*
Kl. 14:30: *JÓLASVEINNIN slær á létta strengi.*
Kl. 15:00: *GUNNAR ÞÓRÐARSON flytur sín ljúfustu lög.*
Kl. 15:00: *JÓLASVEINNINN kíkir í heimsókn.*
Kl. 15:30: *ARI ELDJÁRN uppistandari.*
Kl. 16:00: *LISTYNJURNAR. Þrjár frábærar listakonur skemmta.*

LÆKJARTORG

kl. 21:00 Tónleikar: *CATERPILLAR MEN. Prog – Rokkið er komið aftur!*

Sunnudagur 12. desember

Kl. 14-16: Lúðraverk sveitalýðsins marserar frá Ingólfstorgi
Kl. 16:00, IÐA við Lækjargötu: Kvennakór Reykjavíkur.

Nánari upplýsingar á www.midborgin.is

Heitt kakó víðsvegar um miðborgina á vegum Rauða krossins

Jólaalmanak 2011

Leiðbeinandi opnunartímar

Fimmtudagur	9. desember	kl. 10 - 22
Föstudagur	10. desember	kl. 10 - 22
Laugardagur	11. desember	kl. 10 - 22
Sunnudagur	12. desember	kl. 12 - 18
Mánudagur	13. desember	kl. 10 - 18
Þriðjudagur	14. desember	kl. 10 - 18
Miðvikudagur	15. desember	kl. 10 - 18
Fimmtudagur	16. desember	kl. 10 - 22
Föstudagur	17. desember	kl. 10 - 22
Laugardagur	18. desember	kl. 10 - 22
Sunnudagur	19. desember	kl. 10 - 22
Mánudagur	20. desember	kl. 10 - 22
Þriðjudagur	21. desember	kl. 10 - 22
Miðvikudagur	22. desember	kl. 10 - 22
Fimmtudagur	23. desember	kl. 10 - 23
Föstudagur	24. desember	kl. 10 - 12

Splunkunýtt gjafakort!

Jólagjöfin í ár!

Hið nýja Gjafkort Miðborgarinnar okkar er nú fáanlegt í öllum bókaverslunum miðborgarinnar. **Sjá nánar á midborgin.is**

Jólastemning og stuð - þar sem hjartað slær !

MIÐBORGIN OKKAR

KRAFTAVERK

Jólahöllin

Húsgagnahöllin Bíldshöfða

999 kr./kg
Verð áður 1998 kr.
Grísakótilettur, lúxus, beinlausar

989 kr./kg
Krónu hamborgarhryggur

8 lítrar Coca-Cola og 1 DVD
1198 kr.
8 lítrar af Coca-Cola og 1 DVD mynd

KRÓNAN

5.990
(fullt verð 10.990)
NIKE JDI POLYWARP WARMUP
Íþróttagalli úr polyester.
Barnastærðir.

3.990
(fullt verð 8.990)
PUMA COURT SUPER
Götuskór úr leðri. Barnastærðir.

INTERSPORT

Tertusneið og kaffibolli.
495 kr.

20% afsláttur
af ÖLLUM jólavörum.

Bakarameistarinn

EXPO · www.expo.is

Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl.

Húsgagnahöllin Bíldshöfða 20 Reykjavík

Gleðileg jól

Föstudaginn kl. 17-19

Jólatrukkar Coca-Cola verða við Húsgagnahöllina á föstudaginn frá klukkan 17:00-19:00

Fullt hús af frábærum jólagjöfum



Safety 1st kerra.
Stillanlegt bak, skermur og stór innkaupakarfa.
Regnplast fylgir.
Hægt að festa Maxi Cosi ungbarnastóla á kerruna.

29.900
verð áður: 49.900

30% afsláttur
af ÖLLUM leikföngum.

Úrval af dúkkuvögnum, dúkkukerrum, bílum, böngsum og tréleikföngum.

fifa
SÍÐAN 1978

MARCUS eldhús-stóll. Fæst í mörgum litum. Kr. **6.990** fullt verð kr. ~~9.990.~~

LINLEY hæginda-stóll. Grátt, orange áklæði, svart leðurlíki. B:64 D:65 H:79 cm. Kr. **17.990** fullt verð kr. ~~29.990.~~

HÚSGAGNAHÖLLIN

20% afsláttur
af öllum ilmum.

15% afsláttur
af 210 stk. pakkningum
af Nicorette lyfjatyggigúmmí.

15% afsláttur
af 204 stk. pakkningum
af Nicotinell lyfjatyggigúmmí.

Apótekarinn+
lyf á lægra verði

20% afsláttur
af ÖLLUM kylfum frá Callaway og Adams.

15% afsláttur
af Adidas og Sunderland fatnaði.

15% afsláttur
af Sun Mountain golfpokum.

ÖRNINN GOLFVERSLUN

206 kr. **EPLI ÞÁ OG NÚ** 150 krónur var kílóverð á rauðum eplum árið 1990. Fyrir fimm árum kostaði kílóið 100 krónur. Í dag kostar það 206 krónur.
Heimild: Hagstofa Íslands.

■ **Samkeppni**

Appelsín við fyrstu sýn

Vífilfell setti nýlega á markað nýjan gosdrykk sem ber heitið Hátíðar appelsín. Umbúðirnar eru með svipuðu sniði og Appelsínið frá Ölgerð Egils Skallagrímssonar, Egils appelsín. Yfir hátíðarnar tíðkast sá siður hér á landi að blanda saman appelsín og Malt Extract, drykkir sem voru fyrst um sinn einungis framleiddir af Ölgerðinni. Ein af auglýsingum fyrirtækisins yfir hátíðarnar ber yfirskriftina: „Ást við fyrstu sýn, Egils malt og appelsín." Vífilfell hefur nú tekið vörumerki hins nýja Hátíðar appelsíns skrefinu lengra, þar sem slagorð drykkjarins er: „Þú sérð það strax, við fyrstu sýn, að þetta er Hátíðar appelsín."

Gunnar B. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Ölgerðarinnar, segist vona að neytendur sjái hversu augljóslegt það sé að verið sé að reyna að plata þá með svo keimlíkri markaðssetningu.

„Samkeppni er vissulega af hinu góða, en neytendur verða að átta sig á því hvað þeir eru að kaupa," segir Gunnar. Ölgerðin hefur sett málið í hendur Neytendastofu og eru lögfræðingar þeirra einnig að skoða málið. „Aðalmálið fyrir okkur er að upplýsa neytendur," segir Gunnar.

■ **Húsnæðismarkaður**

Óvissa um lýs metin leigusala í óhag



Fjölskylda sem sem leigði árið 2009 húsnæði sem síðar reyndist krökkt af veggjalús mátti rifta samningnum þótt ekki væri sannað hvenær lúsin hefði borist í húsið. Þetta er niðurstaða kærunefndar húsnæðismála. Sagt er frá málinu í nýjasta tölublaði Neytendablaðsins.

Fjölskyldan kaus að rifta samningnum og flytja út um leið og upp komst um lúsina. Leigusalinn var hins vegar ósáttur við það og taldi allt eins líklegt að leigjendurnir hefðu borið lúsina inn í íbúðina með búslóð sinni. Málið var sent fyrir kærunefndina, sem úrskurðaði að þar sem ekki væri fullsannað hvernig lúsin barst í húsið skyldi leigusalinn bera hallann af vafanum.

GÓÐ HÚSRÁÐ **Mælir með svefni**

Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur segir mikilvægt að sofa áður en farið er í próf.

„Það er vísindalega sannað að ef maður leggur sig í minnst fjóra klukkutíma er auðveldara að finna og flokka hugmyndir í huganum. Það sýnir að ekki á að lesa alla nóttina og fara beint í próf heldur verður að leggja sig svo heilinn geti melt upplýsingarnar," segir Yrsa Sigurðardóttir rithöfundur.

Hún notar sjálf þessa aðferð og segir hana gefast vel. „Áður en ég sofna hugsa ég alltaf um þann kafla sem ég ætla að skrifa daginn eftir, hvað ég þarf að gera og hvað mig langar að gera. Svefninn nýtist til að flokka upplýsingarnar og mér gengur betur að skrifa," segir hún og leggur áherslu á að reginmistök séu að lesa alla nóttina og fara beint í próf.

Jólagjöfin í ár
er gjafakort í Jóga stúdió

Jóga er gjöf sem heldur áfram að gefa

Gefum þeim sem okkur þykir vænt um, tíma til að fylla á sjálfan sig meira súrefni og tíma til að styrkja sig og slaka á.

Seljavegur 2 - 101 Reykjavík
772-1025 - Ágústa | 695-8464 - Drífa
www.jogastudio.is - jogastudio@hotmail.com
JÓGA Stúdíó

NÝIR BÍLAR Á HAFNARBAKKANUM Nýskráningar bifreiða hafa dregist saman um 90 prósent eftir efnahagshrunið. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um 20.000 bílar kallaðir inn á árunum 2008-2010

Stærstu bílaumboð landsins hafa innkallað um 20 þúsund bíla síðan árið 2008. Ástæðurnar eru í flestum tilvikum minniháttar gallar sem eru lagfærðir hjá umboðum. Merki um gæði hjá umboðum að vera ófeimin að kalla inn, segir FÍB. Nýskráningar hafa dregist saman um 90 prósent síðan 2005.

Nýskráningar nýrra bifreiða eftir tegundum



Stærstu bílaumboð landsins hafa kallað inn tæplega 18.000 bíla á síðustu tveimur árum. Af þeim hefur umboð Toyota kallað inn um 10.000 bíla á tímabilinu, þar af voru um 7.000 bílar í þremur stórum innköllunum. Ástæður innkallana voru bættar öryggiskröfur sem voru uppfærðar í bifreiðunum.

Á árunum 2009 og 2010 voru skráðir tæplega 5.000 nýir bílar í landinu og átti Toyota þar stærstan hlut, eða um 1.000 bíla.

Páll Þorsteinsson, upplýsingafulltrúi Toyota á Íslandi, segir að hluti innkallana sé það sem kallað er þjónustuviðgerðir.

„Það er eitthvað í tilteknum bílum sem Toyota líkar ekki og vill laga og lítur á þetta sem beina þjónustu við viðskiptavini sína," segir Páll. „En á síðustu tveimur árum erum við ekki að kalla inn bíla sem hafa verið nýskráðir á tímabilinu. Um er að ræða eldri bíla en það."

Stefán Ásgrímsson, ritstjóri FÍB-blaðsins, segir að innkallanir séu í flestum tilvikum framkvæmdar vegna þess að tæknibúnaður bíla verði flóknari hvert ár og oftast sé um minni háttar atriði að ræða.

„Framleiðendur og umboð bregðast mismunandi vel við þegar innkallana er þörf," segir Stefán. „Toyota hefur alltaf verið til fyrirmyndar í þessum málum og það er í mínum huga meðmæli að bílarnir þeirra séu innkallaðir. Það er til merkis um það að þeir meðhöndli kúnnana sína vel með því að vera meðvitaðir um að eitthvað megi betur fara."

Nýskráningar bifreiða hér á landi hafa dregist saman um 90 prósent síðan árið 2005, þegar skráðir voru um 20 þúsund nýir bílar í landið, þar af um 4.500 Toyota bifreiðar. Það sem af er ári hafa verið skráðir um 2.300 bílar á landinu, þar af eru 500 frá Toyota.

sunna@frettabladid.is

Innkallanir stærstu bílaumboða á árunum 2008 til 2010

Bílaumboð	Heildarfjöldi innkallaðra bíla árin 2008 til 2010
Askja	2.150
Bílabúð Benna	0
Brimborg	1.152
Hekla	14
Ingvar Helgason	4.486
Toyota	9.709

Listinn er ekki tæmandi, fleiri bílaumboð eru starfandi hér á landi heldur en þau sem hér eru tilgreind. Fjöldi innkallana hjá Heklu snýr einungis að þeim er framleiðandi metur að kalla beri viðkomandi bifreið inn og eigendum eru send bréf þess efnis. Ekki eru meðtaldar minniháttar viðgerðir sem eru gerðar samhliða smurþjónustu, þjónustuskoðunum og fleiru.

NEYTANDINN: Helgi Seljan fjölmiðlamaður segist jafnan óheppinn með fjárfestingar

Sportbíllinn var verstu kaupin

Sjónvarps- og blaðamaðurinn Helgi Seljan segist jafnan hafa verið óheppinn með fjárfestingar sínar, þegar hann er inntur út í bestu og verstu kaup sem hann hafi gert.

„Ég er nú svo lélegur í þessu að ég held að mín bestu kaup séu í raun gleraugu sem konan mín keypti handa mér nýlega. Hún keypti fern gleraugu í Tiger á 200 krónur stykkið, sem er örugglega besta fjárfesting sem mér hefur hlotnast." Spurður hvort hann sé þá ekki vel staddur með gleraugu um árabil segir hann að hann sé raunar strax búinn að týna tvennum. „En það má alveg, því þau voru svo ódýr."

Verstu kaupin segir hann þó tvímælalaust vera sportbíll sem hann festi kaup á eitt sinn. „Ég keypti mér glænýjan Nissan Almera með spoilerkitti og álfelgum og alls konar drasli án þess að eiga krónu fyrir honum. Ég átti hann svo bara í um sex mánuði áður en ég áttaði mig á því að það væri sennilega best að losa mig við hann og eyða peningnum frekar í að borga aðrar skuldir."

Helgi bætir því svo við að lokum að einstaka bjór sem hann hafi keypt í gegnum tíðina hafi síðar reynst gríðarlega slæm fjárfesting.

Vertu með okkur á Facebook og þú getur unnið iRobot ryksuguvélmenni, drögum einn heppinn 20. desember.

www.facebook.com/byggt.og.buid

Jólabúðin þín

byggtogbúið

NÝTT KORTATÍMABIL

Skreytum, bökum, eldum, borðum, pökkum, gefum og njótum jólanna

TOPP 10

JÓLAGJAFIRNAR

1. Kitchen Aid hrærivéla jólatilboðið
2. Garmin leiðsögutæki í bílinn
3. Saltkristalslampi
4. Eva Solo karafla
5. Bodum ferðapressukrús
6. Eva Trio steikarpanna
7. Sodastream tæki
8. Cuisinart heilsugrill
9. Íslenska pönnukökupannan
10. Mebus veðurstöð

MAGNAÐ helgartilboð

Frá fimmtudegi til sunnudags

SEVERIN POPPVÉL
Loftvél, engin transfitusýra

27%
Verð áður 5.489 kr.
Tilboð 3.999 kr.
Þú sparar 1.490 kr.

BODUM GJAFASETT
Pressu- og freyðikanna

30%
Verð áður 9.999 kr.
Tilboð 6.999 kr.
Þú sparar 3.000 kr.

CUISINART BLANDARI
Öflugur blandari 600W, burstað stál.

20%
Verð áður 24.999 kr.
Tilboð 19.999 kr.
Þú sparar 5.000 kr.

MEBUS STAFRÆN ELDHÚSVOG
Tekur 3kg með 100gr nákvæmni

50%
Verð áður 5.999 kr.
Tilboð 2.999 kr.
Þú sparar 3.000 kr.

iROBOT RYKSUGU-VÉLMENNI
Boost-blandari fylgir öllum iRobot ryksuguvélmennum að verðmæti 10.990,-

TILBOÐ

GARMIN GPS SPORTÚR FR205
Æfingaáætlun, taktmiðandi, hraða-æfingar, hámörk og/eða lágmörk.

20%
Verð áður 29.900 kr.
Tilboð 23.900 kr.
Þú sparar 6.000 kr.

DESERTSKÁLAR 6 STYKKI
Stykkið á kr. 167 !!!!!!!!!!

50%
Verð áður 1.999 kr.
Tilboð 999 kr.
Þú sparar 1.000 kr.

ROASTER POTTUR 509

Verð áður 3.999 kr.
Tilboð 2.999 kr.
Þú sparar 1.000 kr.

25%

ÁHUGAVERÐAR vörur

NORDICA PIZZAOFN
Sérstakur pizzasteinn bakar ljúffengar pizzur á 5 mínútum.

Verð 17.990 kr.

STAFRÆNN 7" MYNDARAMMI
Nýtísku myndaalbúm.

Verð 13.995 kr.

ÖMMU OG AFA KANNA

Til besta afa, ömmu, pabba og mömmu í heimi.

Verð 1.499 kr.

GJALLARHORN
Með sírenu til að verkja börnin

Verð 2.999 kr.

KJÖTHITAMÆLIR

50%
Verð áður 999 kr.
Tilboð 499 kr.
Þú sparar 500 kr.

ALLAR BRAUÐRISTAR
25%

PÓKERSTANDUR 500 PENINGAR

Alvöru sett fyrir alvöru spilafólk

Verð áður 14.760 kr.
Tilboð 9.999 kr.
Þú sparar 4.761 kr.

32%

TÉKKLISTI

- MIKILVÆGAR JÓLAVÖRUR

- ☐ Aðventuljósaperur
- ☐ Sogskálar
- ☐ Grenilengjur
- ☐ Fjöltengi
- ☐ Kökukefli
- ☐ Piparkökumót
- ☐ Kjöthitamælar
- ☐ Seríufestingar
- ☐ Reykskynjarar
- ☐ Hnetubrjótar
- ☐ Laufabrauðsjárn
- ☐ Límbönd
- ☐ Jólapappír
- ☐ Litaðar ljósaperur
- ☐ Girni
- ☐ Merkimiðar
- ☐ Gaskveikjari
- ☐ Dragbönd
- ☐ Krókar
- ☐ Kjöttvinni

byggtogbúið

KRINGLUNNI

Sími 568 9400 | www.byggtogbuid.is

www.facebook.com/byggt.og.buid

10,4 **MILLJARÐAR KRÓNA** er afgangur af vöruskiptum við útlönd í nóvember, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar. Fyrir ári nam afgangur af vöruskiptum í mánuðinum rúmum 8,5 milljörðum króna.

HS ORKA Lokagreiðsla Magma Energy nam rúmum 3 milljörðum króna.

Sölu HS Orku loks lokið:

Magma búið að greiða í topp

Magma Energy í Svíþjóð hefur lokið við að greiða síðasta hlutann af kaupverði sínu fyrir HS Orku. Lokagreiðslan nam rétt rúmum 3 milljörðum króna eða 27 milljónum dala.

Þetta kemur fram í tilkynningu á vefsíðu Magma Energy. Þar segir að greiðslan hafi verið innt af hendi til Geysis Green Energy og að þar með eigi Magma 98,53 prósenta hlut í HS Orku.

Í tilkynningunni segir að lokagreiðslan hafi verið fjármögnuð með skammtímaláni. Lánið er svo aftur tryggt með skuldabréfi útgefnu af Magma og bréfið er tryggt með fé á bankareikningum félagsins.

NÝIR BÍLAR Fimm þúsund manns hafa fengið höfuðstól af bílalánum lækkaðan.

Áhrif af dómi Hæstaréttar:

Hafa afskrifað 30 milljarða

Eignaleigufyrirtæki hafa afskrifað kröfur á einstaklinga að andvirði um 27 milljarða króna vegna bílalána og bílasamninga í kjölfar dóms Hæstaréttar um gengistryggð lán. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Samtökum fjármálafyrirtækja.

Því til viðbótar hafa ríflega fimm þúsund manns fengið höfuðstól lækkaðan gegn því að færa lánin í íslenskar krónur. Heildarlækkun vegna þess nam um þremur milljörðum króna.

Heildarafskriftir vegna bílafjármögnunar einstaklinga nemur því um 30 milljörðum króna. **- bj**

Frekara svigrúm til lækkunar stýrivaxta haldist verðbólga lítil

Seðlabankinn hefur lækkað stýrivexti niður í fjögur prósent. Verðbólga er við verðbólgumarkmið og gengið stöðugt en efnahagsbatinn veikur. Ekki er útilokað að vextir fari neðar í byrjun næsta árs, að mati greiningar Arion banka.

MÁR Á VAXTAÁKVÖRÐUNARFUNDINUM Tilkynnt verður um endurskoðaða áætlun um afnám gjaldeyrishafta snemma á næsta ári. Jöklabréfaeigendur hafa ekki flutt vaxtagreiðslur úr landi líkt og þeir hafa heimild til, að sögn seðlabankastjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Efnahagsbati var á þriðja ársfjórðungi þótt hann hafi ekki verið jafn sterkur og Seðlabankinn bjóst við. Seðlabankinn gerði ráð fyrir þriggja prósenta hagvexti á milli fjórðunga á þriðja ársfjórðungi. Niðurstaðan var 1,2 prósent. Þórarinn G. Pétursson, aðalhagfræðingur Seðlabankans, sagði á vaxtaákvörðunarfundi bankans í gær búist við að endurskoðaðar tölur, sem skili sér seint í hús, muni verða nær því sem bankinn spáði.

Peningastefnunefnd Seðlabankans greindi frá þeirri ákvörðun að breyta vöxtum; vextir á innlánum lækka um fimmtíu punkta, vextir á 28 daga hámarksvöxtum innistæðubréfa og veðlánavöxtum lækka um hundrað punkta og daglánavextir um 1,5 prósent. Virkir stýrivextir Seðlabankans eins og hann skilgreinir þá, meðaltal af innlánsvöxtum og innistæðubréfum, lækka þessu samkvæmt um 75 punkta og eru þeir nú fjögur prósent.

Þetta er nokkuð meira en greiningaraðilar gerðu ráð fyrir. Meðalspár þeirra hljóðuðu upp á allt að 7,5 prósenta lækkun.

Fram kom í máli Más Guðmundssonar seðlabankastjóra að á meðan verðbólga haldist áfram lítil, enda komin að 2,5 prósenta verðbólgumarkmiði Seðlabankans, og gengið verði stöðugt sé svigrúm til frekari vaxtalækkunar.

Greiningardeild Arion banka tekur undir þetta og bendir á að raunverulegir virkir vextir eru enn hærri en Seðlabankinn skilgreinir í dag, eða 4,4 prósent. Deildin segir bankann geta lækkað vexti um allt að hundrað til 150 punkta á næsta vaxtaákvörðunarfundi í byrjun febrúar á næsta ári.

jonab@frettabladid.is

Fjárfestar hafa sett fjármagn í sprotafyrirtæki nemenda Viðskiptasmiðju Klaks:

Hafa keypt hlutafé fyrir rúman milljarð

Fjárfestar hafa keypt hlutafé í fyrirtækjum þeirra sem lært hafa að stýra sprotafyrirtækjum hjá Viðskiptasmiðju Klaks fyrir rúman milljarð króna á tveimur árum. Námið hófst haustið 2008, á sama tíma og efnahagslífið hér fór á hliðina.

„Einn milljarður króna er mjög há fjárhæð á ekki lengri tíma," segir dr. Eyþór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks – Nýsköpunarmiðstöðvar sem heldur utan um námið með Háskólanum í Reykjavík. Honum telst til að forsvarsmenn í kringum fimmtíu sprotafyrirtækja hafi setið á skólabekk í Viðskiptasmiðjunni. Þar á meðal eru forsvarsmenn sprotafyrirtækisins Gavía (Hafmyndar) sem selt var á dögunum. Ekki er vitað hve hátt kaupverðið var og ekki útilokað að það hafi verið í kringum einn milljarður króna.

Á meðal forsvarsmanna annarra fyrirtækja eru stofnendur AGR, Trackwell, markaðsrannsóknafyrirtækisins Clara, Remake Electric og Gogoyoko. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Frumtak og einstaka fjárfestar hafa keypt hlutafé fyrirtækjanna.

Í Viðskiptasmiðjunni er kennt hvernig á að stofna ný fyrirtæki eða koma fyrirtækjum í rekstri á rétta braut. Nemendur útskrifast með diplómu í frumkvöðlafræðum.

Útskrift annars árgangs Viðskiptasmiðjunnar verður haldin á morgun. Skráning stendur yfir fyrir þriðja árið, sem hefst í janúar. **- jab**

DR. EYÞÓR ÍVAR JÓNSSON Ekki er útilokað að fjárfestar hafi lagt allt upp í einn milljarð króna í þau sprotafyrirtæki sem útskrifast hafa frá Viðskiptasmiðjunni, segir forsvarsmaður smiðjunnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hörðu pakkarnir fást hjá okkur

Ljósastúdíó fyrir heimilið

Heimaljósastúdíóið er frábær jólagjöf fyrir áhugaljósmyndarann.

Aðeins

69.900kr.

Lenovo U350

Lenovo U350 fartölva á einstöku verði. Glæsileg og létt fartölva.

Tilboðsverð

69.900kr.

Bose Sounddock

Bose Sounddock hljómtæki fyrir flestar gerðir Ipod. Fjarstýring fylgir.

Tilboðsverð frá

44.900kr.

Bose heyrnartól

Öflug Bose heyrnartól. Bose er frumkvöðull í framleiðslu hljóðbúnaðar.

Tilboðsverð

12.500kr.

Harðir diskar

Frábærir USB harðir diskar. Fást í mörgum litum með USB2 og USB3.

Tilboðsverð frá

12.900kr.

Lenovo ThinkPad Edge

Lenovo ThinkPad Edge 15,6“ fartölva. P320 örgjörvi, 2GB minni, 250GB diskur og 3 ára ábyrgð. Einstakt lyklaborð. Vönduð fartölva á góðu verði.

Tilboðsverð frá

149.900kr.

Vivanco heyrnartól

Þráðlaus heyrnartól frá Vivanco. Hleðslurafhlöður endast í 8 tíma. Aðeins 160 g. Hleðslustöð fylgir.

Aðeins

9.900kr.

Ath. tilboð gilda á meðan birgðir endast.

sense | NÝHERJI

Sense Center Kringlunni www.netverslun.is **Nýherji** Borgartún 37

JÓLATRÉ Ekki er ráð nema í tíma sé tekið og margir eru þegar búnir að kaupa jólatré. Margir skoðuðu úrvalið á jólamarkaðinum við Elliðavatn um síðustu helgi.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Landinn að komast í jólaskapið

Rétt rúmar tvær vikur eru til jóla og margir eru farnir að undirbúa jólahátíðina. Ljósmyndarar Fréttablaðsins hafa verið á ferðinni á aðventunni og fylgst með jólaskapinu kvikna hjá landsmönnum.

JÓLAKERTI Þessum unga manni leist vel á litfögur kerti á jólamarkaðinum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JÓLARÓL Rauðu jólasveinahúfurnar feyktust til þegar þessar stelpur róluðu sér við Salaskóla í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JÓLASTEMNING Mikill fjöldi fólks lagði leið sína á jólamarkað við Elliðavatn um síðustu helgi og skoðaði ýmsan varning.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

JÓLAHÚFUR Krakkarnir í Salaskóla í Kópavogi voru komnir í jólaskapið og báru fagurrauðar jólasveinahúfur.
FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

JÓLASKAP Börn í leikskólanum Urðarhóli í Kópavogi sungu við afhendingu Barnamenningarverðlauna Velferðarsjóðs barna á þriðjudag.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ÞAÐ ERU NÚ EINU SINNI AÐ KOMA JÓL

HP AIO 100 All-in-One

149.900 kr.

VAXTA LAUST LAN

Nett og hagstæð **HP Pavilion borðtölva** og 20" skjár AIO (sambyggð), **Örgjörvi:** AMD Athlon II X2 260, **Vinnsluminni:** 4 GB DDR3, **Harður diskur:** 1 TB SATA 7200 rpm, **Drif:** LightScribe DVD-RW geislaskrifari, **Tengi:** 6 USB 2.0 (2 á hlið), RJ-45, tengi fyir heyrnartól og microphone.

HP Photosmart WiFi eAIO

19.900 kr.

HP ePrint Prentaðu hvað sem er, hvaðan sem er!
HP Photosmart eAIO fjölnotaprentari með WiFi tengingu.

ePrint tækni

HP Compaq CQ62

VAXTA LAUST LAN

99.900 kr.

Glæsileg 15,6" fartölva,
Örgjörvi: AMD Sempron V120,
Vinnsluminni: 3 GB DDR3, **Harður diskur:** 250 GB SATA 7200 rpm

HP Pavilion dv6

VAXTA LAUST LAN

149.900 kr.

Glæsileg 15,6" fartölva,
Örgjörvi: AMD Athlon II Dual-Core P340,
Vinnsluminni: 4 GB DDR3, **Harður diskur:** 320 GB SATA 7200 rpm

Hátalarar og höfuðtól — frá 4.900 kr.

Tölvumýs — frá 3.900 kr.

Fartölvutöskur — frá 4.900 kr.

Sjónvarps-flakkarar — frá 9.900 kr.

- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

Opnunartími: mán - fös. kl. 9 - 18 / kl. 11 - 16 alla laugardaga í desember

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

VERT

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavik / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

skoðun

greinar@frettabladid.is

Brugðist við fréttum:

Misskilningur

Viðbrögð þeirra sem fjallað er um í skjölum bandarísku utanríkisþjónustunnar og hafa ratað fyrir almenningssjónir eftir rásum Wikileaks voru fyrirsjáanleg. Misskilningur, segja þeir, svo til einum rómi.

Það er misskilningur að bandaríska sendiráðið í Reykjavík hafi haft nokkuð með það að gera að orkuskattur amerísku álfyrirtækjanna á Íslandi er tólf aurar en ekki ein króna á kílóvattstund. Það er misskilningur að Björn Bjarnason hafi haft horn í síðu Georgs Lárussonar, forstjóra Landhelgisgæslunnar. Það er misskilningur að Ingibjörg Sólrún Gísladóttir hafi látið rannsaka fangaflug Bandaríkjamanna til að vængstýfa Steingrím J. Sigfússon. Það er misskilningur að Bjarni Benediktsson hafi viljað að Bandaríkjamenn greiddu ferð utanríkismálanefndar Alþingis til Washington. Það er misskilningur að Jóhanna Sigurðardóttir hafi hótað afsögn ef þingmenn VG styddu ekki samkomulag um Icesave.

SKOÐUN

Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is

Auðvitað er ekki við því að búast að fulltrúar Bandaríkjanna í sendiráðinu við Laufásveginn skilji það sem íslenskir stjórnmálamenn segja við þá í samtölum sem ekki nokkur lifandi sála, nema bandarískt forsetinn, má heyra af. Þar er talað undir rós, yfir glasi af kalifornísku rósavíni.

Heldur er ekki við því að búast að sendifulltrúarnir lesi rétt í íslensku pólitíkina.

Meinið er hins vegar ekki sá skortur á snilligáfu sendiráðsfólksins sem annar helsti sérfræðingur Sjálfstæðisflokksins um bandarísk málefni fjallaði um nýverið. Það er sjálft eðli íslenskra stjórnmálamanna sem gerir það að verkum að þeir eru misskildir. Það er nefnilega öðru vísi en eðli stjórnmálamanna annars staðar í heiminum.

Okkar menn eru margslungnir, ekki allir þar sem þeir eru séðir. Segja eitt en gera annað. Ef þeir væru fótboltamenn tækju þeir tvöföld skæri og létust fara út á kant en væru svo allt í einu komnir í skotfæri fyrir miðjum teig. Búmm. Óverjandi.

Það sama var uppi á teningnum í viðskiptunum. Einstakt eðli og enginn skilningur, hvorki í samfélaginu né í bandaríska sendiráðinu.

Örfáir menn upphugsuðu, og stunduðu, svo flókin viðskipti að nú, nokkrum misserum síðar, vinna hundruð manna að því að rekja þau og greina. Og þegar eitthvað er dregið fram eru viðbrögðin á einn veg; misskilningur. Lögreglan, saksóknarinn, skatturinn, fjölmiðlarnir, skilanefndirnar, slitastjórnirnar; þessir aðilar hafa allir sem einn misskilið algjörlega það sem útrásarliðið hugsaði og gerði. Auðvitað eiga dómstólarnir eftir að byggja dóma sína á sama misskilningi þegar þar að kemur.

Og svona er það í öllu samfélaginu. Allt og allir eru meira eða minna misskildir.

Heldur er þetta bagalegt og stendur ýmsu fyrir þrifum. Sérstaklega er þetta slæmt þegar ástandið er slæmt. Öll uppbygging verður snúnari þegar enginn skilur annan.

En er eitthvað til ráða? Er eitthvað hægt að gera? Líklega ekki. Líklega verður þetta svona áfram. Stjórnmálamennirnir sötra rósavín og blaðra í bandaríska sendiráðinu og bera svo við misskilningi þegar eitthvað spyrst út.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Allir með

Bankasýsla ríkisins, sem Elín Jónsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson stýra, er flott batterí. Á heimasíðu hennar stendur eftirfarandi: (lesist með svolítið hressri hátónarödd, svona eins og í útvarpinu) „Hefur þú áhuga á að sitja fyrir hönd ríkisins í stjórn banka eða sparisjóða sem ríkið á eignarhlut í? Gefðu kost á þér með því að fylla út eyðublað sem valnefnd Bankasýslunnar mun hafa aðgang að næst þegar velja þarf nýja stjórnarmenn."

Eða næstum allir

Áhugasömum til upplýsingar er rétt að benda á að til að sitja í stjórn fjármálafyrirtækis þarf fólk að hafa óflekkað mannorð, það má ekki hafa verið úrskurðað gjaldþrota á síðustu fimm árum og ekki hafa hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur á síðustu tíu árum. Það þarf að vera fjárhagslega sjálfstætt, hafa lokið háskólaprófi sem nýtist í starfi og búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðunni.

Eða bara sumir...

Þá má fólk ekki hafa sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að draga í efa hæfni þess til að standa fyrir traustum og heilbrigðum rekstri. Þess ber einnig að geta að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja þurfa að gangast undir sérstakt próf hjá Fjármálaeftirlitinu. Að lokum er rétt að hafa í huga að stjórnarmenn fjármálafyrirtækja geta lent í fangelsi ef þeir gera mistök eða brjóta af sér.

bjorn@frettabladid.is

HALLDÓR

Áframhaldandi stöðnun

Stjórnmál

Einar K. Guðfinnsson
þingismaður Sjálfstæðisflokksins

Enn fáum við það staðfest að stöðnun ríkir í efnahagsmálunum. Gagnstætt því sem stjórnarliðar hafa haldið fram, þá er landið ekki að rísa. Hagstofan segir að landsframleiðslan hafi aukist um rúmt prósent á milli annars og þriðja ársfjórðungs, en dregist þó saman á milli ára. – Og mönnunum munar annað hvort aftur á bak, ellegar nokkuð á leið, eins og listaskáldið góða kvað.

En þessar hagtölur segja ekki nema brot af sögunni. Sá vottur af vexti landsframleiðslunnar sem menn telja sig glitta þarna í, styðst við ákaflega valtar forsendur. Þegar nánar er skoðað blasir við okkur að skýringanna er að leita í meiri einkaneyslu. Allir sjá hins vegar að á slíkt er varlegt að treysta. Ofurskuldsett heimilin geta ekki haldið uppi hagvexti með aukinni einkaneyslu á tímum lækkandi kaupmáttar, nema því aðeins að ganga á eigur sínar og auka skuldirnar. Fyrir því eru hins vegar engar forsendur.

Kannski mun jólamánuðurinn eða útsölurnar í janúar, gera það að verkum að lífsmark verði áfram í einkaneyslunni, en varla verður hagvöxtur drifinn áfram með árstíðabundnum útsölum. Eða reiðir ríkisstjórnin sig á útsölur, í vonlítilli leit sinni að batamerkjum í efnahagslífinu?

Hin skuggalegu tíðindi getur að líta í fjárfestingartölunum. Enn er þar allt á niðurleið. Fjárfestingar atvinnulífsins dragast saman á milli ársfjórðunga um heil tíu prósent og það ofan í þann mikla samdrátt sem verið hefur á þessum sviðum. Fjárfestingar hér á landi eru eins og þær voru í síðari heimsstyrjöldinni. Við þurfum því að leita aftur til styrjaldarástands, til þess að finna samjöfnuð.

Þetta þyrfti ekki að vera svona. Það eru liðin tvö ár frá bankahruninu. Miklum tíma hefur verið sóað. Fullkomið skilningsleysi ríkir hjá stjórnvöldum. Þau standa í vegi fyrir fjárfestingu og hamla því viðreisn efnahagslífsins.

Pólitísk óvissa fælir fjárfestingar frá okkur. Skattabreytingar, aukið flækjustig og kostnaðarhækkanir draga mátt úr atvinnulífinu. Þúsundir fyrirtækja bíða árangurslaust eftir úrlausnum innan bankakerfisins og geta sig því lítt hrært. Umhverfi sjávarútvegsins er í uppnámi vegna sjávarútvegsstefnunnar. Ríkisvaldið leggur steina í götu fjárfestinga á sviði orkufrekara fjárfestinga, jafnt áliðnaðar, sem gagnavera. Þegar þannig er unnið gagnvart okkar stærstu útflutningsgreinum er ekki von á góðu.

Nú dugir ekki lengur að líta til baka eins og hefur verið háttur stjórnvalda. Þau verða að líta í eigin barm og viðurkenna að stefna þeirra í atvinnumálum er sökudólgurinn.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík SÍMI: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
HELGAREFNI: Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* MENNING: Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* ALLT OG SÉRBLÖÐ: Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
ÍÞRÓTTIR: Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

Æðstu lög landsins

Í DAG

Þorvaldur Gylfason
Prófessor

Stjórnarskráin er æðstu lög landsins. Þeim lögum sem öðrum ber öllum Íslendingum að virða. Eins og margir hafa bent á, er ekki nóg, að landsmenn búi við góða stjórnarskrá, heldur þarf einnig að búa svo um hnútana, að stjórnarskráin sé virt. Á því hefur tvisvar orðið misbrestur undangengin ár.

Tvö nýleg dæmi til upprifjunar

Þegar forseti Íslands beitti málskotsrétti sínum til að vísa til þjóðaratkvæðis fjölmiðlalögum, sem Alþingi samþykkti 2004, bar ríkisstjórninni að halda þjóðaratkvæðagreiðslu um málið skv. stjórnarskránni. Slík atkvæðagreiðsla var ekki haldin. Alþingi lét sér duga að fella lögin úr gildi, þótt stjórnarskráin kveði ekki á um slíka málsmeðferð. Stjórnlagadómstóll, sem gæti verið Hæstiréttur eða sérstakur dómstóll skv. nýrri stjórnarskrá, hefði þurft að vera til staðar til að úrskurða, hvort stjórnvöld brutu stjórnarskrána, svo sem virtist vera, og gera gagnráðstafanir.

Þegar Hæstiréttur felldi dóm sinn 1998 í máli Valdimars Jóhannessonar gegn ríkinu vegna synjunar sjávarútvegsráðuneytisins á umsókn Valdimars um leyfi til fiskveiða, taldi rétturinn fiskveiðistjórnarkerfið brjóta gegn jafnræðisákvæðum í 65. grein stjórnarskrárinnar. Þar segir, að allir skuli vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti. Oddvitar ríkisstjórnarinnar réðust gegn dómi Hæstaréttar í fjölmiðlum og sögðu landauðn vofa yfir, næði dómurinn fram að ganga. Þá sendu 105 prófessorar Háskóla Íslands af 150 frá sér yfirlýsingu til varnar Hæstarétti. Hæstiréttur sneri dómi sínum við nokkru síðar í öðru skyldu dómsmáli (Vatneyrardómur) og sá þá ekkert athugavert við ókeypis afhendingu verðmætra aflaheimilda til fáeinna útvalinna. Tveir dómarar skiluðu þó séráliti í síðara málinu í samræmi við fyrri dóminn.

Málið var ekki dautt. Árið 2007 gaf mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna út bindandi álit þess efnis, að fiskveiðistjórnarkerfið brjóti gegn brjóti gegn 26. grein Alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi. Álit mannréttindanefndarinnar er í samræmi við Valdimarsdóm Hæstaréttar 1998, enda er 26. grein Alþjóðasamningsins nánast samhljóða 65. grein stjórnarskrár okkar. Þótt álitið sé bindandi, þar eð Ísland hefur fullgilt Alþjóðasamninginn, hefur mannréttindanefndin engin tök á að tryggja, að ríkisstjórnin virði álit nefndarinnar með því að nema mannréttindabrotaþáttinn burt úr fiskveiðistjórnarkerfinu og bæta fórnarlömbum skaðann. Mannréttindanefndin getur gert það eitt að setja Ísland á lista með þeim löndum, sem neita að falla frá mannréttindabrotum. Það er ekki góður félagsskapur.

> Í nýrri stjórnarskrá þarf að kveða á um innlendan stjórnlagadómstól, hvort sem Hæstarétti verður falið hlutverk hans eða nýjum dómstóli

Eitt dæmi enn

Í nýrri stjórnarskrá þarf að kveða á um innlendan stjórnlagadómstól, hvort sem Hæstarétti verður falið hlutverk hans eða nýjum dómstóli svo sem tíðkast sums staðar, t.d. í Þýzkalandi og Suður-Afríku. Sé álit mannréttindanefndarinnar um kvótakerfið heimfært upp á Suður-Afríku, myndi stjórnlagadómstóllinn þar væntanlega komast að sömu niðurstöðu og mannréttindanefnd SÞ og beina þeim tilmælum til stjórnvalda, að þau breyttu fiskveiðistjórnarkerfinu til samræmis við stjórnarskrána og alþjóðlega mannréttindaskrá SÞ. Ólíkt mannréttindanefnd SÞ þyrfti stjórnlagadómstóllinn ekki að láta þar við sitja, ef stjórnvöld þverskölluðust við að fara að tilmælum dómstólsins. Stjórnlagadómstóllinn gæti þá að tilteknum tíma liðnum úrskurðað, að stjórnvöld vanvirtu dómstólinn. Vanvirðing við stjórnlagadómstólinn líkt og aðra dómstóla er refsiverð skv. lögum og kæmi þá til kasta ákæruvaldsins. Þannig gæti stjórnlagadómstóllinn í Suður-Afríku skapað skilyrði til ákæru á hendur stjórnvöldum, og má af því ráða líkurnar á, að stjórnarvöldin kysu þá heldur að lúta tilmælum stjórnlagadómstólsins. Þessum ákvæðum um stjórnlagadómstól í stjórnarskrám Suður-Afríku og Þýzkalands er ætlað að treysta valdmörk og mótvægi framkvæmdarvalds, löggjafarvalds og dómsvalds og efla með því móti jafnræði og réttlæti. Þetta er eitt af því, sem átt er við, þegar talað er um nauðsyn þess að skerpa þrískiptingu valdsins. Við þurfum öll að sitja við sama borð. Það á að vera æðsta boðorð nýrrar stjórnarskrár.

AF NETINU

Áróður fyrir Icesave

Mikill áróður er nú stundaður til að telja okkur trú um að niðurstaða hafi fengist í Icesave-málinu. Mér virðist allt talið um þetta í RÚV sem hefur frá fyrsta degi þessarar ríkisstjórnar unnið með henni til að knýja fram samning um Icesave miði nú að því að sannfæra stjórnendur ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA, um að samningur sé að næsta leiti til að losa ESA-forstjórann undan því að herða skrúfurnar til að knýja íslensk stjórnvöld til að svara ESA. Honum þykir þægilegt að geta skotið sér undan því, þar sem framganga hans gagnvart Íslandi er á þann veg, að væru hér á landi stjórnvöld sem vildu gæta hagsmuna sinna og þjóðarinnar mundu þau krefjast þess að hann viki sæti vegna vanhæfis.

Forstjóri ESA hefur greinilega smitast af hroka ESB-embættismanna í Brussel í garð þeirra þjóða, sem eiga að veita þeim starfsumboð.

bjorn.is

Björn Bjarnason

SENDIÐ OKKUR LÍNU

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn áskeður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

Þarf að ræða þetta eitthvað frekar?

Ísland og ESB

Hans Guttormur Þormar
framkvæmdastjóri

Palli, Sigga og Eiki eru að hugsa um að fara á frumsýningu í bíó. Það sérkennilega við bíóhúsið er hins vegar að það býður bíógestum að semja um miðaverð.

Palla langar eiginlega ekkert að fara á þessa mynd en fer í samningaviðræður vegna þrýstings frá Siggu og Eika. Hann myndi því sennilega reyna að gera samning um svo lágt miðaverð að hann fengi það aldrei í gegn. Það myndi líka henta honum best.

Siggu langar að fara í bíó en er ekki tilbúin að borga allt of mikið fyrir það. Hún fer í samningaviðræður með það markmið að ef hún fær miðann á viðunandi verði, þá fer hún í bíó.

Eika langar mjög mikið til að fara á þessa mynd og fer í samningaviðræður með það að markmiði að komast í bíó. Hann kemur því sennilega til með að borga hæsta miðaverðið.

Hverjum af þessum þremur myndir þú treysta best til að semja um miðaverð í bíó fyrir þína hönd?

Samninganefnd og samningahópar Íslands um aðild að Evrópusambandinu munu á næstu mánuðum vinna rýnivinnu vegna samningaferilsins sem svo fer í gang eftir að þeirri vinnu er lokið. Þrátt fyrir að hver samningahópur samanstandi af tíu til tuttugu einstaklingum er nánast undantekningarlaust um að ræða hagsmunatengda aðila sem annað hvort eru nú þegar á móti eða meðfylgjandi aðild að Evrópusambandinu (líkt og Palli og Eiki hér að ofan).

Heildarhagsmunir þjóðarinnar með eða án ESB til framtíðar eru fyrir borð bornir.

Lítið bólar á því sem öllu máli skiptir, að það séu heildarhagsmunir þjóðarinnar, almennings í landinu sem eigi að ráða úrslitum. Hver þessara hagsmunaaðila í samningahópunum hugsar eingöngu um sig og fáir þeirra munu taka tillit til heildarhagsmuna þjóðarinnar. Í þessu máli hefur utanríkisráðherra Össur Skarphéðinsson ákveðið að skilja Siggu (þjóðina) eftir heima og bjóða Palla og Eika (sérhagsmunaöflunum) að sjá um málið eða einmitt þeim aðilum sem ég myndi síst treysta til að reyna að semja um aðild fyrir mína hönd. Einsleitnin er mjög áberandi og til dæmis eru í samninganefnd um sjávarútvegsmál þrír aðilar frá LÍÚ, þrír aðilar frá Alþýðusambandinu, auk aðila frá Farmanna- og fiskimannasambandi, samtökum fiskvinnslu, framleiðslu og útflytjenda, kvótamarkaðar o.s.frv. Allir þessir einstaklingar eru kallaðir til til að gæta sérhagsmuna sinna félagsmanna en fáir hafa þá yfirsýn sem þarf til að spyrja hvort þetta þjóni eða þjóni ekki framtíðarhagsmunum þjóðarinnar. Starfsmenn ráðuneytanna geta seint talist hagsmunagæsluaðilar almennings. Eina bakland þjóðarinnar er hugsanlega að finna í örfáum einstaklingum samningahópa og aðal-

> Þrátt fyrir að hver samningahópur samanstandi af tíu til tuttugu einstaklingum er nánast undantekningarlaust um að ræða hagsmunatengda aðila.

samninganefndar en þeir geta lítið aðhafst vegna þeirrar slagsíðu öfgaviðhorfa sem einkennir samningahópana.

Við þurfum að hætta að hlusta á Palla og Eika. Þeirra skoðanir eru eingöngu byggðar á sérhagsmunum og því eiga þeir engan rétt til að sitja einir að samningaborðinu. Það er mín von að utanríkisráðherra finni fleiri „Siggur“ í hverja nefnd, til að gæta að heildarhagsmunum íslensku þjóðarinnar. Það þarf að meta í hvaða stöðu þjóðin er núna og hvað væru bestu kostirnir með eða án ESB, í hvaða stöðu þjóðin verður ef til inngöngu kemur og í hvaða stöðu þjóðin verður hugsanlega eftir nokkra áratugi hvort sem af inngöngu verður eða ekki. Einungis eftir þannig undirbúning og samningsferli er mögulegt fyrir þjóðina að taka upplýsta ákvörðun um hvort aðild að Evrópusambandinu sé vænlegur kostur eða ekki.

Lumex
Skipholti 37
Sími 568 8388
www.lumex.is

LUMEX

„Nowhere Land“

Efnahagsmál

Þórður Friðjónsson
forstjóri Nasqad-OMX á Íslandi

Við höfum um margt valið okkur undarlegar leiðir til að endurreisa íslenskt efnahagslíf. Þetta á m.a. við um gjaldeyrishöftin sem lögð voru á eftir hrun og dvínandi áhugi virðist nú á að losa sig við. Við veljum einnig leiðir á fleiri sviðum sem aðrar þjóðir telja ógreiðar, s.s. varðandi eignarhald á fyrirtækjum, ríkisafskipti, skatta og sjávarútveg, svo eitthvað sé nefnt. Það er erfitt að sjá að þarna sé búið að varða leiðina til nútíma efnahagslífs í fremstu röð. Gamall texti og lag Lennons og McCartneys leitar á mann:

> He´s a real nowhere man,
> Sitting in his Nowhere Land,
> Making all his nowhere plans
> for nobody

Allir virðast sammála um skaðsemi gjaldeyrishafta og að það sé nauðsynlegt að afnema þau sem fyrst – en bara ekki strax. Tiltekin (óljós) skilyrði þurfa að verða uppfyllt fyrst, t.d. er varða fjármögnun innlánsstofnana og lausn á „þvingaðri“ verðbréfaeign útlendinga. Best yrði að afnema höftin í nokkrum skrefum og tímasetning réðist af því hversu vel tækist að uppfylla skilyrðin. Afnám gjaldeyrishafta nú myndi þýða hrun krónunnar með skelfilegum afleiðingum. En yrði það svo?

Sterk staða til að afnema höftin

Sé litið til samkeppnishæfni efnahagslífsins og eignastöðu þjóðarbúsins hefur Ísland ekki staðið jafn vel um árabil. Raungengi er nú þegar í sögulegu lágmarki, er nú rúmlega 20% undir meðaltali 1980-2009 á mælikvarða neysluverðs og tæplega 30% undir meðaltali 1980-2009 á mælikvarða launa. Þetta endurspeglast í myndarlegum afgangi af viðskiptum við útlönd, en jöfnuður viðskipta með vöru og þjónustu á árinu 2010 verður líklega um 170 ma. kr. Viðskiptajöfnuður fyrstu 9 mánuði ársins var jákvæður um 97 ma. kr. án áhrifa gömlu bankanna. Þá sýnir Gylfi Zoëga, hagfræðingur fram á í nýlegri grein (Vísbending, 28.10. 2010) að nettó staða þjóðarbúsins er jákvæð um 2-3% af VLF, með tilliti til innlendra eigna bankanna, væntanlegrar Icesave-skuldar og leiðréttingu fyrir skuldum alþjóðlegra fyrirtækja skráðum á Íslandi. Frá því að Gylfi ritaði grein sína hefur mat Seðlabankans á nettó eignastöðu Íslands (án gömlu bankanna) batnað um 193 ma. kr. (13% af landsframleiðslu). Er hægt að hugsa sér betri aðstæður til að afnema gjaldeyrishöft?

Útlendir eigendur verðbréfa

Ofuráhersla hefur verið á nauðsyn þess að losa um stöður erlendra aðila sem eru fastir með fjármuni sína hér og því spáð að þeir, ásamt íslenskum fjárfestum, muni hlaupa út með allt sitt fjármagn um leið

> Er hægt að hugsa sér betri aðstæður til að afnema gjaldeyrishöft?

og tækifæri gefst. Því verður ávallt hægt að halda því fram að hundruð milljarða gætu flúið land við afnám hafta og valdið mikilli lækkun krónunnar, því stór hluti fjármagns í frjálsu hagkerfi er kvikur, þ.e. getur hreyft sig með litlum fyrirvara. En er þetta líklegt? Miðað við nettó eignastöðu þjóðarbúsins og samkeppnishæfni þess við núverandi gengi krónunnar eru yfirgnæfandi líkur á því að raungengi íslensku krónunnar styrkist til framtíðar litið, jafnvel myndarlega. Ef gengi krónunnar lækkaði umtalsvert frá því sem nú er, myndast þ.a.l. tækifæri innlendra (t.d. lífeyrissjóða) og erlendra fjárfesta til mikillar hagnaðartöku. Fjármunir myndu því leita til landsins og gengið styrkjast fljótt aftur. Hræðsla við kollsteypu við afnám gjaldeyrishafta er því ástæðulaus.

Frestun ekki besta leiðin

Ofurvarkárni við afnám hafta má e.t.v. rekja til annarra þátta en skynsamlegs mats á ávinningi og kostnaði:

- Áhrif þrýstihópa. Hluti þjóðfélagsins hefur lagað sig að gjaldeyrishöftunum og hefur af þeim tímabundinn ávinning, jafnvel þótt þjóðin öll hljóti af þeim mikinn skaða. Þetta má m.a. merkja af því að sumir eru farnir að mæla höftunum bót
- Stjórnvöld og Seðlabankinn bera áhættu af afnámi haftanna. Ráða má af viðbrögðum við nýlegri tilkynningu Seðlabankans um að engin skref til afnáms hafta verði tekin fyrir mars 2011, að Seðlabankinn hefur hvata til að flýta sér hægt. Stjórnvöld fá tæplega klapp á bakið frá almenningi fyrir afnám gjaldeyrishafta en tímabundið gengisflökt gæti hins vegar valdið þeim óþægindum
- Stofnanaleg umgjörð og eftirlit. Mikið vald er fært stofnunum, embættismönnum og stjórnmálamönnum.
- Hræðsluáróður hefur haft áhrif á almenning.

Harla ólíklegt er að aðstæður til afnáms gjaldeyrishafta batni frá því sem nú er. Höft eru nefnilega þannig að þeim mun lengur sem þau vara, því erfiðara verður að losa um þau, m.a. vegna þess að þau draga þrótt úr efnahagslífinu og rýra traust á þjóðarbúskapnum. Sérstaklega ber að vara við afnámi í smáskömmtum. Afleiðingarnar verða enn harðara gjaldeyriseftirlit, aukin mismunun og spilling. Skynsamlegast er að afnámið byggi á almennum og víðtækum reglum og eigi sér stað sem allra fyrst.

Það er algerlega ósannað mál að afnám haftanna nú muni hafa skaðleg áhrif á efnahagslífið. Þvert á móti má færa fyrir því gild rök, eins og gert hefur verið hér, að tafir geti haft mun alvarlegri afleiðingar fyrir lífskjör á Íslandi en að ganga til verks nú þegar. Við skulum ekki sitja ein í Nowhere Landi og gera áætlanir sem koma engum að gagni og hafa hvergi annars staðar reynst vel.

Ákall! Nýtt afl

Stjórnmál

Gunnar Magnússon
fyrrverandi sjómaður

Nú er endanlega ljóst að þessi ríkisstjórn ætlar ekkert að gera nema halda fólki í gíslingu um ókomin ár og setja upp lausnir sem gagnast í raun engum nema að því leyti að eitthver hluti fólksins fær að vera í húsnæðinu áfram sem þrælar nútímans.

Nú þurfum við að óska eftir forustu fyrir nýjan stjórnmálaflokk, sem hefur að hagsmunum að afnema verðtryggingu og sameina lífeyrissjóði í einn þannig að allir landsmenn hafi sömu réttindi. Gæta að hagsmunum heimilanna og klíkuráðningum í þjóðfélaginu.

Við getum ekki sætt okkur við þann kostnað sem kostar að reka marga lífeyrissjóði, margar stjórnir og sér húsnæði fyrir hvern lífeyrissjóð. Þessi óþarfakostnaður nemur hundruðum milljóna á ári.

Einnig þarf að láta rannsaka það fólk sem hefur stjórnað landinu hingað til og jafnvel að fara útí eignaupptöku hjá, sennilega mjög mörgum.

Ætlun þessarar ríkisstjórnar í dag er að ræna þá sem hafa hingað til haldið þjóðfélaginu uppi til að greiða skuldir banka og lífeyrissjóða.

Er það réttlátt að millistéttin sem hefur haldið þjóðinni uppi missi allt sitt og detti niður fyrir fátæktarmörk? Fólk á rétt á að halda því sem það hefur unnið fyrir.

Er það rétt að kæfa niður duglegt fólk sem aflar tekna og borgar gjöld?

Hagsmunasamtök heimilanna hafa komið með tillögu um að færa öll lán, íslensk sem erlend, til 01.01.2008. Frá þeim tíma verða öll lán íslensk með verðbótaþaki 4%. Lækkandi með tímanum og verðbótalaust um ókomna framtíð.

Einfalt og réttlátt

Fólkið sem tók lánin miðaði við verðbólgumarkmið seðlabankans, sem brást illilega.

Afnemum verðtryggingu sem allra fyrst, þá mun fólk vita nákvæmlega í krónum hverjar næstu greiðslur verða af fasteignalánum og við losnum alfarið við okurvexti og óvissu.

Tillaga er að láta kanna hvað allir þessir lífeyrissjóðir hér á landi eru með í launakostnað og þá sundurliðað. Framkvæmdastjóri, stjórn og annar kostnaður.

Einnig húsnæðið, verðmæti þess. Sú upphæð hefur verið tekin af greiðslum og sparnaði fólksins.

Allur kostnaður sem einhversstaðar er t.d. ferðakostnaður og kostnaður við ökutæki.

Þennan kostnað má örugglega skera niður með því að sameina alla lífeyrissjóði í einn.

Eitt skal yfir alla ganga. Við erum öll jöfn að verðleikum.

Hvað töpuðu lífeyrissjóðirnir miklu? Gerum það opinbert hvað hver fyrir sig tapaði miklu og einnig hvað þeir keyptu af skuldum heimilanna. Hafa lífeyrissjóðirnir eitthvað að fela?

Við erum aðeins um 300.000. og ættum öll að vera í þeirri aðstöðu að fá það 100% til baka sem við höfum lagt í sjóðina, ásamt vöxtum.

Leggjum niður samtryggingakerfið. Það getur hver fyrir sig keypt sér tryggingar sem þjóna því sama. Það er mun betra að hver fyrir sig fái sitt að fullu ásamt vöxtum sem viðkomandi hefur lagt í sjóðinn.

Fólkið á skilið að geta verðlaunað sig með góðum lífeyri eftir mikla vinnu.

Stjórnmálamenn eru jú örugglega með himinhá lífeyrislaun, þessvegna er þetta mál mjög viðkvæmt og helst ekki rætt nema með útúrsnúningum og síðan þaggað niður.

Þessar fjölskyldumafíur sem eru á föstum launum í vissum embættismannakerfum, m.a. félagslega kerfinu og velferðarkerfinu. Er það tilfellið að þarna eru alltaf sömu fjölskyldurnar og að engir nýir straumar komist þar að? Sjá umfjöllun í Silfri Egils 05.12. (Ásgerður Jóna Flosadóttir).

Það er til fullt af góðu og frambærilegu fólki eins og t.d. Ásgerður Jóna Flosadóttir, Lilja Mósesdóttir og margir fleiri eins og t.d. stjórn Hagsmunasamtaka heimilanna.

Nú vantar gott fólk til að gera einfalda og góða hluti!

Komum þessi liði sem hefur verið í áskrift á þingi, árum og áratugum saman, frá völdum.

ÚRVAL FALLEGRAR GJAFAVÖRU Á GÓÐU VERÐI

Þú finnur jólagjöfina Í ORMSSON

Solis OF SWITZERLAND SO 978.18

EINSTAKLEGA VANDAÐ OG GOTT MÍNÚTUGRILL

Verð kr. 22.990,-

assistent AMK 6120

FJÖLDI FYLGIHLUTA

FÆST Í 5 LITUM

EFTIRLÆTI SÆNSKRA HÚSMÆÐRA Í ÁRATUGI – *ALGJÖR KLASSI!*

– Loksins fáanleg aftur á Íslandi

Verð frá kr. 79.900,-

AEG ACE 4120

„FULLKOMIN!“

RYKSUGA

Verð kr. 19.900,-

· 2000 W
HLJÓÐLÁTUR ORKUBOLTI

brabantia

BRAUÐBOX · FÖTUR

Heimsþekkt hönnun

Tefal

FRÁBÆRIR POTTAR OG PÖNNUR

Margar stærðir og gerðir

AEG KF 3130

· 1080 W
· 10-15 bolla glerkanna
· Dropastoppari
· Sýnir vatnsmagn
FÆST HVÍT OG SVÖRT

Klassísk

KAFFIVÉL

Verð kr. 5.990,-

AEG SB 4400

· 600 W
· 1,5 L glerkanna
· 6 hraðastillingar (+hraðastilling fyrir klaka)
· Sérlega hljóðlátur

Frábært tæki!

BLANDARI

Verð kr. 14.990,-

AEG AT 3140

Falleg og sterk

BRAUÐRIST

Verð kr. 5.990,-

· 860 W · 7 ristunarstig
FÆST HVÍT OG SVÖRT

DRAUMA RYKSUGAN ER FRÁ AEG

ÞÆR GERAST EKKI BETRI!

Skaftryksugan þægilega, sem ætti að vera til á hverju heimili

Verð kr. 19.990,-

Þarf ekki að hreinsa ofninn fyrir jólin?

Við fullyrðum:

COLLO ER HEIMSINS BESTI OFNAHREINSIR

OBH NORDICA 6518

HREINN (M)UNAÐUR

1 lítra flaska

Kolsýruhylki sem dugar fyrir 60 lítra af vatni fylgir

SODA MASTER Gazelle

Verð kr. 19.900,-

OBH NORDICA 2451

STÓR–SKEMMTILEG!

KAFFIVÉL – *Nett og öflug*

Verð kr. 29.900,-

sinbo SSM-2510

· STÁL

MÍNÚTUGRILL

EÐALGRIPUR Á FRÁBÆRU VERÐI

Verð kr. 12.990,-

sinbo SKS-4513

ELDSHÚSVOG

SMEKKLEG OG VÖNDUÐ STÁL · 3 kg

Verð kr. 3.990,-

sinbo SCO-5002

NÚTÍMA SPARNAÐARTÆKI VIÐ ELDAMENNSKUNA

Eldsnöggur og hörkuflottur 5 lítra blástursofn

Verð kr. 19.900,-

Nintendo SNERPA·SPENNA·SNILLD

DS Lite - LEIKJATÖLVAN

EIN ALLRA VINSÆLASTA LEIKJATÖLVA HEIMS

Verð kr. 24.900,-

OLYMPUS T-100

MIKIL GÆÐI OG GOTT VERÐ

„Bestu kaupin“

12 milljón pixlar · 3x aðdraáttur linsa 36-180mm · Til í 4 litum: Svört, blá, rauð og silfur

Verð kr. 13.900,-

Verbatim VE47540

SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ UPPTÖKU · 1TB

VERÐ ÁÐUR: 69.900 kr

Verð: 39.900,-

SCOTT RX19RD

VANDAÐ OG FLOTT ÚTVARP

Verð kr. 9.900,-

CMX118

VEKJARAKLUKKA

Verð kr. 4.900,-

SHARP XL-DH10NH

i-Pod vagga

FRÁBÆR HLJÓMTÆKJASTÆÐA

VERÐ ÁÐUR: 39.900 kr

Tilboð: 34.900,-

Nintendo SNERPA·SPENNA·SNILLD

Wii -LEIKJATÖLVAN SEM SLEGIÐ HEFUR ÖLL SÖLUMET

Verð kr. 39.900,-

Pioneer PIONEER · DV-320

Spilar allar gerðir diska · Spilar DivX myndir · Spilar JPEG myndir · MP3 og WMA tónlist · Spilar bæði PAL og NTSC · USB tengi · Einfaldur í notkun - þægilegt viðmót



HÁGÆÐA DVD–SPILARI

Verð: 19.900,-

SHARP

LED SJÓNVÖRP

FRAMÚRSKARANDI MYND- OG HLJÓMGÆÐI

32" kr. 149.900,-
37" kr. 199.900,-
42" kr. 259.900,-

SJÓNAUKAR Í MIKLU ÚRVALI

OLYMPUS ER HÁGÆÐA LINSUFRAMLEIÐANDI

Verð frá kr. 4.450,-

CELESTRON FIRSTSCOPE

„Heill heimur opnast þér!“

Kosin *VARA ÁRSINS* á Alþjóðlegu ári stjörnuskoðunar 2009

Verð kr. 11.900,-



ORMSSON

LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800
www.ormsson.is

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT

KVIKA

ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON	ORMSSON
KEFLAVÍK	MODEL-AKRANESI	ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI	AKUREYRI	HÚSAVÍK	VÍK-EGILSSTÖÐUM	PAN-NESKAUPSTAÐ	ÁRVIRKINN-SELFOSSI
SÍMI 421 1535	SÍMI 431 3333	SÍMI 456 4751	SÍMI 461 5000	SÍMI 464 1515	SÍMI 471 2038	SÍMI 477 1900	SÍMI 480 1160

Um siðferði og bankahrun

Siðferði

Ari Skúlason
framkvæmdastjóri Landsvaka

Siðferði er yfirleitt ekki í fyrsta sæti þegar leitað er að helstu orsökum fjármálakreppunnar. Ég tel hins vegar að siðferði skipti miklu máli í þessu sambandi og að þörf sé á dýpri umræðu um hvað sé rétt og hvað rangt í efnahagslífi nútímans. Skortur á siðferði meðal stjórnenda fyrirtækja átti mikinn þátt í hruni fjármálageirans og í hagkerfinu almennt. En þetta er aðeins einn þeirra þátta sem ollu kreppunni og kannski ekki sá veigamesti.

Siðferðileg viðmið verða ekki til í tómarúmi og því er alltaf þörf fyrir aðhald í siðferðismálum. Jafnvel í þróuðustu hagkerfum eru reglur og tilmæli nauðsynleg til þess að vernda rétt neytenda og tryggja að fyrirtæki fari eftir lögum og reglum. Misgreiður aðgangur að upplýsingum og takmarkalítil græðgi munu að endingu leiða til efnahagslegrar hnignunar ef eftirlit er ekki fyrir hendi. Það er því óraunhæft að ætla að stjórnvöld geti látið hjá líða að hafa eftirlit með fyrirtækjum, reynslan segir að til þess séu freistingarnar í atvinnulífinu allt of miklar. Græðgi er kannski veigamesta orsök kreppunnar sem við lifum nú og hún var eldsneytið sem kynti bálið í upphafi. Þó má ekki gleyma öllu því ódýra fjármagni sem flæddi um hagkerfin um árabil. Það má heldur ekki gleyma eftirlitslausum og djörfum aðferðum við veitingu húsnæðislána og öllum þeim afleiddu fjármálaafurðum sem síðar virkuðu eins og olía á eldinn á fasteignamarkaðnum.

Í stuttu máli má segja að við höfum tekið þátt í stórri veislu þar sem bæði fólk og fyrirtæki skuldsettu sig allt of mikið. Um þetta verður tæplega deilt en það sem skiptir meira máli er svarið við spurningunni: hvernig gat þetta gerst og af hverju? Þegar reynt er að svara þeirri spurningu vakna hin siðferðilegu álitamál.

Ég ætla ekki að reyna að skilgreina siðlega breytni eða siðferði nákvæmlega, en þessi hugtök hljóta að tengjast því hvað telst góð eða slæm hegðan, okkur er t.d. kennt það ungum að rangt sé að meiða, stela eða ljúga. Oft er líka talað um fimm almennt viðurkenndar meginreglur í viðskiptasiðfræði sem einnig mynda grunn margra trúarbragða í heiminum og eru kannski líka undirstaða eða grunnur að góðri hegðun í einkalífi fólks. Þessar reglur snúa að því að valda ekki öðrum skaða, að vinna að því að bæta úr tilteknu ástandi, að virða aðra, að vera sanngjarn og að sýna samúð.

Sé litið til þeirrar miklu skuldsetningar sem einkenndi árin fyrir hrun, er gefið að gróðavonin var ofarlega í hugum margra þó einhverjir hafi eflaust gert sér grein fyrir undirliggjandi áhættu. En var það ekki líka þannig að fólk var, með ósiðlegum hætti, hvatt til þess að taka of há lán? Flestir muna eftir að hafa fengið fjölda gylliboða um slíkt á síðustu árum. Er þá hægt að ásaka fólk fyrir að hafa skuldsett sig um of? Gerði fólk ekki það sama og það hefur alltaf gert – það brást við markvissri markaðssókn og einhverjir þáðu þessi tilboð banka sem nú heyra sögunni til.

> Samkvæmt Aristótelesi ætti því að vera hægt að skapa auð, sýna gott siðferði og vera hamingjusamur á sama tíma.

Á síðustu árum jókst áherslan á hámörkun hagnaðar í rekstri fyrirtækja, ekki síst innan fjármálageirans, og bankar stækkuðu og högnuðust verulega. Bankar eru hins vegar ekki venjuleg fyrirtæki, að minnsta kosti ekki sá hluti þeirra sem sinnir hefðbundnum bankaviðskiptum og það eru almannahagsmunir að tryggja rekstur þeirra. En þá er spurt; hafa bankar ekki öðrum skyldum að gegna en að græða peninga og vaxa? Ber þeim ekki fyrst og fremst að tryggja eigin sjálfbærni, þ.e.að þeir haldi sér á lífi, samtímis sem þeir reyna að ná öðrum markmiðum sínum.

Aristóteles segir á einum stað að markmið við stjórnun fjármála hljóti að vera að skapa auð með þeim hætti að það hafi jákvæða þróun í för með sér fyrir gerandann og allt hans umhverfi. Með öðrum orðum: Markmið auðsköpunar ætti að vera það sem gerir stjórnendur fjármálastofnana að betra fólki og heiminn að betri stað. Samkvæmt Aristótelesi ætti því að vera hægt að skapa auð, sýna gott siðferði og vera hamingjusamur á sama tíma. Það sem gerðist á síðustu árum getur augljóslega ekki talist gott dæmi um þetta viðhorf Aristótelesar. Upp úr stendur þegar grannt er skoðað að enginn auður skapaðist og heimurinn hefur alls ekki orðið betri en hann var. Þess í stað var aðalatriðið að verða ríkur á kostnað annarra.

Fyrir nokkrum árum var gerð skoðanakönnun í Sviss um geymslu kjarnorkuúrgangs. Hópur fólks var spurður hvort hann gæti sætt sig við að slíkur úrgangur væri geymdur í nágrenni við heimili þeirra. Ótrúlega hátt hlutfall, eða helmingur, sagði já. Fólk gerði sér auðvitað grein fyrir því að það gæti valdið óþægindum að hafa úrganginn í nánasta nágrenni, en það viðurkenndi líka að einhvers staðar þyrfti hann að vera og var því tilbúið til að sætta sig við þessa niðurstöðu.

Annar hópur fékk sömu spurningu, en nú var bætt við hana tilboði um tveggja vikna laun á hverju ári fyrir að segja já. Nú kynnu margir að halda að fleiri hefðu sagt já í þessum hópi en í hinum því jákvæðari hvatningu hafði verið bætt við. Reyndin varð allt önnur, aðeins 25% sögðu já við tilboðinu með launagreiðslunni. Með því að bjóða peningagreiðslu snerist spurningin ekki lengur um „hvað er rétt“ heldur „hvað kemur mér best“ og þá gilda allt aðrar reglur og önnur niðurstaða fæst. Þá verður hvatningin og umfang hennar að aðalatriði. Svo kemur að því að hvatningin dugir ekki lengur og þá segir fólk að það þurfi að breyta henni. Á endanum verður fólk háð hvatningu og hættir að spyrja sig hvað sé rétt og hvað rangt.

Kannski er þetta góð lýsing á því hvað fór úrskeiðis í fjármálageiranum á síðustu árum.

Byggt á erindi sem höfundur hélt á ráðstefnu norrænna fyrirtækja innan UN Global Compact í október sl.

Mikilvægi leikskólastjóra

Leikskólar

Erla Stefanía Magnúsdóttir
leikskólastjóri

Undirrituð skrifaði meistaraprófsritgerð sem fjallaði um áhrif og mikilvægi stjórnenda á störf leikskólakennara og hvernig þeir þrífast og dafna í starfi. Yfirskriftin ritgerðarinnar var „Lederpædagog-trivsel og læring“. Ástæðan fyrir efnisvali var meðal annars áhugi eftir meistaranám sem og reynsla eftir átta ára starf sem leikskólaráðgjafi á Fræðsluskrifstofu Kópavogs.

Mikið hefur breyst á síðustu árum og nú geta leikskólastjórar ekki lengur stjórnað skólum með tilfinningum sínum heldur verða þeir að mæta auknum faglegum kröfum og takast á við breytingar og fleiri vandamál en nokkru sinni fyrr. Stjórnunarþátturinn verður alltaf veigameiri og minni tími gefst til að sinna faglegu starfi með börnunum.

Í rannsókninni var eingöngu horft á innri þætti skólanna en ekki ytri áhrifaþætti eins og fjölda barna, lög og reglugerðir og annað sem hefur áhrif á starf stjórnandans. Viðtöl voru tekin við kennara og stjórnendur í leikskólum í Gladsaxe kommune í Danmörku og einnig stuðst við eldri rannsóknir, m.a. frá Per Erik Ellström, Knud Illeris, Lave og Wenger, og Moos.

Samkvæmt ofangreindum rannsóknum hefur stjórnun skólanna mikil áhrif á velferð og hæfni kennara í starfi og þróun og framvindu kennarastarfsins. Stjórnendur þurfa að búa yfir hæfni til að skapa faglegan vinnustað þar sem ríkir góður andi og fyrirkomulag og skipulag á allri starfseminni þarf að ganga upp. Leikskólastjórinn deilir út verkefnum og þarf að sjá til þess að fagleg menntun kennaranna nýtist starfinu sem best og starfið eigi þátt í að þroska kennarann í starfi.

Wahlgren og fleiri (2002) segja að sú menning sem stjórnandinn skapi á vinnustað verði til þess að hæfni kennarans aukist og möguleikar hans til að þróa sig í starfi verði meiri. Þeir segja einnig að þetta hafi áhrif á sjálfstæði vinnubragða og möguleikanum á því að auka þekkingu sína innan skólans. Þá leiða rannsóknir í ljós að sá andi sem leikskólastjórnendur skapa á vinnustaðnum getur aukið hæfni kennaranna og bætt möguleika þeirra til að þróa sig í starfi. Einnig hafi það áhrif á sjálfstæð vinnubrögð kennara og efli þekkingu þeirra innan skólanna. (Wahlgren og fleiri 2002). Það sama styðja fleiri rannsóknir.

Moos (2003) talar um þrjár stjórnunartegundir innan skólans og sú fyrsta fjallar um eigin-leika stjórnendans, önnur fjallar um vald og áhrif og sú þriðja um fjallar um tengsl milli starfsfólks á vinnustaðnum. Þar kemur skýrt fram mikilvægi stjórnandans í starfi skólans og þýðingu hans á vinnustaðnum.

Í viðtölum kom skýrt fram að aðkoma stjórnenda hefur mikil áhrif á stuðning stjórnenda við leikskólakennara varðandi endurmenntun og öll erfið mál. Einnig kom skýrt fram að viðurkenning frá stjórnandanum hefur mikla þýðingu í því hvernig kennarinn þrífst í starfi.

> Þetta er fjölbreyttasta og eitt mikilvægasta starfið innan skólanna. Við erum það sem heldur starfinu gangandi

Kennararnir höfðu jafnframt sterkar skoðanir á því hvernig góður stjórnandi á að vera og nefndu meðal annars kosti eins og þá að vera sveigjanlegur, ábyrgur, góður hlustandi og að vera til staðar. Einn sagði „Ég er glöð þegar ég mæti til vinnu því ég er með góðan leikskólastjóra, upplifi mig mikilvæga og sem hluta af faglegri heild.“

Niðurstöður rannsóknarinnar voru ótvíræð. Leikskólastjórar hafa afgerandi áhrif á störf leikskólakennara og hvernig þeir læra og dafna í starfi. Bæði rannsóknir, kenningar og viðtöl sýna fram á að eftir því sem stjórnandinn er hæfari er mun minna um starfsmannaveltu.

Það er nokkuð ljóst að þetta undirstrikar það að „eftir höfðinu dansa limirnir“. Ég sem hef starfað sem leikskólastjóri í rúmt ár sé enn betur í „praksis“ mikilvægi mitt sem stjórnanda en rannsóknin mín gaf til kynna. Þegar ég kem heim á kvöldin hugsa ég oft af hverju er ég svona þreytt, ég þessi mikli orkubolti? En er það nokkuð skrýtið? Það fara 400 manns inn og út af vinnustaðnum mínum yfir daginn, 120 börn, 240 foreldrar og nærri 40 starfsmenn. Ég tala við minnst 50% þeirra daglega, síðan eru samskipti við launadeildina, bókhaldið og aðra samstarfsaðila. Ef kokkurinn er veikur þá þarf að elda fyrir 150 manns í mat, baka brauðin, einnig þarf að leysa af í veikindum, gera launaáætlun, launaskýrslu, hagstofuskýrslu, skrifa fréttabréf, skipuleggja stjórnendateymisfundi og svona mætti lengi telja. Þetta er fjölbreyttasta og eitt mikilvægasta starfið innan skólanna. Við erum það sem heldur starfinu gangandi, tökum þátt í gleði og sorg starfsmanna, barna og fjölskyldna þeirra ásamt öllu öðru sem inn á okkar borð kemur. Það er því mjög mikilvægt að styðja við okkur stjórnendur svo við náum að hlúa að öllum öðrum og því er sú tillaga að fækka stjórnendum algjör tímaskekkja og mun hafa neikvæð áhrif á allt starf í leikskólum. Leikskólastjórar hafa eins og staðan er í dag nóg á sinni könnu og ef þeir eiga að sinna starfi einhvers annars kemur það til með að bitna harkalega á öllu því góða starfi sem fram fer á leikskólum landsins eins og nefnt var hér fyrir ofan.

Læra lexíu

Wikileaks

Svavar Gestsson
sendiherra

Það er heldur snautlegt ef lekinn úr Wikileaks verður bara frá allra síðustu mánuðum. Fróðlegt væri að sjá skrif bandarískra embættismanna frá kaldastríðsárunum. Athyglisvert er að virða fyrir sér viðbrögð Björns Bjarnasonar við þessum leka. Nú er allt lygi, bull og þvaður sem kemur frá bandarískum diplómötum á Íslandi.

Það er annars makalaust að þessi skjöl skuli birtast og spennandi verður að sjá þegar það kemur fram hvernig þessi skjöl hafa komist í hendur þeirra sem hafa nú birt þau. Vonandi koma kaldastríðsskjölin fram svo þjóðin geti skoðað samskipti Sjálfstæðisflokksins og bandarískra sendiráðsins.

Margt má segja um þessar frásagnir bandarískra embættismanna. Ekki fer hjá því að maður velti því fyrir sér hvort bandarískir sendimenn á Íslandi séu í lakari kantinum. Ég hef aldrei komið í bandarískra sendiráðið á Íslandi nema til að sækja vegabréfsáritun sem ég fékk ekki. Hef aldrei kynnst bandarískum sendiherrum á Íslandi og hef engar forsendur til að meta þetta fólk. Kynntist reyndar mörgum prýðilegum bandarískum sendimönnum þar sem ég þjónaði sem sendiherra fyrir Ísland erlendis.

> Það er hins vegar beinlínis niðurlægjandi hvernig bandarískir diplómatar tala um Íslendinga almennt. Það minnir á nýlenduveldin forðum

Það læðist að manni sá grunur að það hafi ekki verið verra að bandarískur sendiherra fékk ekki íslenskt heiðursmerki svo sem frægt var.

En það er hins vegar beinlínis niðurlægjandi hvernig bandarískir diplómatar tala um Íslendinga almennt. Það minnir á nýlenduveldin forðum, minnir á sögur um eldvatn og glerperlur handa indíánum, frumbyggjum. Eftir þessa birtingar – sem ber að þakka fyrir og vonandi kemur meira – hljóta íslensk yfirvöld hins vegar að velta því fyrir sér hvort það sé óhætt að tala við bandaríska sendimenn. Um það þarf greinilega að setja nýjar reglur. Til dæmis að ræða aldrei einslega við þá og aldrei nema að viðstöddum riturum. Íslendingar þurfa að eiga góð samskipti við Bandaríkin; lekinn bendir hins vegar til þess að bandarískir sendimenn á Íslandi þurfi að læra lexíu.

AF NETINU

Saksóknarans var að standa í fæturna

Það var vissulega óheppilegt að forysta Alþingis skyldi beina því til saksóknara að stefna fólkinu og þá eftir þeirri grein. Saksóknarans var samt að standa í fæturna og hafði fullt vald til að taka ekkert mark á bréfinu sem hann fékk. En ætlist fólk til að þingvaldið fari að draga til baka ákærur þá er það um leið að óska eftir pólitísku ákæruvaldi, ekki bara í þessu máli heldur hverju sem er. Auðvitað á ekki að koma til greina að ráðherrar eða þingmenn hafi eitthvað um ákæruvaldið að segja (fyrir utan auðvitað að ráðherrar skipa dómara og saksóknara og reyndar full ástæða til að kanna hvernig staðið er að því). Nema auðvitað að fólk vilji pólitísk réttarhöld.

Miðjan.is

Brynjólfur Þór Guðmundsson

Hirði þeir þrotabúið

Eftir þjóðaratkvæðagreiðslurnar í mars hefur verið ljóst, að íslenska þjóðin er ekki tilbúin til að fallast á ríkisábyrgð fyrir feigðarflan einkabanka. Þjóðin mun ekki samþykkja ósanngjarnan samning. Landsbankinn er þrotabú og búist er við að eignir búsins dugi fyrir Icesave skuldbindingunni og gott betur. Það er einungis ein lausn á Icesave í sjónmáli. Hún felst í því að innistæðutryggingasjóðirnir í Bretlandi og Hollandi taki þrotabú Landsbankans yfir með manni og mús. Séu þeir ekki tilbúnir til þess geta þeir leitað réttar síns fyrir dómstólum. Það hafa þeir ekki þorað að gera hingað til af þeirri einföldu ástæðu að þeim er fulljóst að lagaleg rök ganga gegn greiðsluskyldu Íslands. Það sjá í raun allir nema íslenska ríkisstjórnin, sem skelfur á beinunum í hvert sinn, sem útlendir viðsemjendur byrsta sig.

Íslenska ríkisstjórnin og erlendir viðsemjendur hennar verða að gera sér grein fyrir því að íslenska þjóðin hefur síðasta orðið í Icesave.

Af Íslands hálfu á aðeins eitt tilboð að standa á Icesave samningaborðinu:

Hirðið þrotabú Landsbankans og málið er dautt. Annars sjáumst við í réttarsal.

Pressan.is

Ólafur Arnarson

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
visir.is
Meiri Vísir.

Väj.

Eða veldu eins og sagt er á íslensku. Nýtt samstarf SAS og Icelandair þýðir að núna áttu möguleika á að velja á milli miklu fleiri áfangastaða en áður. Við bjóðum nú uppá þann möguleika að bóka flug til Evrópu og lengra á frábæru verði á **www.flysas.is**

Berlín
München
Hamborg
Varsjá
Zürich
Mílanó
Vilníus
Ósló
Kaupmannahöfn
Stokkhólmur
Helsinki
Gautaborg
Stafangur
Þrándheimur
Bergen
London
París
Frankfurt
Peking
Tokyo
Bangkok

Ávallt með SAS
Engin dulin gjöld - innritun án endurgjalds - sætabókun án endurgjalds
Farangursheimild án endurgjalds - EuroBonus-punktar - 25% barnaafsláttur

ICELANDAIR
SAS Scandinavian Airlines
A STAR ALLIANCE MEMBER

flysas.is

AF NETINU

Hvað ef gögnin væru frá Rússlandi eða Kína?

Merkileg niðurstaða hjá njósnara Bandaríkjamanna að setja á blað að Ólafur Ragnar Grímsson sé óútreiknanlegur. Vonandi, spæjarans vegna, að hann hafi ekki varið löngum tíma í þessar rannsóknir. Niðurstaðan er öllum ljós, allavega öllum sem til þekkja.
Ólafur Ragnar er sannanlega óútreiknanlegur. Og eflaust á hann oft eftir að koma á óvart þannig að fælar bandarísku alheimslöggunnar breytast ekki hvað þetta varðar.
Svo er hitt, mikil ósköp eru þessi WLskjöl niðrandi fyrir þá fjölmörgu sem þáðu mat og drykk til að setjast niður með þessu furðufólki. Og hver væri umræðan væri svona gögn opinber úr rússneska eða kínverska sendiráðinu?

Midjan.is

Sigurjón M. Egilsson

Steingrímur eins og aumur lagatæknir

Fjármálaráðherra segir, að á óvart komi gagnrýni Ríkisendurskoðunar á kaup ríkisins á hlutafé í Sjóvá. Það er rangt. Hún kemur bara Steingrími á óvart. Hann segir almenna heimild vera í lögum og fjáraukalögum 2008 og 2009 til slíkra verka. Það er rangt, Steingrímur getur ekki sukkað tólf milljörðum framhjá fjárlögum. Enn segir hann tvímælalaust rétt að tryggja mikilvæga hagsmuni. Það er líka rangt hjá honum. Verknaðurinn er ekki tvímælalaus, heldur í hæsta máta umdeilanlegur. Þannig er hann eins og aumur lagatæknir. Býr til orðaleppa til að fela brennslu sína á tólf milljörðum af skattfé.

jonas.is

Jónas Kristjánsson

Menningarsetur múslima

Múslimar

Karim Askari
talsmaður Menningarseturs múslima



Samkvæmt norrænni goðafræði varð fyrsta veran til í miðju Ginnungagaps og var það þursinn Ýmir. Tilurð hans má rekja til þess að frost Niflheims blandaðist eldum Múspelsheims. Síðar var jörðin og himninn gerð úr holdi og beinum Ýmis. Heiðinn menningararfur Íslendinga hefur verið alþýðu manna og listamönnum óþrjótandi brunnur allt fram á okkar daga. Íslensk þjóð á sér líka kristinn menningararf og gott er að kunna skil á þessari sögu landsmanna þótt menn tileinki sér ekki endilega heiðinn sið eða kristna trú. Menning er miklu meira en trúarbrögð.

Landnámsmenn og fyrstu afkomendur þeirra lifðu við trúfrelsi, enda var hluti þeirra heiðinn, annar hluti kristinn, enn aðrir blendnir í trúnni og sumir goðlausir. Við kristnitökuna var mönnum leyft að blóta á laun en trúfrelsi komst ekki aftur á fyrr en með tilkomu stjórnarskrárinnar árið 1874. Nú stendur fyrir dyrum endurskoðun stjórnarskrárinnar og allir telja sjálfsagt að trúfrelsi verði þar ofarlega á blaði þar sem það telst nú með grundvallarmannréttindum.

Margt hefur breyst á Íslandi síðan á 19. öld og hér má nú finna mörg og ólík trúfélög, eitt þeirra er Menningarsetur múslíma á Íslandi. Íslenskir málshættir segja að hverjum þyki sinn fugl fagur og að sæll sé hver í sinni trú. Við múslímar erum þar engin undantekning. Íslendingar vita hvað heiðnin og kristnin hefur djúpstæð áhrif á þjóðarsálina, hugmyndaheim, bókmenntir og listir en menning múslíma er þeim flestum framandi.

Íslendingum sárnar þegar dregin er upp sú mynd af víkingum að þeir hafi verið menningarsnauðir ræningjar og ofstopamenn sem hafi farið víða um lönd með ránum og hernaði. Þeir vilja frekar hugsa til Völuspáar og Hávamála, siglingaafreka, landafunda, lagagerðar og verslunar forfeðranna. Að sama skapi vilja kristnir menn ekki kenna sig við krossferðirnar, rannsóknarréttinn eða nornabrennur. Íslenskir ásatrúarmenn sverja af sér kynþáttahatur sumra trúbræðra sinna í Bandaríkjunum og Evrópu nútímans og kristnir Íslendingar samsama sig ekki með trúbræðrum sínum í Bandaríkjunum sem vilja kenna sköpunarsögu Biblíunnar í stað þróunarkenningarinnar og myrða lækna er fást við fóstureyðingar. Íslenskir múslímar frábiðja sér á sama hátt að vera spyrtir við hryðjuverk og afturhald trúbræðra sinna erlendis.

> Múslímar búa að miklum, merkum og göfugum menningararfi, ekki síður en heiðnir menn og kristnir.

Menning er þroski mannlegra eiginleika, þjálfun hugans, verkleg kunnátta, andlegt líf og sameiginlegur arfur. Múslímar búa að miklum, merkum og göfugum menningararfi, ekki síður en heiðnir menn og kristnir. Við eigum okkar merku bókmenntir, ljóðlist, myndlist, byggingarlist, heimspeki, vísindi, matargerð, siði, venjur o.s.frv. og margir Íslendingar hafa fengið örlitla innsýn í þann arf á ferðum sínum erlendis. Menningarsetri múslíma á Íslandi er ætlað að auðvelda félagsmönnum og landsmönnum öllum að fræðast um þennan arf hér á landi og njóta hans með okkur. Á næsta ári flyst starfsemin í Ýmishúsið svokallaða í Öskuhlíð og er það vel við hæfi að leiða saman ólíka strauma í húsi kenndu við Ými.

Með rekstri menningarmiðstöðvar viljum við draga úr fordómum og stuðla að jákvæðum samskiptum múslíma og annarra Íslendinga. Við erum sannfærðir um að aukin þekking á Íslam verður landi og þjóð til framdráttar og að sama skapi viljum við auka þekkingu aðfluttra múslíma á Íslandi. Í setrinu er t.d. ætlunin að kenna aðfluttum múslímum íslensku, halda námskeið um lýðræðisskipulag og mannréttindi í Íslam og berjast gegn ofbeldi, kynþáttahatri og hryðjuverkum. Þar viljum við kenna aðfluttum íslensku og íslenskum arabísku. Við viljum sýna okkar bestu hliðar og leggja okkar af mörkum til að vernda unglinga gegn vá eiturlyfja, ofbeldis, glæpa og árásargirni.

Fræðsla og upplýsingar eru farsælustu meðulin gegn fordómum og tortryggni. Íslendingar flestir vel sigldir, frjálslyndir og víðsýnir en þó eru nokkrir þeirra sem óttast hið óþekkta og vilja reisa varnarmúra umhverfis eigin heimsmynd. En múrar eru líka reistir til að halda öðrum úti og það kann ekki góðri lukku að stýra. Við viljum byggja brýr, ekki múra, og hlökkum til gefandi samskipta við alla landsmenn.

Tökum ábyrgð á eigin heilsu

Heilbrigðismál

Geir Gunnar Markússon
næringarfræðingur

Það er mikið rætt og ritað á Íslandi í dag um fyrirhugaðan niðurskurð í heilbrigðiskerfinu vegna slæmrar stöðu Ríkissjóðs. Við Íslendingar búum við ótrúlega gott heilbrigðiskerfi og við getum treyst því að komast undir læknishendur ef við hnígum niður með kransæðastíflu (þ.e.a.s ef einhver verður var við okkur), fótbrotnum, greindumst með krabbamein, kynsjúkdóm eða önnur alvarleg mein.

Það eru ótrúleg fríðindi að búa í landi þar sem svona vel er hugsað um okkur en þessu fylgir líka ókostur. Gæti ástæða þess að við lifum stundum eins og enginn sé morgundagurinn verið sú að við treystum því að heilbrigðiskerfið sjái um okkur ef t.d lungun klikka vegna reykinga, æðarnar stíflast vegna óheilbrigðs mataræðis eða ef hjartað gefur sig vegna neyslu á ólöglegum efnum?

Við trúum því, eða í það minnsta vonum það, að ekkert komi fyrir okkur og vitum að ef það klikkar þá er þetta góða heilbrigðiskerfi tilbúið að hugsa vel um okkur, þar til við getum aftur farið að lifa okkar óheilbrigða lífi.

Ef við viljum leggja okkar af mörkum til að koma okkur út úr núverandi efnahagskreppu getum við byrjað á að hugsa betur um okkur sjálf og lækkað þannig kostnað heilbriðiskerfisins.

Við mundum líklega hugsa betur um okkur ef við þyrftum sjálf að sjá um kostnaðinn við hjartaaðgerðina eða krabbameinsmeðferðina?! Það væri kannski ráðið að taka upp auðvaldsskipulagt heilbrigðiskerfi líkt og tíðast t.d í Bandaríkjunum þar sem þeir sem eiga mesta peninga fá bestu þjónustuna á spítölum. Flestir skipta reglulega um olíu á bílnum sínum og fara reglulega með hann í skoðun, vitandi að hann getur brætt úr sér sé það ekki gert og verðgildi hans minnkar. Þurfum við að ganga um með verðmiða til þess að við áttum okkur á því að við komum aðeins í einu eintaki? Það væri gaman að sjá hvort fólk mundi meta líf sitt betur ef ríkið tæki ekki að sér að sjá um það ef eitthvað færi úrskeiðis líkamlega? Ef ég væri gerður að heilbrigðisráðherra þá mundi ég taka upp hinn árlega „Hjálpaðu þér sjálfur“ daginn þar sem hver og einn þyrfti að sjá um sig í veikindum sínum, þá fyrst held ég að almenningur komi til með að meta heilsu sína!? Auðvitað er hér um grín að ræða en það er samt sem áður kominn tími til að fólk átti sig á því hvers virði heilsa þess er!

> Það væri gaman að sjá hvort fólk mundi meta líf sitt betur ef ríkið tæki ekki að sér að sjá um það ef eitthvað færi úrskeiðis líkamlega

Ein ástæða þess að sumir hugsa ekki um líkama sinn gæti verið sjálfseyðingarhvöt og einhver óhamingja í lífinu. Þeim væri hreinlega sama þótt að það gæfi upp öndina og um að gera að borða óhollt, dópa og reykja til að flýta fyrir því ferli. En ég hvet alla sem eru í þessum hugleiðingum að heimsækja fólk sem hefur lamast og alvarlega veika sjúklinga á legudeildum og líknardeildum spítala landsins. Óskir þessara sjúklinga eru ótrúlega einfaldar t.d. „ég væri til í að geta gengið“ og „ég væri til í að geta séð börnin mín brosa einu sinni enn“. Það eru þessir litlu hlutir í lífinu sem gefa því gildi en því miður áttum við okkur stundum bara á því of seint.

Við þurfum þó ekki að lifa eins og grænmetisætur, hreyfa okkur meira en Íþróttaálfurinn og hugsa eingöngu um heilsu okkar og heilbrigði. Leyfum okkur flest (innan skynsamlegra marka) það sem lífið hefur upp á að bjóða en í HÓFI. Við megum ekki verða svo upptekin af því að lifa heilbrigðu lífi að við gleymum að lifa því!

Metum lífið og þennan eina kropp sem við höfum og um leið munum við öðlast mun ánægjulegra og innihaldsríkara líf og minnka líkur á alvarlegum sjúkdómum eða veikindum í kjölfarið.

„Ef þú hefur ekki tíma fyrir heilsuna í dag þá hefur heilsan ekki tíma fyrir þig á morgun.“

Nú er jólafjör til klukkan 22 á kvöldin

195,-

SNÖVITA gjafapappír
L8m. Rautt
Fæst einnig í brúnu

© Inter IKEA Systems B.V. 2010

Hátíðarkalkúnn og meðlæti

895,-

MARTORP vínglös 1.490,-/12 í setti
6 hvítvínsglös 53cl og 6 rauðvínsglös 58cl. Gler



TRÅDIG skál 4.990,-
Ø30, H20cm. Rautt

KLAPPAR HARE mjúkdýr 995,- L38cm. Drapplitað

Frábær jólagjöf!
Við minnum á rafrænu gjafakortin okkar.
Upphæð að eigin vali

IKEA®

Verslun opin 11-22 til 22.desember - Veitingastaður opinn 9:30-20:30 - Þorláksmessa: Verslun opin 11-20

www.IKEA.is

Viltu leyfa börnum að fara í sund Svandís

Sund

Ómar Stefánsson
fyrrv. bæjarfulltrúi í Kópavogi og „sundpabbi“

Sæl Svandís. Frænka þín í bæjarstjórn Kópavogs sagði við mig að ég ætti bara að skrifa þér bréf ef ég hefði svona mikinn áhuga á því að börn 8-10 ára hefðu leyfi til þess að fara í sund án forráðamanna sinna. Ég ákvað að hafa þetta opið bréf til þín vegna þess að það er ágætt að fá smá umræðu um þá ákvörðun að banna tveimur árgöngum barna að fara með jafnöldrum sínum í sund.

Það er töluvert sem mælir gegn því að herða þessar reglur ef ekki eru fyrir því góð og gild rök Ég hef verið að tala við „sundsérfræðinga“ og reynt að fá rök eða ástæðu studda einhverjum tölum en ekkert fengið. Þetta bann kemur í veg fyrir töluverða hreyfingu fyrir börn.

Sérstaklega þau sem eru svo heppin að búa nálægt sundlaugum og hafa til þessa getað farið ein í sund. Þetta þekki ég persónulega, því dóttir mín sem er 9 ára eyddi töluverðu af sumrinu í Sundlaug Kópavogs með vinkonum sínum.

Sundnámskeið á vegum íþróttafélaga og sveitarfélaga eru nú í boði fyrir unga krakka og ekki má gleyma ungbarnasundinu, auk þess eru einhverjir leikskólar farnir að bjóða upp á námskeið fyrir elstu börnin. Sundstöðum hefur fjölgað töluvert þau ár sem það hefur verið leyfilegt fyrir börn frá áttunda ári að fara ein í sund og ég leyfi mér að fullyrða að öryggisgæslan hafi batnað mikið. Ég leyfi mér líka að efast um að foreldrar sem fara með börn sín í sund yrðu mikið í því að fara á eftir 8 og 9 ára börnum sínum í sundlaugina eftir að hafa setið í heita pottinum. Eftirlitið er því áfram á ábyrgð starfsfólks sundstaða.

> Það er ágætt að fá smá umræðu um þá ákvörðun að banna tveimur árgöngum barna að fara með jafnöldrum sínum í sund.

Það er víst margt fleira í þessari reglugerð sem þeir sem til þekkja hafa athugasemdir við. Ég skora því á þig að fresta gildistökunni og fá frekari umsagnir þeirra sem þekkingu hafa á þessum málum. Ef það er ekki möguleiki þá bið ég þig að endurskoða ákvörðunina með aldurinn, því hvað er skemmtilegra en að busla í vatni þegar maður er barn.

Bændaforusta og samninganefnd

Ísland og ESB

Ingimundur Bergmann
vélfræðingur og bóndi

Áhugasamt fólk um málefni landbúnaðarins hefur að undanförnu getað fylgst með undarlegri deilu sem komin er upp milli Bændasamtaka Íslands (BÍ), annars vegar og Landbúnaðar- og sjávarútvegsráðuneytisins hins vegar.

Upphaf málsins má rekja til þess að Fréttablaðið átti á dögunum viðtal við formann samninganefndar þeirrar sem skipuð var til að koma fram fyrir hönd íslenska ríkisins gagnvart Evrópusambandinu í samningaferlinu sem hafið er vegna umsóknar Íslands. Í viðtalinu kom fram að ekki þykir gott að BÍ skuli kjósa að standa utan við ferlið og kjósi að senda ekki fulltrúa sína til starfa við svokallaða rýnivinnu sem fram fer við að bera saman stöðu mála á Íslandi annars vegar og ESB hins vegar.

> Gera verður þá kröfu til Bændasamtaka Íslands, að þau skipti þegar í stað um afstöðu til samninganefndarinnar.

Bændasamtökin hafa, sem kunnugt er, tekið þá afstöðu að þau séu á móti inngöngu Íslands í ESB og af þeirri ástæðu sé réttast að koma hvergi nærri samningaferlinu, væntanlega með það í huga að „enginn sé þar kenndur þar sem hann komi ekki“. Deila má um hversu málefnaleg þessi afstaða er og eins hvort hún þjóni hagsmunum bænda. Hafa verður í huga að svo gæti farið að Ísland gangi til liðs við ESB hvort sem bændum líkar það vel eða illa. Má því eins líta svo á, að betra sé að taka þátt í að gera þá samninga sem unnið er að og reyna með því hafa áhrif á þá til hins betra fyrir bændur – byggja þannig undir greinina til framtíðar – því ef svo fer að ekkert verður af inngöngu Íslands, hefur þó ekki gerst annað en það að BÍ hafi lagt sitt af mörkum til að treysta hag stéttarinnar.

Vegna þessa er kominn upp fyrrnefndur krytur milli ráðuneytisins og bændasamtakanna og deilan snýst um það hvorir séu með ólund, bændaforingjarnir eða ráðuneytismenn. Í viðtali blaðsins við Harald Benediktsson heldur Haraldur því fram að „allt sé þetta Jóni að kenna” (þ.e. Jóni Bjarnasyni). Jón lætur svo upplýsingafulltrúa sinn (Bjarna Harðarson) svara fyrir sig í sama blaði nokkru seinna og sá er hreint ekki á því að rétt sé með farið, því að ráðuneytið sé einmitt á kafi í hinni títtnefndu rýnivinnu.

Þar hafa menn það: Hvorugur vill kannast við að vera með ólund, sem vonlegt er. Hvorki ráðuneytið né Bændasamtökin geta nefnilega leyft sér slíka framkomu; ekki á opinberum vettvangi og ekki heldur að tjaldabaki. Þeim ber báðum skylda til að vinna að málinu af heilindum, hvort sem þeim líkar betur eða ver. Ráðuneytinu vegna þess að um umsókn Íslands að Evrópusambandinu var samið við stjórnarmyndunina og hún síðan samþykkt af Alþingi, en Bændasamtökunum vegna þess að þau eiga að gæta hagsmuna bænda, sem a.m.k. sumir hverjir, eru ekki alveg sannfærðir um að þau séu að gera nægjanlega vel.

Í Bændablaðinu er greint frá svokölluðum „bændafundum“ sem haldnir hafa verið víðs vegar um landið að undanförnu og í frásögnum af fundunum kemur fram að ekki eru allir bændur jafn vissir um að afstaða samtakanna sé rétt, (að taka ekki þátt í samningaferlinu). Vitanlega er fullkomlega eðlilegt að bændur hafi af því nokkrar áhyggjur. Sjálfsagt hlýtur að vera að Bændasamtökin gæti hagsmuna bænda, í þessu efni sem öðru er að stéttinni snýr, en feli það hlutverk ekki einhverju fólki út í bæ, sem hugsanlega hefur ekki eins mikla þekkingu á málefnum stéttarinnar og gera má ráð fyrir að samtökin hafi.

Ekki hefur alltaf gefist vel að BÍ sofni á verðinum þegar málefni bændastéttarinnar eru annars vegar og í því sambandi má minna á hvernig komið er fyrir því sem áður hét Lánasjóður landbúnaðarins, sjóður sem að hluta var rekinn á félagslegum grundvelli, en er nú gufaður upp í því dæmalausa frjálshyggjubrölti sem stundað var. Það er ljót saga sem bændur og ríkissjóður Íslands súpa nú seyðið af.

Gera verður þá kröfu til Bændasamtaka Íslands, að þau skipti þegar í stað um afstöðu til samninganefndarinnar, taki þátt í því starfi sem þar fer fram og leggi sitt af mörkum til að samningarnir sem unnið er að, verði sem bestir fyrir land og þjóð, bændur jafnt sem aðra þegna þessa lands.

AF NETINU

HS-orka í höndum Magma verði þrotabú

Útrásarafgangarnir í samvinnu við Ross Beaty i Magma og gjaldþrota Reykjanesbæ reyna sem fyrr að láta okkur standa frammi fyrir orðnum hlut. Viðrinin þykjast búin að kaupa HS-Orku en það fyrirtæki er aðeins til að nafninu. Hitaveita Suðurnesja skipti rekstrinum í tvennt í fjármálafyllerísæfingu en aðeins í orði en ekki á borði.

Græðgiseðjótin á bakvið atlöguna að auðlindum þjóðarinnar vilja ekki skilja pólitískar yfirlýsingar ríksstjórnarinnar um að það eigi að vinda ofanaf kaupum Magma á HS-Orku.

Orkumál lúta laga- og regluverki sem hið opinbera á að nota til að keyra Magma HS-Orku í þrot.

pallvil.blog.is

Páll Vilhjálmsson

SETTU ÞITT KYNNINGAREFNI INN Í FRÉTTABLAÐIÐ

Notaðu mest lesna blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina. Það er hvergi betri staður fyrir fjölpóst en inni í Fréttablaðinu því það tryggir að auglýsingaefnið lendi á eldhúsborðinu þegar blaðið er opnað.

93% landsmanna hafa aðgang að Fréttablaðinu.

Kannaðu dreifileiðir í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi orn@365.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Fjölpóstur með Fréttablaðinu skilar árangri!

Vægi verðtryggingar

Verðtrygging

Hjalti Þórisson
þjóðfélagsfræðingur og framhaldsskólakennari

Viðskiptaráðherra hefur nú skipað eina nefndina enn til þess að kanna kosti og galla verðtrygginga. Sú síðasta skilaði af sér í vor. Hér er væntanlega einungis átt við hina almennu heimild til að verðtryggja höfuðstól fjárskuldbindinga. Nefndin á að snara fram áliti og tillögum í lok jólamánaðarins hvernig eigi að „draga úr vægi verðtrygginga“. Samt sem áður hefur ríkisstjórnin nú lýst yfir því, áður en nefndin skilar af sér, að hún hyggist gera einmitt það.

Það er stórmerkilegt, að nú, þremur áratugum eftir setningu Ólafslaga, þurfi að setja upp nefnd til að meta ágæti verðtrygginga, eins og þær séu ekki löngu búnar að sanna ágæti sitt. Sjálfsagt er að tíunda það, hafi einhverjum yfirsést það.

Verðtrygging er óvirk ef ekki eru verðlagsbreytingar. Ef verðgildi gjaldmiðilsins breytist lagar verðtrygging fjárskuldbindingar að því, hvort sem hann rýrnar (verðbólga) eða eflist (verðhjöðnun), sem er einstæður og ómetanlegur eiginleiki. Verðtrygging tryggir sannvirði. Hún sér til þess að því sé skilað sem fengið er að láni.

Verðtrygging ver sparnað og hefur ein viðhaldið sterkri stöðu lífeyrissjóðanna gegnum hrunið. Henni er það að þakka að til er öflugur „sparisjóður“ í landinu enn; að yfirleitt er einhver eign eftir í landinu. Verðtryggingin er sigurvegarinn í fjármálaóreiðunni. Hún er skjaldborgin.

Verðtrygging er forsenda langtímalána og þar með afborganagetu við húsnæðiskaup. Þessi atriði eru spyrt saman. Án slíkra langtímalána væri ekki heldur hægt að bjóða upp á jafngreiðslukjör (annúitet) sem jafnar og dreifir greiðslubyrði á lánstímann og gerir greiðsluáætlanir áreiðanlegar. Fyrir vikið hefur fólk yfirleitt getað ráðist í íbúðakaup með skaplegum hætti. Unnt er að fresta greiðslum án þess að neinn skaðist ef fólk lendir í tímabundnum greiðsluerfiðleikum. Kostir þessa eru slíkir að tilvinnandi er þó ríflega sé borgað með slíkum lánum.

Verðtryggingar eru ekki bundnar við skuldir (lán). Margur sá sem vill losna við verðtryggingar skulda vill ómögulega losna við verðtryggingar persónuafsláttar eða bóta almannatrygginga. Lífeyrir úr lífeyrissjóðum miðast við gildandi kaupgjald en ekki gamalt – hann er þannig séð verðtryggður, enda er verðtrygging ekkert annað en sanngjörn viðmiðun við raunvirði. Lífeyrinn væri hins vegar ógerlegt að verðmætistryggja án verðtrygginga skulda. Þeir sem greiða af verðtryggðum lánum eru með óbeinum hætti að greiða í eigin lífeyrisvasa.

Verðtryggingin afnam að miklu leyti hið sturlaða fjármálaástand sem hér ríkti á áttunda og níunda áratugnum þegar hún var loks orðin útbreidd eftir tilkomu 86-kerfisins og svo húsbréfakerfisins (1990) og kom hér á tiltölulega skaplegu ástandi á tíunda áratugnum, þrátt fyrir að ýmis ljón væru sett í veg þess. Fram að því hafði hún ekki það vægi að sporna gegn óstjórninni og áhrifum hávaxtastefnunnar. Útbreidd verðtrygging afnemur ýmsa hvata til verðþenslu. Án hennar hefði „þjóðarsáttin“ (1989) aldrei getað skilað sér í árangri. Án hennar var einfaldlega ekki við neitt ráðið. Hún er trygging þess stöðugleika sem þó hefur verið – en fær ekki við öllu gert.

Verðtryggingin átti engan þátt í bólunni sem hér var blásin upp á þessum áratug.

Veit einhver heilbrigða skýringu þess, að íbúðaverð rauk upp úr þurru á tveimur árum, segi og skrifa, upp um 100% – og það á sama tíma og almennt verðlag hækkaði einungis um 10% og að eftirspurn skuli ekki hafa hrapað við það, eða þá að þetta hafi ekki þótt neitt skondið. Verðtrygging var ekki nýtt fyrirbrigði þá.

Einn meginkostur verðtrygginga er að þær refsa fyrir óstjórn og óvarkárni í fjármálum og neyða menn til að taka afleiðingunum. Fyrir því finna menn nú eftir ósköpin. Þetta eiga ábyrgir menn að vita og sjá fótum sínum forráð. Hvernig það má vera að þessi eiginleiki verðtryggingar hafi ekki nægt til að kenna mönnum ábyrgð í fjármálum eru sérstök býsn.

Hafna ber þeirri villukenningu að verðtrygging sé hemill á hagstjórnartilburði og að „stýritæki“ Seðlabankans virki ekki vegna hennar. Vara ber við hugmyndum um að stýrivextir eigi að hafa áhrif á vaxtastig umsaminna langtíma-fasteignalána. Það mun eyðileggja jafngreiðslukjörin sem byggja á föstum vöxtum og af og frá að Seðlabankinn fái að krukka í gerða samninga og leika sér með greiðslubyrði skuldsettra íbúðaeigenda til neyslustýringar. Þar er hagfræðikenning komin út fyrir sín mörk.

Hvernig í ósköpunum hyggjast menn „draga úr vægi verðtryggingar? Nær væri að auka vægi þeirra og koma sér loks að því, einum fjörutíu árum eftir að það var að réttu orðið brýnt, að koma hér á heilsteyptu verðtryggingakerfi.

Hafi menn nokkurn minnsta áhuga á að reka af höndum sér „verðtryggingar“ sem eru óæskilegar þá myndu þeir afnema breytilega vexti og banna verðbætingu í þeim. Afnema þessar meinsemdir frá því snemma á áttunda áratugnum, sem sáð var hér þegar menn heyktust á því að taka upp höfuðstóls-verðtryggingar og höfðu svo ekki rænu á að afnema þegar Ólafslög voru loks sett.

Hér er ekki svigrúm til að styðja þennan málflutning frekari rökum, en þau eru til reiðu, sem og tillögur.

ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

Nýtt!
Lendir 10. des.

Philips 32PFL3805H
32" Full HD LCD SJÓNVARP með 1920x 1080p upplausn, Pixel Plus HD, HD natural motion, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

VERÐ 99.995
JÓLATILBOÐ

Pixel Plus HD · HD Natural Motion · Full HD 1080p · 40W 2.1 VIRTUAL · Clear Sound · HDMI x3 with easyLINK · USB · TV PC-IN · DVB TC TERRESTRIAL/CABLE

Vandaður Philips HDMI Gold kapall fylgir!

Philips 42PFL5405H
42" Full HD 1080p LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, Progressive Scan, HD natural motion, 100Hz Clear LCD, 100.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

TILBOÐ 169.995
FULLT VERÐ 249.995

Philips 47PFL3605H
47" Full HD LCD sjónvarp með 1920x1080p upplausn, Digital Crystal Clear, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 5ms svartíma, 20w RMS Incredible Surround hljóði, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, 2x Scart, 2x HDMI, CI rauf ofl.

TILBOÐ 199.995
FULLT VERÐ 249.995

Philips 46PFL5605H
46" Full HD LCD sjónvarp með LED, 1920x1080p upplausn, Pixel Plus HD, 100Hz Clear LCD, HD natural motion, dýnamískri 500.000:1 skerpu, 2ms svartíma, 40w RMS Virtual 2.1 hljóð, stafrænum HDTV DVB-T móttakara, USB, VGA, Scart, 3x HDMI ofl.

TILBOÐ 249.995
FULLT VERÐ 299.995

FLOTT PHILIPS TÆKI Á GÓÐU VERÐI

Philips SPF1208
Stafrænn 8" LCD MYNDARAMMI með 512MB minni, 800 x 600p upplausn, 500:1 skerpu, 512MB minni fyrir allt að 500 myndir. Spilar JPEG og myndir beint af USB 2.0 eða minniskortum. Klukka, skyggnusýning og vafri.

VERÐ 22.995
FRÁBÆRT VERÐ

TESTED ON ANIMALS
Freeride Legend and 8 time Big Mountain rider of the year Jeremy Jones

Fæst í fleiri litum!

PHILIPS | O'NEILL

Philips SHO9551
Philips O'Neill In-Ear HEYRNARTAP-PAR með 9mm Dynamic hátölurum og ofnum slitsterkum 1.2m OFC kapli.

VERÐ 5.995
FRÁBÆRT VERÐ

Hágæða MP4 með stórum 2,4" LCD skjá

Philips SA2ARA04K
GoGear 4GB Ariaz MP4 spilari með FullSound, 2.4" LCD litaskjá, diktafóni, RDS FM útvarpi með minnum,upptöku, tónjafnara, USB 2.0, hleðslurafhlaða með allt að 45 klst afspilun. Uppfæranlegur. Geymir allt að 900 lög. Spilar MP3, WAV, WMA, FLAC, APE, JPEG og BMP.

TILBOÐ 16.995
FULLT VERÐ 21.995

Philips HR1364
Kröftugur 600w TÖFRASPROTI með þeytara og skál.

TILBOÐ 7.995
FULLT VERÐ 12.995

Rúbín kaffibaunir fylgja

Lendir 10. des.

Philips HD7740
Kaffivél sem tekur kaffibaunir og skilar 2-12 bollum af kaffi. Með styrkstilli til að stilla kaffistyrk, LCD skjá, innbyggðum malara. Heldur heitu í 30 mín. Tekur baunir eða malað kaffi.

VERÐ 29.995
FRÁBÆRT VERÐ

OPIÐ ALLA DAGA TIL JÓLA

Heimilistæki ht.is

HAFNARGÖTU 90 **REYKJANESBÆ** S: 414 1740 • EYRARVEGI 21 **SELFOSSI** S: 480 3700 • GARÐARSBRAUT 18A **HÚSAVÍK** S: 464 1600 • GLERÁRGÖTU 36 **AKUREYRI** S: 460 3380 • SUÐURLANDSBRAUT 26 **REYKJAVÍK** S: 569 1500

Hvaða lærdóm geta jafnaðarmenn dregið af umbótaskýrslunni?

Samfylkingin

Ingólfur Margeirsson
rithöfundur

Nú er svonefnd umbótanefnd Samfylkingarinnar búin að leggja fram skýrslu um vankanta og mistök flokksins á Hruntímanum og komið með tillögur um betra og siðaðra framferði. Menn hafa beðið í nokkurn tíma eftir að sumir forystumenn væru dregnir fyrir framan eins konar landsdóm flokksins og fengju mikla og eflaust réttláta dóma. Nefndin hefur útskýrt að hún hafi tekið aðra stefnu; einbeitt sér að flokknum sem slíkum og mistökum hans í samstarfsstjórnum með Sjálfstæðisflokknum. Ugglaust var það mun heppilegri aðferð. Þeim sem þrá hausaveiðar skal þó bent á að auðvelt er að lesa nöfn út úr almennum aðfinnslum um stjórnleysi, aðhaldsleysi gagnvart efnahags- og bankamálum, laus tök á innri málefnum flokksins og svo framvegis. Það er furðulegt að fjölmiðlamenn hafi ekki lesið betur út úr skýrslunni en það eitt hvernig Jóhanna formaður mat einstök atriði og bað þjóðina afsökunar.

Hvað um það. Skýrsla umbótanefndar er tímamótaplagg. Aldrei áður hefur stjórnmálaflokkur skipað nefnd til að greina öll mistök og snögga bletti á flokki sínum og leggja fram fyrir alþjóð.

Það hefði verið mun tímabærra að Hrunflokkarnir, Sjálfstæðis- og Framsóknarflokkur, skilgreindu sín mistök og kæmu með tillögur að endurbættri vinnu til framtíðar. En báðir þessir flokkar hafa fúlsað við slíkri vinnu. Sjálfstæðisflokkurinn veifaði því mjög að „endurreisn“ væri hafin í flokknum og svo yrði haldið áfram. Skýrsla nefndarinnar var kynnt á landsfundi flokksins. Þá sté óvænt í pontu fararstjóri Hrunsins, Davíð Oddsson, fann þessari vinnu allt til foráttu, fordæmdi vinnuna og réðist illa að gömlum félögum sínum eins og Vilhjálmi Egilssyni, formanni nefndarinnar. Þetta var hrottaleg og óvænt árás og mörgum fundarmönnum ógeðfelld.

Að loknum orðum Davíðs, sem enn hafði mikil völd greinilega innan flokksins, var endurreisninni troðið í hvelli niður í skúffu og litli formaðurinn með stóra nafnið hélt áfram á braut forvera síns Davíðs; engin endurskoðun, ESB var versti óvinurinn og eggjum hent í björgunarliðið frá hliðarlínu. Þetta var nú öll reisnin.

Umbótanefndin hvessir augun á mörg atriði. Hún áréttar hvernig haga þurfi starfi, skipulagi og stefnu flokksins svo ekki verði endurtekið að hann sogist inn í atburðarás á borð við þá sem leiddi til hruns bankanna.

Nefndin undirstrikar enn fremur að Samfylkingin stefni að áframhaldandi forystu í íslenskum stjórnmálum og verði að sannfæra stuðningsmenn sína og kjósendur að harmsaga á borð við slæleg vinnubrögð í máli Hrunsins endurtaki sig ekki.

Nefndin er mjög gagnrýnin á að Samfylkingin beygði sig undir vald Sjálfstæðisflokksins; að hún hafi endurtekið hlutverk margra smáflokka á 20. öld sem studdu stefnu Sjálfstæðisflokksins og kusu hann til forystu meðan litlir molar féllu til þeirra á sama tíma sem smáflokkarnir voru sakaðir um spillingu. Sagan átti að sýna að aðeins Sjálfstæðisflokkurinn væri óspilltur. En sagan er kenjótt. Í ljósi undanfarinna atburða verður áhugavert fyrir Íslendinga framtíðarinnar að fylgjast með hver eftirmælin um Sjálfstæðisflokkinn verða. Sér í lagi á nýfrjálshyggjutímanum í formannstíð Davíðs Oddssonar. Samfylkingin fylgdi ekki eftir eigin stefnu um fagmennsku og ábyrgð. Hún missti einnig af tækifærinu til að endurskoða starfsemi stjórnsýslunnar og stjórnmálamanna sem flokkurinn hafði boðað í skýrslunni. Samfylkingin fylgdi með öðrum orðum ekki eigin reglum og sveik þjóðlitlum flokkum sem voru vanir að leika aðra fiðlu í stórsinfóníuhljómsveit Sjálfstæðisflokksins. Það eitt ýtir undir brýnni þörf flokksins að skilgreina sig. Samfylkingin verður aldrei samstarfsaðili eða stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins. Stefna íhaldsmanna og kapítalista og jafnaðarmanna eru gjörólíkar. Þess vegna var og er Sjálfstæðisflokkurinn helsti pólitíski andstæðingur Samfylkingarinnar og öfugt. Á þessari staðreynd verður Samfylkingin að byggja í framtíðinni. Annars verður flokkurinn bara sama pólitíska hækja Sjálfstæðisflokksins eins og sundurleitir smáflokkar á liðinni öld.

> Samfylkingin verður aldrei samstarfsaðili eða stuðningsmaður Sjálfstæðisflokksins. Stefna íhaldsmanna og kapítalista og jafnaðarmanna eru gjörólíkar.

Nú átta menn sig á, að Samfylkingin er stór og breið fylking með öflugt flokksstarf og með meirihluta kjósenda á bak við sig. Stjórnarandstaðan hefur vonað í þó nokkurn tíma að vinnuálagið og allt að því ómannleg vinna sem núverandi ríkisstjórn hefur tekist á við myndi brjóta hana á bak aftur og leysa hana upp með minnkandi fylgi og flótta kjósenda. Annað hefur komið í ljós. Nýjustu skoðanakannanir sýna, að stjórnin stendur styrkum fótum og Sjálfstæðisflokkurinn, Framsóknarflokkurinn og aðrir stjórnarandstöðuflokkar njóta ekki mikils fylgis. Þjóðin hefur engu gleymt eins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur ávallt vonað. Þetta er m.a. ástæðan fyrir skrifum hins froðufellandi skipstjóra í gjaldþrota dagblaði í Hádegismóum. Veldi Sjálfstæðisflokksins virðist alls staðar að hrynja; hjá lesendum Morgunblaðsins, fylgi við Sjálfstæðisflokkinn og áhrifum í stjórnsýslu. Með umbótaskýrslunni, sem misheppnaðir brandarakallar hjá Sjálfstæðisflokknum eru strax teknir að uppkalla, hefur Samfylkingin tekið sitt fyrsta skref í átt að uppbyggingu ímyndar sinnar og trúverðugleika. En ein skýrsla er ekki nóg. Nú þurfa verkin að tala. Í tómarúmi stjórnmálanna í dag eru allar forsendur þess að Samfylkingin geti vaxið.

Allir jafnaðarmenn hljóta að vona að það muni skýrsla umbótanefndar kenna okkur.

Partíveski sem sum er hægt að hengja á úlnliðinn eru mikið þarfaþing á þessum tíma árs enda ekki smart að ganga um með risavaxna handtösku við fína jólakjólinn. Veskin eru á breiðu verðbili en þetta Alexander McQueen-veski fæst á www.net-a-porter.com

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Skór & töskur í miklu úrvali
www.gabor.is
Sérverslun með
Gabor
XENA
FÁKAFENI 9 - - Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18 & laugard. 11-16

Eirberg
Sound Spa Sunrise
Vaknaðu við sólarupprás og fuglasöng í skammdeginu. Vekjaraklukkan sem gerir þér auðveldara að vakna.
Verð 14.750 kr.
Opið virka daga kl. 9 -18
og á laugardögum kl. 11 -16
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • www.eirberg.is

20% afsláttur
af öllum buxum
- Sparibuxur
- Stretchbuxur
- Gallabuxur
- Kvartbuxur
- Ullarbuxur
Stærðir 36-52
hjá Hrafnhildi
Sími 581 2141 • www.hjahrafnhildi.is

Diljá Jónsdóttir klæðskeri og Ríkey Kristjánsdóttir textílhönnuður eiga heiðurinn að nýrri barnafatalínu:

Nýjung í drengjafatnaði

Húnihún kallast ný barnafatalína, sem Diljá Jónsdóttir klæðskeri og Ríkey Kristjánsdóttir textílhönnuður hafa í sameiningu hannað og sendu frá sér fyrir skemmstu. Barnafötin eru skemmtileg nýjung inn í drengjafataflóruna, öll klæðskerasaumuð, úr silki, bómull og ull og línunni tilheyra vesti, buxur, skyrtur, kragar, anorakkar og fleira til.

„Það er nokkuð langt síðan við byrjuðum að tala um að það væri gaman að gera barnafatalínu fyrir drengi og svo í haust varð úr að við hentum hönnuninni í gang, skissuðum og drifum saumaskapinn af stað," segir Ríkey en jafnframt því að vera samhönnuðir að línunni eru þær stöllur mágkonur. „Við njótum aðstoðar

;TÍSKA | 2

Vilji Dagur Davíðsson og Alex Dagur Piano í Húnihún-fatnaði. Litirnir eru mikið til jarðlitir og efnin gerðarleg, silki, ull og bómull. Engin flík er eins.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

IQ-CARE
Ein besta heilsudýna í heimi
Svefn & heilsa
Sofðu vel um jólin
IQ-Care heilsudýnur.
Verð Queen 153x203 cm á íslenskum botni 179.900 kr.
Íslenskur höfuðgafl 84.900 kr.
(Sé keypt rúm fæst 20% afsláttur af höfuðgafli og fylgihlutum.)
BOAS
Leður hægindastóll.
79.900 kr.
Sjónvarpssófi 3 sæta
Frá 169.900 kr.
Svefnsófi frá 169.900 kr.
Úrval af stillanlegum rúmum.
2x80x200 cm með okkar bestu IQ-care heilsudýnu.
Frá 339.900 kr.
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 10.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00
www.svefn.is

TÍSKA

Rauður er litur jólanna og aldrei gefst betra tækifæri til að skarta þessum fallega lit. Berið hann á varirnar, neglurnar og í kinnarnar við svartan kjól og bætið jafnvel rauðu skarti við. Þá er jóladressið komið.

DS ACTION
WWW.CERTINA.COM
CERTINA

Útsölustaðir:
GÞ skartgripir og úr, Bankastræti 12
Georg V Hannah, Keflavík
JB úr&skart, Akureyri

Framhald af forsíðu

þriggja klæðskera og erum einnig í því svolítið að lita efnin sjálfar, á skemmtilegan og frumstæðan hátt – í stórum litapotti. Annars eru líka þarna „gullin“ okkar – efni sem við höfum báðar safnað að okkur í gegnum tíðina, gamalt, gerðarlegt og þykkt silki til að mynda,“ bætir Ríkey við.

Bókin fjallar um hversdagslega atburði sem þó eru þess eðlis að þeir hafa mikil áhrif á söguhetjur. Vinahópur Aþenu kemur ekki upp um smyglara eða uppgötvar leynisamfélag galdramanna – en lesandinn skilur hins vegar hið djúpa tilfinningarót sem fylgir því þegar nýr strákur kemur í bekkinn eða þegar þarf að snúa bökum saman gegn yfirgangssömum kennara. Þegar við bætast flóknar fjölskylduaðstæður og vináttubandalög sem leysast upp og eru mynduð að nýju hefur Aþena alveg nóg að glíma við án þess að einn einasti smyglari þurfi að koma við sögu. Það er þessari fjörlegu sögu mikill styrkur hvað hún tekur hversdagslega atburði alvarlega og vinnur vel úr þeim.

Söguþræðirnir verða þó kannski stundum helst til margir. Það er oftast skemmtilegt þegar fulltrúar margra kynslóða birtast ljóslifandi í skáldskap, og Margrét Örnólfsdóttir leysir það verkefni af hendi með sóma, en fjölskyldumál mömmu Aþenu verða fullfyrirferðarmikil þegar á líður bókina í óljósum tilgangi. Aðrir þræðir fléttast vel saman – en brátt fyrir titilinn kemur Haítí lítið við sögu!

Sagan er skrifuð í fyrstu persónu og lesandanum er kippt rækilega inn í höfuðið á hinni tólf ára Aþenu. Þar er ekki leiðinlegt að dveljast. Hún er mitt á milli þess að vera barn og unglingur, segir skoðanir sínar umbúðalaust og hefur skemmtilega jarðbundna sýn á heiminn. Aðrar persónur birtast ljóslifandi – manngerðirnar í bekknum hennar Aþenu eru til dæmis allar dásamlega kunnuglegar án þess að vera klisjur.

Það er bæði kostur og galli á bókinni hversu nútímaleg hún er. Í hverjum kafla er vísað í samtímaatburði í framhjáhlaupi („forðast hana eins og svínaflensuna,“ bls. 42) og líflegt málsnið persónanna er augljóslega frá árinu 2010, slettur jafnt sem orðatiltæki. Þetta þýðir að bókin á eftir að hitta alla sem lesa hana beint í hjartastað þegar hún kemur undan jólatrénu í ár, en það er hætt við að hún verði orðin dálítið framandi eftir fimm ár og óbærilega hallærisleg eftir fimmtán.

En það skiptir kannski litlu máli, fáar unglingabækur lifa í fimmtán ár hvort sem er og það er mikilvægt að lesendum – á hvaða aldri sem þeir kunna að vera – finnist að bókmenntir tali til þeirra og hafi eitthvað um samtímann að segja; séu ekki bara bergmál frá löngu liðnum tíma. Og Aþena hefur heilmikið að segja.

Arndís Þórarinsdóttir

Niðurstaða: Fjörlega skrifuð, nútímaleg saga um smáa atburði og stórar tilfinningar.

SPJARAÐU ÞIG

WWW.CINTAMANI.IS

CINTAMANI + KatrínÓlína

SÓLEY

Heilrennd hettupeysa
úr Tecnostretch® efni frá Pontetorto®.
Tveir vasar á hliðum og flísfóður innan í hettu.

Stærðir: XS - 2XL í **22.990 KR.**

SKORRI

Heilrennd hettupeysa
úr Tecnostretch® efni frá Pontetorto®.
Tveir vasar á hliðum og flísfóður innan í hettu.

Stærðir: S - 3XL í **24.990 KR.**

FLOSI

Langermabolur úr hágæða bómull.
„Flatlocked" saumar.

Stærðir: S - XL í **8.990 KR.**

FJÓLA

Langermabolur úr hágæða bómull.
„Flatlocked" saumar.

Stærðir: S - XL í **8.490 KR.**

KATRÍN ÓLÍNA

Cintamani hefur í samvinnu við Katrínu Ólínu hannað nýja fatalínu fyrir veturinn 2010/2011.

Listakonan Katrín Ólína er einn þekktasti hönnuður Íslendinga á alþjóðavettvangi. Verk hennar hafa verið framleidd af fyrirtækjum á borð við DuPont®, Rosenthal, Swedese, Toshiba og Fornarina. Hún hefur búið til merkingar og útlit fyrir alþjóðlegar listahátíðir og hönnunarsýningar og einnig hlotið ýmis virt alþjóðleg hönnunarverðlaun, svo sem norrænu Forum AID-verðlaunin.

Líflegt myndmál og hönnun Katrínar Ólínu fellur einstaklega vel
að þessari nýju Cintamani-línu sem aðeins er framleidd í takmörkuðu upplagi.

CINTAMANI AUSTURHRAUNI 3
210 GARÐABÆ, S. 533-3805

CINTAMANI KRINGLUNNI
103 REYKJAVÍK, S. 533-3003

CINTAMANI CENTER LAUGAVEGI 11
101 REYKJAVÍK, S. 517 8088

ELÍN ÓSK OG ÓPERUKÓRINN Kórinn heldur upp á tíu ára afmæli á þessu ári, hélt afmælistónleika síðastliðið vor og heldur útgáfutónleika næsta laugardag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Jólastemming á útgáfutónleikum

Óperukór Hafnarfjarðar heldur tónleika í Seljakirkju á laugardag klukkan fjögur. Tilefnið er útgáfa disks með kórnum sem er nýkominn út. „Það verður öllu tjaldað til, eins og alltaf er kórinn galaklæddur þegar við komum fram," segir Elín Ósk Óskarsdóttir, söngkona og stjórnandi kórsins. „Á tónleikunum verður blönduð efnisskrá, bæði verða flutt verk sem er að finna á disknum, fyrir óperu- og óperettukóra, og svo verða jólalög inn á milli því það er nú einu sinni aðventan."

Elín Ósk segir kórinn hafa gefið út diskinn í tilefni tíu ára afmælisins sem hann fagnar um þessar mundir. Hún segir efni hans fjölbreytt og skemmtilegt. „Á honum eru óperukórar, vínartónlist og íslensk verk eftir meðal annars Verdi, Rossini, Schubert og Jón Ásgeirsson. Þetta er diskur fyrir alla unnendur klassískrar tónlistar og fyrir þá sem vilja kynnast klassískri tónlist," segir Elín Ósk, sem er afar stolt af hljómdisknum.

Auk Elínar Óskar syngja Kjartan Ólafsson og Björn Björnsson einsöng á disknum en um undirleik sér Peter Maté. Þau koma öll fram á laugardag á tónleikunum.

Ýmislegt spennandi er á döfinni hjá kórnum á næsta ári og hvetur Elín Ósk áhugasama söngvara með reynslu að hafa samband við hana.

- sbt

Lífið er sköpunarverk

Myndlist ★★★★

Þar spretta laukar

Listasafn ASÍ

Í nóvember fluttist fimm manna fjölskylda búferlum, þau Áslaug Thorlacius, Finnur Arnar og börn þeirra fjögur: Salvör, Kristján, Hallgerður og Helga. Nýju híbýlin voru harla óvenjuleg, en það er nokkuð um liðið síðan fjölskylda hefur búið í húsinu á Freyjugötu 41, þar sem nú er til húsa Listasafn ASÍ.

Freyjugata 41 var upphaflega íbúðarhús og vinnustofa Ásmundar Sveinssonar myndhöggvara, sem hann byggði sjálfur í upphafi fjórða áratugar síðustu aldar. Hann reisti síðar Kúluna, þar sem í dag er Listasafn Ásmundar Jónssonar og flutti þangað árið 1942.

Áslaug, Finnur og börn bjuggu í safninu á Freyjugötu 41 í eina viku núna í nóvember, vikuna fyrir opnun sýningarinnar. Þau sváfu á dýnum í Gryfjunni, gerðu sér eldhús í Arinstofu og á efri hæð, í Ásmundarsal, komu þau listaverkum fjölskyldunnar fyrir. Fjölskyldan hefur áður unnið sýningu saman, en fyrir fjórum árum dvöldu þau Áslaug og Finnur og börn á gestavinnustofu í Kína og settu þá upp sýningu þar.

Sýningin samanstendur af húsmunum fjölskyldunnar, ummerkjum búsetunnar, annars vegar og hins vegar listaverkum. Í Gryfju má sjá svefnaðstöðuna og í Arinstofu borðstofuborð, stóla, matvörur og annað sem þarf til eldamennsku. Neðri hæðin hýsir því mannvistarleifar ef svo má segja, en efri hæðin listina; vatnslitamyndir, myndbönd, skúlptúr, ljósmyndir, hljóðverk, sem renna saman í heildarinnsetningu með fjölskyldulíf sem nær sjálfsprottið þema.



Mannvistarleifarnar eru áhugaverðar og má skoða frá mörgum hliðum. Velta má fyrir sér hugmyndum um sviðsetningu og raunveruleika í listum, endurtekið þema frá síðari hluta tuttugustu aldar. Ólíkir listamenn koma upp í hugann. Flúxus-hreyfingin, Rússinn Ilya Kabakov sem gerði innsetningar unnar út frá rússneskum búsetuháttum, ameríska poplistamenn eins og t.d. Claes Oldenburg sem gerði eftirlíkingu af smávöruverslun, Belginn Guillaume Bijl sem sýndi eftirlíkingar af alvöru verslunum, t.d. fataverslun, eða listamenn eins og Tracey Emin sem sýndi rúm sitt, óumbúið. Tengsl lífs og listar voru áleitið þema í listum alla tuttugustu öldina og eru enn.

Sýningin í ASÍ er unnin inn í íslenskan raunveruleika og birtir hann að einhverju leyti. Áherslan á tengslin við frændfólkið og návist þess í skilaboðum á símsvara í hljóðverki birtir mikilvægi stórfjölskyldunnar. Lífsgleði og listin að lifa og meta það sem skiptir máli í lífinu er ríkjandi andrúmsloft á sýningunni. Hér er þó líka samspil ljóss og skugga, sem kemur fram í svarthvítum myndum Áslaugar á vegg og á ljósmyndum, ekki síst í verkinu sem minnist Ingileifar Thorlacius myndlistarmanns, en hún lést um aldur fram í mars síðastliðnum.

List er aldrei sköpuð í tómarúmi, hún er jafnan í einhvers konar samhengi við líf listamannsins, fjölskyldu hans og nánasta umhverfi, samtímann og söguna. Þegar vel tekst upp skapast margbrotinn samhljómur sem snertir áhorfandann og lifir með honum. Og hér er það lífsgleðin sem hefur yfirhöndina, húmorinn og sköpunargleðin. Tannhlífarnar hljóta a.m.k. að vera milljónahugmynd dagsins.

Ragna Sigurðardóttir

Niðurstaða: Margbrotin og skemmtileg sýning með áleitnum undirtónum. Hér kemur fram hversu gefandi samband lífs og listar getur verið í samtímanum. Húmor og lífsgleði eru ríkjandi og óhætt að mæla með heimsókn fyrir alla fjölskylduna.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Fimmtudagur 9. desember 2010

→ Tónleikar

18.00 Aðventutónleikar allra kóra sönghússins Domus vox undir stjórn **Margrétar J. Pálmadóttur í Hallgrímskirkju** í kvöld kl. 18 og 20.30. Miðaverð er 4.000 krónur en uppselt er á seinni tónleikana.

20.00 Árlegir jólatónleikar **Reykjalundarkórsins** verða í Fella- og Hólakirkju í kvöld kl. 20. Miðar seldir við inngang og er aðgangseyrir 1.500 krónur, 1.000 krónur fyrir eldri borgara og frítt fyrir börn yngri en 12 ára.

20.00 Söngvaskáldin **Jón Tryggvi** og **Uni** halda jólatónleika í **Mosfellskirkju** í Mosfellsdal í kvöld kl. 20. Aðgangseyrir á tónleikana er 1000 krónur.

20.00 Sigga Beinteins verður með tónleika í Digraneskirkju í kvöld kl. 20. Sérstakur gestur Siggu er **Kvennakór Kópavogs.** Miðasala við inngang.

20.00 Kvennakórinn Léttsveit Reykjavíkur verður með jólatónleika í Bústaðakirkju kl. 20 í kvöld. Einsöngvarar með kórnum eru Sigríður Thorlacius og Hildigunnur Einarsdóttir. Aðalheiður Þorsteinsdóttir, Tómas R. Einarsson og Kjartan Guðnason spila undir. Stjórnandi er Jóhanna V. Þórhallsdóttir. Miðaverð er 3.000 krónur.

21.00 Hljómsveitin Ég verður með tónleika á **Sódóma Reykjavík** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og er 1000 króna aðgangseyrir. 18. ára aldurstakmark.

21.00 Orgelkvartettinn Apparat leikur fyrir dansi í kvöld á **Nasa** í tilefni af plötunni Pólýfóníu sem kemur út sama dag. Tónleikarnir hefjast kl. 21 og kostar 1.500 kr. inn. Miðasala fer fram í 12 Tónum, Skólavörðustíg 15, og við dyrnar á Nasa um kvöldið.

21.30 Hljómsveitirnar **Fist Fokkers, Quadruplos, Markúsi, Ljósvaka og Loji** spila á tónleikum á **Faktorý** í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 21.30 og er aðgangseyrir enginn.

22.00 Kvartettinn Clinton verður með jólatónleika á skemmtistaðnum **SPOT** í Kópavogi í kvöld. Tónleikarnir hefjast kl. 22 og er miðaverð 1.000 krónur.

→ Opnanir

10.00 Á **Skólavörðustíg 14** hefur opnað sölusýning undir heitinu „Eitthvað íslenskt" þar sem hönnuðir, listiðnaðar- og handverksfólk hver með sitt sína og bjóða úrval af sínum vörum. Opið til 15. desember alla daga frá 10-18 og eftir það frá 10-22 til jóla.

→ Kvikmyndir

20.00 Úrval kvikmynda eftir kvikmyndaleikstjórann **J. Leighton Pierce** verður sýnt í **Hafnarhúsinu** í samstarfi við Kínóklúbbinn og Listasafn Reykjavík í kvöld kl. 20. Aðgangur ókeypis.

→ Samkoma

16.30 Í tilefni af alþjóðlegu 16 daga átaki gegn kynbundnu ofbeldi verður efnt til ljósagöngu og samstöðu á **Ráðhústorgi á Akureyri** í dag. Gengið verður með kyndla frá Akureyrarkirkju kl. 16.30.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Mynddiskar ★★★

Source - Iceland

Framleiðandi: Gin-clear Media

Veiðiljóð á óræðum slóðum

Frábær myndataka á köflum lyftir veiðimyndinni The Source – Iceland í hærri hæðir en vaninn er um slíkar myndir hérlendis. Hinir nýsjálensku framleiðendur hafa áður sent frá sér vandaðar veiðimyndir um Tasmaníu og Nýja-Sjáland.

Í The Source – Iceland kemur fram að gestirnir hafi ákveðið að gefa sér rúman tíma til að kynnast nýjum slóðum á Íslandi og því dvalist hér í heilar tíu vikur. Það er virðingarvert að leggja svo mikið í gerð einnar myndar um veiði í framandi landi. Myndasmiðirnir gerðu sér far um að kynnast öllum tegundum laxfiskaveiði sem hér er stunduð og köstuðu því flugu ekki síður fyrir smáa sjóbleikju í eyðidal en lax í einni bestu á landsins. Eru tegundum gerð skil hverri í sínum kafla myndarinnar.

Óspillt náttúra leikur sitt hlutverk og eru sumar senurnar hreint magnaðar. Þegar á líður verða þó frásagnir og viðtöl með veggi veiðihúsa að bakgrunni nokkuð plássfrek fyrir smekk þeirra sem fremur vilja sjá hvað um er að vera við árbakkann.

Einn stærsti galli myndarinnar er skortur á upplýsingum um hvar veitt er hverju sinni. Það er sjaldnast tekið fram. Látið er nægja að telja upp eftir að myndinni er lokið hver helstu veiðisvæðin voru. Þó að þessar upplýsingar komi ekki fram jafnóðum í myndinni sjálfri hefði verið upplagt að nýta tækifærið og bæta því við þegar myndin var textuð á íslensku.

Garðar Örn Úlfarsson

Niðurstaða Kærkomin og listræn viðbót við myndir um stangveiði á Íslandi. Skortur á upplýsingum um veiðistaði spillir þó fyrir ánægjunni.

„... ALVEG MAGNAÐ VERK ...“

HRAFN JÖKULSSON / KILJAN

Skáldsagan *Ljósa* eftir metsöluhöfundinn KRISTÍNU STEINSDÓTTUR er hrífandi saga sem hreyfir við lesendum

★★★★

„Saga sem spannar allan tilfinningaskalann og ómögulegt er að leggja frá sér.“

FRIÐRIKA BENÓNÝSDÓTTIR / FRÉTTABLAÐIÐ

„Gríðarlega falleg bók ... listilega vel gert.“

ÞORGERÐUR SIGURÐARDÓTTIR / KILJAN

★★★½

„... vel skrifuð saga sem kemur við hjartað í lesandanum ...“

KRISTÍN HEIÐA KRISTINSDÓTTIR / MORGUNBLAÐIÐ

„... einstæð frásögn af veröld, sem áður var lokuð og fæstir vissu mikið um.“

STYRMIR GUNNARSSON / MORGUNBLAÐIÐ

„... áhrifamikil og falleg.“

ÚLFHILDUR DAGSDÓTTIR / BOKMENNTIR.IS

VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is

ÉG

APPARAT ORGAN QUARTET

> Í SPILARANUM

Ég - Lúxus upplifun
Robert Plant - Band of Joy
Daft Punk - Tron Legacy
Ensími - Gæludýr
Apparat Organ Quartet - Pólýfónía

tónlist

tonlist@frettabladid.is

Morrissey tekur undir með Marr

David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, fékk á baukinn hjá Johnny Marr, gítarleikara hinnar sálugu hljómsveitar The Smiths, í síðustu viku. Marr sagði tónlist hljómsveitarinnar ekki vera fyrir Cameron, sem lýsti nýlega yfir að hann væri aðdáandi The Smiths.

Söngvari The Smiths, sérvitringurinn Morrissey, tekur undir með Marr í bréfi sem hann birtir á aðdáendasíðunni True to You. Markar bréfið ákveðin tímamót þar sem þeir félagar hafa ekki verið sammála um margt undanfarin misseri.

„Ég styð Johnny Marr í þessu, ef ég má," ritaði Morrissey. „David Cameron skýtur og drepur dýr – sér til ánægju, af því er virðist. Plöturnar Meat is Murder og The Queen is Dead voru ekki gerðar fyrir þannig fólk. Þær voru raunar gerðar gegn slíku ofbeldi."

Á MÓTI KÓNGAFJÖLSKYLDUNNI Morrissey hefur ekki mikla þolinmæði gagnvart yfirstéttinni.

Morrissey var ekki hættur og skaut föstum skotum á Vilhjálm prins og unnustu hans Kate Middleton. „Vilhjálmur og Kate eru reyndar svo leiðinlegt fólk að það er ómögulegt að ræða þau, en hann hefur samt setið fyrir á mynd með dauðum vísundi sem hann skaut eins og skræfa úr öruggri fjarlægð."

> Plata vikunnar

Hjaltalín - Alpanon ★★★
„Margt vel gert, en nýju lögin hefðu mátt vera fleiri."
- TJ

TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

Flottir jólapakkar

Tónlist er vinsæl jólagjöf og á góðu verði miðað við margt annað. Margir velja einhverja nýja plötu í jólapakkann, en svo koma líka út vegleg box sem eru m.a. stíluð inn á jólasöluna. Það er slatti af flottum nýjum íslenskum yfirlitsútgáfum í boði hvort sem menn eru heitir fyrir Ellý Vilhjálms, SH Draumi, Bang Gang, Gus Gus eða hljómsveitinni XIII.

VEGLEGT Fyrir innan við 10 þúsund er hægt að fá 25 af meistaraverkum djasssögunnar í einu boxi.

Metnaðurinn er auðvitað ennþá meiri úti í heimi, enda markaðurinn margfalt stærri. Viðhafnarútgáfur hafa verið að þróast í tvær andstæðar áttir undanfarið. Í fyrsta lagi eru menn farnir að búa til rándýra pakka sem þeir safna í nokkrum geisladiskum, vínylplötum og prentuðu efni. Þessar útgáfur hrópa „sjáðu hvað ég á flott" og eru stílaðar inn á safnara sem hafa ekki áhyggjur af verðmiðanum. Ágætt dæmi um þetta er sérstök útgáfa af snilldarverki Davids Bowie, Station to Station, sem kom út í haust. Fimm geislaplötur, þrjár vínylplötur og allt meira og minna sama efnið. Þetta, ásamt nokkrum ljósmyndum, er selt á tæp 20 þúsund. Nei takk! Hin leiðin er að safna saman fullt af plötum og selja ódýrt. Nýverið gaf Sony t.d. út 25 diska box með jafnmörgum meistaraverkum úr djasssögunni, The Perfect Jazz Collection. Þarna eru m.a. plötur með Art Blakey, Billie Holiday, Stan Getz, Dave Brubeck, Miles, Mingus, Monk, Herbie Hancock og Jaco Pastorius. Og bók með. Á Íslandi er þessi pakki seldur á um níu þúsund krónur, 360 kr. hver diskur. Fyrir sama verð fæst þokkalegur hlýrabolur.

Á meðal annarra nýrra viðhafnarútgáfa sem til eru hér á landi má nefna Mono boxið hans Bob Dylan (fyrstu 8 plöturnar), Band on the Run með Wings (3 CD + 1 DVD), fjögurra diska útgáfu af bestu tónleikaplötu allra tíma að margra mati, The Who Live At Leeds, og spariútgáfu af Darkness on the Edge of Town með Bruce Springsteen (3 CD + 3 DVD + bók). Og svo er auðvitað heildarpakki Spilverks þjóðanna (7 diskar og bók) væntanlegur í næstu viku…

10. - 26. mars 2011
Fararstjórar: Sigríður Margrét Guðmundsdóttir & Kjartan Ragnarsson

Mexíkó er sannkölluð paradís þeirra sem hafa áhuga á menningu, sögu, landi og þjóð. Við kynnumst mótsagnakenndri náttúru landsins, fjöllunum, regnskógunum og opnu sléttunum. Fáum einnig innsýn í lífið í landinu og skoðum þær fjölmörgu áhugaverðu minjar sem forfeðurnir létu eftir sig, m.a. hina fornu menningu Azteka og Maya. Skoðuð verða stórkostleg hof og píramídar, sem færa sönnur á háþróaða menningu innan stjörnufræði, stærðfræði og byggingarlistar. Sólarpíramídinn og Tunglpíramídinn verða skoðaðir, áhugaverð söfn, hið 200 ára gamla tré, Tule, farið í bátsferð eftir Sumidero gljúfrinu og þorp indíána heimsótt. Dvalið fyrstu næturnar í Mexíkóborg og þaðan haldið til Tequesquitengo, áfram til Oaxaca, Tuxtla og San Cristóbal de la Casas, þar sem einmitt fararstjórar ferðarinnar bjuggu. Þar settust nýlenduherrar að og þar búa Maya indíánar enn í dag í fjallshlíðunum allt um kring. Ferðin heldur áfram til Palenque, Chichen Itzá og Merida þar sem minjar hinnar fornu borgar Maya verða skoðaðar. Síðasti áfangastaður okkar er borgin Cancun og gefst þar tækifæri til að slappa aðeins af á glæsilegum stað áður en haldið er heim á leið.

Kynningarfundur verður haldinn 9. desember kl. 20:00 í Síðumúla 2, 2. hæð.

Sjá nánar á www.baendaferdir.is

ALLIR GETA BÓKAÐ SIG Í BÆNDAFERÐIR

www.baendaferdir.is | s: 570 2790 | ferðaþjónusta bænda BÆNDAFERÐIR

Grant gerir upp fortíðina

John Grant á bestu plötu ársins að mati breska tónlistartímaritsins Mojo. Þar slær þessi áður óþekkti tónlistarmaður við stórum nöfnum á borð við Arcade Fire og MGMT.

JOHN GRANT Bandarískur tónlistarmaðurinn hefur vakið mikla athygli fyrir sína nýjustu plötu.

Bandarískur tónlistarmaðurinn John Grant hefur fengið frábæra dóma fyrir sína fyrstu sólóplötu, Queen of Denmark, sem kom út í apríl síðastliðnum. Á nýjum lista breska tímaritsins Mojo yfir bestu plötur ársins skákar þessi áður óþekkti tónlistarmaður risunum Arcade Fire og MGMT og trónir óvænt í efsta sætinu. Tímaritið Q er einnig hrifið af plötunni því þar nær hún sjötta sætinu yfir þær bestu á árinu. Önnur blöð sem hafa hælt gripnum eru NME og The Guardian í Bretlandi sem gáfu henni fjórar stjörnur af fimm mögulegum.

Queen of Denmark var tekin upp í samstarfi við þjóðlagarokkarana Midlake frá Texas. Meðlimir sveitarinnar sáu Grant á tónleikum og heilluðust upp úr skónum af baritónrödd hans og fáguðum, sorglegum lögunum. Þeir buðu honum með sér á tónleikaferð og fengu hann síðan til að taka upp sína fyrstu sólóplötu í þeirra eigin hljóðveri. Sjálfir spiluðu þeir undir í lögunum tólf sem heyra má plötunni.

Hinn 41 árs Grant er fyrrum forsprakki hljómsveitarinnar The Czars, sem aldrei náði að slá í gegn og hætti á endanum störfum 2004. Áður en Midlake sá hann spila íhugaði hann að gefa tónlistina upp á bátinn en sem betur fer gafst hann ekki upp og ákvað að halda áfram einn og óstuddur.

Queen of Denmark er afar persónuleg plata þar sem Grant gerir upp fortíðina og syngur um baráttu sína við áfengis- og eiturlyfjafíkn, misheppnuð ástarsambönd og um það hvernig hann tókst á við samkynhneigð sína. Þar hjálpaði það honum ekki að vera alinn upp í trúaðri fjölskyldu í miðvesturríkjum Bandaríkjanna.

Platan er nokkuð undir áhrifum bandarískrar þjóðlagatónlistar áttunda áratugarins og hafa gagnrýnendur líkt Grant við The Carpenters og Harry Nilsson. Einnig sjá þeir líkindi með honum og þeim Gilbert O´Sullivan, Dennis Wilson og Jeff Buckley.

Einn gagnrýnandinn nefnir að einu mistök rokkaranna í Midlake, ef mistök skyldi kalla, væru að þeir skyldu hafa hjálpað Grant að búa til plötu sem væri betri en þeirra eigin verk. Til marks um það nær þriðja plata Midlake, The Courage of Others, „aðeins" sjöunda sæti á árslista Mojo á meðan Grant horfir glaður af toppnum niður til velgjörðarmanna sinna.

freyr@frettabladid.is

LAGALISTINN
Vikuna 2. desember - 8. desember 2010

Sæti		Flytjandi	Lag
1	▲	Dikta	*Goodbye*
2	▼	Páll Óskar og Memfismafían	*Það geta ekki allir...*
3	▶	Hjálmar	*Gakktu alla leið*
4	▲	P!nk	*Raise Your Glass*
5	▶	Rihanna	*Only Girl In The World*
6	▲	Kings Of Leon	*Radioactive*
7	▲	Bruno Mars	*Just The Way You Are*
8	▲	Björgvin Halldórsson og Mugison	*Minning*
9	▲	Mammút	*Follow*
10	▼	Blaz Roca, Bent og Raggi Bjarna	*Allir eru að fá sér*

TÓNLISTINN
Vikuna 2. desember - 8. desember 2010

Sæti		Flytjandi	Lag
1	▲	Baggalútur	*Næstu jól*
2	▼	Frostrósir	*Hátíðin heilsar*
3	▶	Bubbi	*Sögur af ást, landi og þjóð*
4	▲	Elly Vilhjálms	*Heyr mína bæn*
5	▲	Páll Rósinkranz	*Ó hvílík elska*
6	▼	Björgvin Halldórsson	*Duet II*
7	▲	Raggi Bjarna	*75 ára afmælistónleikar*
8	▼	Prófessorinn og Memfismafían	*Diskóeyjan*
9	▼	Blaz Roca	*Velkomin til KópaCabana*
10	▼	Sigurður G. og Memfismafían	*Nú stendur mikið til*

Skýringar:
▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku ✱ Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. visir

Þátttakendur í Lagalistanum: Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, Kaninn, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum:** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Smekkleysa plötubúð, Havarí, Elkó, tonlist.is, Bónus

@ HARÐIR PAKKAR

ALLT TÖLVUTENGT Á BETRA VERÐI

TÖLVUVIÐGERÐASETT

Manhattan TOOLKIT
13 stykkja viðgerðasett fyrir tölvur og tengd tæki.

1.450

HÁGÆÐA LEIKJAMÚS

CoolerMaster Storm Inferno
Leikjamús með 11 forritanlegum hnöppum, 4000 DPI Storm Tactical Laser Sensor, 128Kb minni fyrir 3 uppsetningar. Auðvelt að forrita skipanir, scriptur ofl.

8.950

LEIKJA LYKLABORÐ

Razer Arctosa
Sérhannað lyklaborð fyrir tölvuleikina með forritanlegum hnöppum ofl.

10.950

USB FLAKKARI

WD Passport 250GB
Utanáliggjandi 250GB 2.5" harðdiskur. Notar straum úr tölvunni. Passar vel í vasa.

WD 250GB

9.950

UNITED MARGMIÐLUNARSPILARI

WD 1TB DISKUR

United HD MMP 9530
- 720P/1080i HD 3.5" spilari
- 1TB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink ofl.

720/1080i HDMI

22.950

BLEKSPRAUTUPRENTARI

Epson S22
Bleksprautuprentari sem prentar A4 í 5760 x 1440p upplausn og allt að 28 bls. á mín. USB. Windows, Mac ofl.

EPSON

7.950

AMD TURNTÖLVA 3

COOLER MASTER

AMD 3
- AMD Athlon II X260 3,2GHz DualCore
- 4GB DUAL DDR3 1333MHz minni
- 640GB SATA 2 WD harðdiskur
- Geforce N240GT 1GB skjákort
- DVD og CD skrifari
- 8 rása Dolby D. 7.1 hljóðkort
- 10/100/1000 netkort
- Windows 7 Home Premium 64bita ofl.

99.950

AMD TÖLVUPAKKI 2

- CoolerMaster Elite turn
- AMD Athlon II X250 3,0GHz DualCore
- 2GB DDR3 1333MHz minni
- 640GB SATA II WD diskur
- ATI Radeon R5450 skjákort
- Acer 21,5" LCD
- 12x USB2, 6x SATA II ofl.
- Windows 7 Home Premium 64bita

119.950

acer FARTÖLVA

Acer eMachine 350
- 1.66GHz Intel Atom N450 örgjörvi
- 1GB DDR2 minni
- 10,1" TFT WSVGA skjár
- Intel GMA3150 PCI skjástýring
- 160GB diskur
- Vefmyndavél
- Þráðlaust netkort
- Windows XP Home - SP3

57.950

SENDUM ALLAR VÖRUR FÍTT FRAM AÐ JÓLUM

WWW.ATT.IS – MEÐ ÍSLANDSPÓSTI Á ÞITT PÓSTHÚS!

ATT.IS • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS • SÆKTU EÐA FÁÐU SENT

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

> NEESON ER SEIFUR

Liam Neeson hefur ákveðið að endurtaka hlutverk sitt sem Seifur í kvikmyndinni Wrath of the Titans en það er sjálfstætt framhald Clash of the Titans.

bíó

bio@frettabladid.is

Sögulegir endurfundir í sjónmáli

Óskarsverðlaunaleikstjórinn Danny Boyle útilokar ekki að gera framhald af hinni mögnuðu Trainspotting sem var byggð á samnefndri bók Irvine Welsh. Myndin sló eftirminnilega í gegn í Evrópu og markaði upphaf að glæstum ferli Ewans McGregor. Boyle viðurkenndi á blaðamannafundi að þetta væri raunhæfur möguleiki en þetta þýddi að Boyle og McGregor yrðu að grafa stríðsöxina. Leikstjóranum og leikaranum sinnaðist nefnilega þegar Boyle fékk Leonardo DiCaprio til að leika aðahlutverkið í The Beach.

Framhald af Trainspotting er til í líki bókarinnar Porno eftir Welsh. Á blaðamannafundinum gaf Boyle þeirri bók hins vegar ekki háa einkunn. Þar rekur Renton næturklúbb í Amsterdam og Begbie er nýkominn úr fangelsi og hyggst finna þann í fjöru sem sendi honum, nafnlaust, hommaklám. Sick Boy er hins vegar á góðri leið með að slá í gegn með nýja tegund af fullorðinsefni og Spud er að íhuga sjálfsmorð. Leikstjórinn vildi hins vegar ekki gefa upp neinar tímasetningar og það verður eflaust ekkert framhald ef McGregor neitar að taka þátt.

MÖGNUÐ Trainspotting naut mikilla vinsælda og hefur eflaust haldið mörgum frá fíkniefnadjöflinum.

STENDUR SIG VEL Colin Firth var verðlaunaður fyrir leik sinn í Konungsræðu. Carey Mulligan var valin besta leikkonan fyrir Never Let Me Go.

Konungsræða Georgs sigursæl á breskri hátíð

The King's Speech, eða Konungsræðan, hlaut flest verðlaun á hátíð sjálfstæðrar kvikmyndagerðar í Bretlandi sem fram fór á mánudag. Myndinni hefur verið spáð mikilli velgengni á komandi Óskarsvertíð. Hún segir frá því þegar Georg VI sigraðist á örðugleikum sínum en hann stamaði og átti því erfitt með að tjá sig á opinberum vettvangi eins og kóngi er skylt að gera, ekki síst þegar þjóð hans er á leið í stríð.

Myndinni hefur verið hampað af breskum gagnrýnendum en hún fékk verðlaun fyrir besta handritið, bestu myndina. Þá fóru leikararnir þrír, sem voru tilnefndir fyrir leik sinn í myndinni, allir með sigur af hólmi í sínum flokki; Helen Bonham Carter fyrir túlkun sína á Elísabetu, Colin Firth fyrir leik sinn í hlutverki Georgs VI og Geoffry Rush sem þykir fara á kostum í hlutverki talmeinafræðingsins Lionels Logue.

MARGSLUNGINN LEWIS

Sennilega hafa engar barnabækur verið jafn umdeildar og Narníu-bækurnar. Fræðimenn hafa rifist um duldar merkingar þeirra, falin skilaboð og hvað í ósköpunum höfundurinn C.S Lewis var að reyna að segja.

Þriðja myndin í Narníu-flokknum, Voyage of the Dawn Treader eða Sigling Dagfara, verður frumsýnd um helgina. Hinar myndirnar tvær hafa hlotið fína aðsókn þótt aðdáendur bókanna og gagnrýnendur hafi skipst í tvö ólík horn. Narníu-myndunum hefur ekki tekist að feta í fótspor ótrúlegra vinsælda Hringadrottins-þríleiksins en það að Hollywood skuli ætla að klára að kvikmynda bækurnar sjö gefur til kynna að peningamaskínan sé nokkuð sátt.

Narníu-bókaflokkurinn er eftir C.S. Lewis, guðfræðing og góðvin J.R.R. Tolkien, höfund Hringadrottins-bálksins. Um kristilegar tilvísanir í bókum Tolkiens hefur mikið verið fjallað um og á næsta ári mun holskefla greina og frétta um bálkinn dynja á lesendum enda verða þá tíu ár liðin frá því að fyrsta myndin var frumsýnd. Bækurnar þrjár hafa þó fyrst og fremst verið sögð hörð ádeila á hvers konar stríðsrekstur sem Tolkien kynntist af eigin raun í fyrri heimsstyrjöldinni.

Kristilegur boðskapur bóka C.S. Lewis fer hins vegar ekki fram hjá neinum. Og enginn hefur reynt að fela hann. Síðasta Narníu-myndin, Kaspían konungsson, fékk meira að segja skammir fyrir að vera hreint og beint trúboð. Og framleiðendur myndanna hafa viðurkennt í viðtölum að þeir vildu nýta sér „trúarlegan meðbyr" píslargöngu Krists sem Mel Gibson leikstýrði 2005. Í bréfasafni Lewis hafa síðan fundist beinharðar sannanir fyrir því að ljónið Aslan sé Kristsgervingur, áðurnefndur Kaspían boðberi nýrra tíma sem eigi að endurreisa hinna sönnu trú og apinn, sem birtist í lokaorrustunni, sé sjálfur antíkristur. Það væri aftur á móti einföldun að kalla Narníubókaflokkinn kristna allegoríu (táknsögu), því Lewis blandar saman kristinni trú og menningu við grísk og rómverska en ekkert síður írska og breska. Og þær tvær síðastnefndu koma töluvert við sögu í Siglingu Dagfara.

Kenningarnar um hvaðan hugmyndin að Narníu sé komin eru ótal margar en árið 2008 varpaði fræðimaðurinn og presturinn Michael Ward fram þeirri kenningu að Narníu-bækurnar væri innblásnar af miðaldakenningum í stjörnufræði. Að bækurnar sjö fjölluðu um eiginleika stjarnanna sjö sem mynduðu himinhvolfið; tunglið, sólina, Merkúr, Venus, Mars, Júpíter og Satúrnus. Bókinni var vel tekið í fræðimannasamfélaginu í Bretlandi, meðal annars í Oxford og BBC gerði heimildarmynd um kenningu klerksins. Samkvæmt kenningu Wards var bókin Kaspían konungsson saga um Mars, plánetu orrustu og hermanna en Sigling Dagfara fjallaði um sólina með öllum sínum björtu litum. Ward benti á, máli sínu til stuðnings, að Lewis hefði verið einn fremsti fræðimaður háskólans í Oxford á sviði miðaldafræða og sérlegur áhugamaður um stjörnufræði þess tíma.

Hvað sem öllum fræðimönnum líður, kenningum þeirra og hugmyndum um Narníu þá verður Sigling Dagfara frumsýnd um helgina. Og næsta mynd, Silfurstóllinn, er væntanleg í kvikmyndahús strax á næsta ári. Aðdáendur Narníu hafa því svo sannarlega til einhvers að hlakka.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÆÐIGREINAR NARNÍU

Barnabækur **C.S. Lewis** um ævintýraheim Narníu eru ákaflega umdeildar. Sumir halda því fram að þær séu hreinasta trúboð og trúarinnræting en aðrir telja Lewis hafa verið innblásinn af stjörnufræði miðalda. Þriðja myndin í Narníu-flokknum, Sigling Dagfara, verður frumsýnd um helgina.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Bigelow með nýja mynd

Kathryn Bigelow, sem fékk Óskarinn í fyrra fyrir The Hurt Locker, er búin að fá Tom Hanks til að leika í stórmyndinni Triple Frontier. Og Karl Júlíusson til að hanna leikmyndina eins og Fréttablaðið hefur þegar greint frá. Hún er hins vegar ekki alveg sannfærð um að það verði hennar næsta verkefni þrátt fyrir að tökur eigi að hefjast um mitt ár 2011 því hana klæjar í fingurna að byrja á nýrri mynd og hefur, samkvæmt Empire Online, sannfært framleiðandann Mark Boal um að þau geti vel gert mynd í millitíðinni.

Ekki er hins vegar vitað hvaða mynd verður fyrir valinu því bæði Boal og Bigelow eru þögul sem gröfin. Samkvæmt kvikmyndabiblíunni Variety verður hún gerð fyrir álíka upphæð og The Hurt Locker, eða tíu milljón dali, og á að fjalla um einhvers konar frelsishetjur. Og þegar Bigelow er spurð af hverju hún vilji endilega gera mynd þegar það styttist í tökudag á Triple Frontier var svarið einfalt: „Ég get einfaldlega ekki beðið eftir því."

VINNUÞJARKUR Kathryn Bigelow er vinnuþjarkur og ætlar að gera tvær myndir á árinu 2011 ef marka má Variety.







Micha Thyge Dodo Top, Oxford Tee, Poet Jeans

Colleen Magic Hoodie, Wild one Jeans

Gemma Marshall Amuser Jacket, Maiden Hoodie, Crush Jeans

LAUGAVEGUR 56
VWWW.NIKITACLOTHING.COM

NIKITA™

690.000.000 krónur eru jafnvirði árslauna Kim Kardashian, sem er launahæsta raunveruleikaþáttastjarna Bandaríkjanna. Launin fékk hún fyrir að koma fram í raunveruleikaþáttum ásamt systrum sínum. Stór hluti af þessu er þó hagnaður fataverslunarinnar Dash, sem Kardashian-systurnar reka.

Munnmök orka tvímælis

Mikið hefur verið rætt um sjóðandi heitt kynlífsatriði Natalie Portman og Milu Kunis í kvikmyndinni Black Swan. Atriðið þykir þó nógu saklaust til að fá „Rated R"-stimpil í Bandaríkjunum, sem þýðir að flest kvikmyndahús sýna myndina.

Annað svipað atriði, þar sem karl og kona eiga í hlut, þykir ekki eins saklaust. Þar þiggur Michelle Williams munnmök í kvikmyndinni Blue Valentine, en hún er með „NC 17"-stimpil. Það þýðir að myndin verður ekki sýnd í mörgum fjölskylduvænum kvikmyndahúsum né verður hún auglýst á kvikmyndasíðum dagblaðanna.

MUNUR? Atriði sem Michelle Williams er í þykir gróft.

NICOLE KIDMAN Leikkonan hreinlega elskar snáka og vill eignast nokkra slíka í framtíðinni.

Vill snáka sem gæludýr

Leikkonan Nicole Kidman vill eignast snáka sem gæludýr um leið og tveggja ára dóttir hennar Sunday Rose verður eldri. Kidman býr á sveitabýli í Tennessee með eiginmanni sínum, sveitasöngvaranum Keith Urban. Þar eru alls konar dýr en engir snákar. „Mig langar einhvern tímann að eignast fleiri skrítin dýr. Ég væri til í eignast snáka því ég elska þá. Það er samt ekki sniðugt að vera með þá innan um barnið," sagði hún í viðtali við spjallþáttastjórnandann Conan O´Brien.

GLÆSILEG TÍSKUSÝNING HJÁ KISS

Tískuvöruverslunin Kiss hélt veglega tískusýningu á skemmtistaðnum Spot fyrir skemmstu. Húsfyllir var og góðir gestir fylgdust með fyrirsætum spranga um á sýningarpöllum en einnig var boðið upp á veglega líkamsmálningarsýningu sem vakti mikla athygli meðal gesta.

Líkamsmálningin vakti óskipta athygli og þá sérstaklega þessi græna furðuvera.

Þau Katrín og Jón Kristinn hrifust af því sem fyrir augu bar á Spot. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



Þær Sara og Katrín voru ánægðar með það sem þær sáu á Spot.

Kraftajötunninn Magnús Ver og Maggý voru meðal gesta.

Þessi fyrirsæta var ögrandi í rauðum kjól sem er til sölu hjá Kiss.

Rapparinn Erpur Eyvindarson var auðvitað meðal gesta og naut þess að horfa á fögur fljóð og flotta tísku.

Lína, Rósa og Hrefna voru mættar til að sjá allt það nýjasta frá Kiss. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Þolir ekki síma

Stórleikarinn Johnny Depp segist ekki eiga síma, þar sem hann vilji ekki láta ná í sig hvenær sem er.

„Ég er tengdur netinu því mér finnst best að eiga samskipti við fólk í gegnum netpóst. Mér finnst það líka vera áhugaverðari samskiptamáti. Ég þoli ekki síma, ég bara þoli þá ekki og ég þoli ekki að það skuli vera hægt að ná í fólk hvenær sem er. Fólk verður bara að venja sig á að hafa samband við mig í gegnum netið," sagði leikarinn.

Hann segist einnig hafa gaman af því að eyða tíma með aðdáendum sínum þegar hann sækir frumsýningar. Depp lauk nýverið við að leika í kvikmyndinni The Tourist á móti Angelinu Jolie og í fjórðu Pirates of the Caribbean myndinni. „Mér finnst gaman að heilsa upp á fólkið og þakka því fyrir. Það er vinnuveitendurnir, þú skilur?"

SÉRVITUR Johnny Depp segist ekki hafa gaman af því að tala í síma. Hann kýs heldur að tjá sig í gegnum póst. NORDICPHOTOS/GETTY

Björk söng fyrir McQueen

Fatahönnuðurinn Alexander McQueen fékk heiðursverðlaun á bresku tískuverðlaunum á þriðjudagskvöldið en hann féll fyrir eigin hendi fyrr á þessu ári. Hans var sérstaklega minnst á hátíðinni og sýnd var stuttmynd eftir ljósmyndarann Nick Knight sem var einn nánasti vinur og samstarfsfélagi McQueens. Þar mátti heyra nýtt lag eftir Björk Guðmundsdóttur en almennt er talið að Björk eigi heiðurinn af því að hafa komið McQueen á framfæri við umheiminn.

Björk nýtti sér frumlega hönnun hans og með þeim myndaðist mikill vinskapur. Hún söng meðal annars við minningarathöfnina sem fram fór í kirkju heilags Páls 20. september síðastliðinn og fjölmiðlar biðu eftir því að hún tjáði sig um sviplegt fráfall McQueens.

Í viðtali við Pitchfork-vefinn fyrir skemmstu upplýsti Björk að nýtt efni væri væntanlegt frá henni á næstunni en íslenska söngkonan mun meðal annars syngja titillagið í nýrri Múmínálfamynd. Hægt er að nálgast lagið og stuttmyndina inni á vefnum showstudio.com.

VINIR Björk og Alexander McQueen voru miklir vinir og Björk er talin eiga mesta heiðurinn af því að hafa komið fatahönnuðinum á framfæri við umheiminn. Hún söng í minningarathöfn McQueens sem fór fram fyrr á þessu ári. NORDICPHOTOS/GETTY

E L M
OUTLET

RÝMUM TIL
Vegna óska viðskiptavina
verður lagersala opin til jóla.
Lagersalan er að Laugavegi 97
Opið frá kl. 12-18

Úr tískunni í gosdrykkina

MUNDI VONDI Tískuhönnuðurinn í verksmiðju Kletts sem staðsett á Köllunarklettsvegi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

„Ég ætlaði að koma að skoða hjá þeim verksmiðjuna því ég þekki þá sem eru að gera þetta. Svo sá ég hvað þetta var stórt og ákvað að rissa upp fyrir þá útlit. Þeir féllust bara á að það væri málið," segir tísku- og grafíski hönnuðurinn Mundi Vondi.

Mundi hannar miðana á flöskum nýja gosdrykkjaframleiðandans Klettur. Þar eru myndir af Íslendingum sem ljósmyndarinn Jói Kjartans tók ásamt textum úr dægurlögum og bókmenntum.

Mundi hefur verið áberandi sem tískuhönnuður og rekur vinsæla verslun á Laugaveginum. Aðspurður segist hann síður en svo vera að missa „kúlið" með því að prófa gosdrykkjahönnun. „Ég er búinn að gera grafíska hönnun síðan ég var polli. Ég gerði skólaplaköt fyrir skólaböllin og ég var að læra grafíska hönnun í listaháskólanum og hef unnið á auglýsingastofum þannig að ég er ekkert að fara ótroðnar slóðir. Enda finnst mér gaman að hanna útlit á nýrri gosverksmiðju. Það er bara jákvætt og ef einhverjir ætla að skjóta á mig skýt ég á þá til baka," segir hann hress.

Hann hefur nú lokið starfi sínu að mestu en verður áfram með yfirsýn yfir hönnunina hjá fyrirtækinu. Nýr grafískur hönnuður hefur tekið við hjá Kletti og heitir hann Ragnar Fjalar Lárusson.

Sjálfur er Mundi upptekinn við verslun sína og segir jólasöluna hefjast af fullum þunga upp úr miðjum desember. „Það er verst með jólaskrautið á Laugaveginum. Þeir kveikja á því klukkan 18 þegar búðirnar eru að loka." - fb

LEONARDO DICAPRIO Var skorinn í andlitið með brotnu glasi í partíi fyrir fimm árum.

Tvö ár fyrir að skera Leo

Kona sem var ákærð fyrir að hafa skorið andlit leikarans Leonardo DiCaprio með brotnu glasi hefur verið dæmd í tveggja ára fangelsi. Atvikið átti sér stað árið 2005 í partíi í Hollywood. Konan lýsti upphaflega yfir sakleysi sínu og vildi meina að hún hefði haldið að DiCaprio væri fyrrverandi kærasti sinn. Hún átti yfir sér allt að sjö ára fangelsi en ákvað að játa sektina gegn því að dómurinn yrði styttur. Eftir að konan hefur afplánað dóm sinn verður hún flutt til heimalands síns, Kanada.

UNDIRBJÓ SIG FYRIR NÓBELINN Leikarinn Denzel Washington skemmti sér mjög vel að sögn viðstaddra á skemmtistað í Stokkhólmi og sýndi fimi á dansgólfinu. NORDICPHOTOS/GETTY

Skemmtir sér í Stokkhólmi

Leikarinn Denzel Washington setur víst svip á skemmtanalífið í Stokkhólmi þessa dagana. Heiðraði hann vinsælan skemmtistað á Stureplan með nærveru sinni og gestir staðarins sneru sig úr hálslið þegar þeir sáu Hollywood-leikarann sýna mikla fimi á dansgólfi staðarins.

Ástæðan fyrir dvöl Washingtons í Stokkhólmi er sú að hann er að hlaða batteríin áður en hann heldur til Oslóar og verður kynnir á hinum árlegu tónleikum Nóbelsverðlaunanna ásamt leikkonunni Anne Hathaway.

Þú kemst í jólaskap með okkur

Jólatrukkar Coca-Cola koma við á öllum stærri verslunarkjörnum landsins næstu daga og vikur fram að jólum. Jólatrukkar Coca-Cola eru innfluttir frá Bandaríkjunum og sérhannaðir til að skapa jólastemningu þar sem þeir eru skreyttir jólaljósum og ríkulega útbúnir. Annar jólatrukkurinn er helgaður **stofu jólasveinsins** þar sem yngsta kynslóðin getur fengið mynd af sér með sjálfum **jólasveininum**. Í hinum jólatrukknum er áhugasömum boðið að spreyta sig á nýjustu **Playstation Move** leikjunum, sem byggja á hreyfingu leikmanna.

Jólatrukkar Coca-Cola® verða við
Nettó, Mjódd, í dag
fimmtudaginn 9. des. á milli kl. 16-18

Næstu viðkomustaðir jólatrukkanna verða eftirfarandi:

10. des	Föstudagur	Krónan, Bíldshöfða	kl. 17-19
11. des	Laugardagur	Krónan, Lindum	kl. 16-18
12. des	Sunnudagur	Bónus, Korptorgi	kl. 16-18
13. des	Mánudagur	Miðbæjargarðinum, Selfossi	kl. 16-18
14. des	Þriðjudagur	Nettó, Reykjanesbæ	kl. 17-19
15. des	Miðvikudagur	Hagkaup, Spönginni	kl. 17-19
16. des	Fimmtudagur	Bónus, Smáratorgi	kl. 16-18
17. des	Föstudagur	Krónan, Granda	kl. 17-19

Nánar á Coke.is

Coca-Cola Með þér um jólin

ÞIÐ ERUÐ OKKAR HVATNING

Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands 2010 voru afhent við hátíðlega athöfn síðastliðinn föstudag.

Verðlaunin hlutu að þessu sinni:

Harpa Dísa Harðardóttir, *í flokki einstaklinga*, fyrir metnaðarfullt starf við gerð orlofshúss með góðu aðgengi fyrir fatlað fólk og áralanga baráttu fyrir réttindum þess.

Reykjadalur, *í flokki fyrirtækja og stofnana*, fyrir ötult starf í þágu fatlaðra barna og ungmenna með rekstri sumarbúða og helgardvalar að vetri.

Margrét Dagmar Ericsdóttir, *í flokki umfjöllunar og kynningar*, fyrir kvikmyndina *Sólskinsdrengurinn*, sem aukið hefur skilning almennings á margbreytileika einhverfu og er aðsóknarmesta heimildarmynd íslenskrar kvikmyndasögu.

Við hjá Íslenskri getspá óskum verðlaunahöfunum hjartanlega til hamingju með þessa verðskulduðu viðurkenningu.

Lottó
WWW.LOTTO.IS



Blanchett í Hobbitann

Óskarsverðlaunaleikkonan Cate Blanchett mun endurtaka hlutverk sitt úr The Lord of the Rings sem álfakonan Galadriel í Hobbitamyndunum tveimur sem eru í bígerð. Leikstjórinn Peter Jackson er hæstánægður með liðsstyrkinn og segir Blanchett vera í miklu uppáhaldi hjá sér. Hann leikstýrði þríleiknum Lord of the Rings og mun halda því áfram í Hobbitanum sem fjallar um atburði sem áttu sér stað á undan Hringadróttinssögu. „Cate er einn af uppáhalds leikurunum mínum og ég gæti ekki verið ánægðari með sjá hana endurtaka hlutverkið sem hún innti svo fallega af hendi í fyrri myndunum," sagði Jackson. Blanchett hlaut Óskarsverðaunin 2004 fyrir hlutverk sitt í The Aviator.

Martin Freeman úr þáttunum The Office leikur Bilbo Baggins í Hobbitanum og á meðal annarra leikara verða Ken Stott og Sylvester McCoy.

Tökur á myndunum hefjast á Nýja-Sjálandi í febrúar. Fyrri myndin er væntanleg í kvikmyndahús árið 2012 og sú síðari árið eftir.

CATE BLANCHETT Blanchett endurtekur hlutverk sitt sem Galadriel í Hobbitanum.

BIÐARINNAR VIRÐI Átta ár eru síðan fyrsta plata Apparats kom út en Pólýfónía var vel biðarinnar virði.

Einstakur hljómur Apparats

Tónlist ★★★★★

Pólýfónía

Apparat Organ Quartet

Orgelkvartettinn Apparat var stofnaður árið 1999 og sendi frá sér sína fyrstu plötu samnefndri sveitinni árið 2002. Hún þótti afbragð og innihélt meðal annars lög eins og Cruise Control, Romantika og Stereo Rock & Roll sem hafa notið mikillar hylli tónlistaráhugamanna alla tíð síðan. Apparatið efldist með árunum sem tónleikasveit og fyrir þremur árum fóru menn að tala um nýja plötu. Nú er hún loks komin. Og þvílík plata!

Pólýfónía er allt sem maður gat látið sig dreyma um að hún yrði. Apparat-hljómurinn er til staðar, Apparat-húmorinn og Apparat-stuðið, en tónlistin hefur líka þróast og er ennþá meira grípandi og skemmtileg. Pólýfónía er líka heilsteyptari en fyrri platan. Það er enginn dauður punktur á henni.

Tónlist Apparat Organ Quartet er eins og nafnið bendir til spiluð á orgel og hljóðgervla, aðallega gamlar sígildar græjur: hammonda, farfisur og ýmis smáhljómborð ætluð til heimabrúks. Auk þess er í sveitinni trommuleikari sem keyrir upp kraftinn og styrkir rokkþættina í tónlistinni. Það er fullt af tónlistarmönnum starfandi í heiminum sem dýrka gamlar græjur, allt frá Air og Daft Punk yfir í Stereolab og Hjálma, en enginn þeirra hljómar eins og Apparatið. Það er einstakt. Samt er eitthvað augljóslega aðlaðandi við það að spila svona melódíska og marghljóma orgeltónlist og rokka hana upp, blanda saman því besta frá Kraftwerk og keyrslurokki. En til þess að það virki þarf að gera það vel. Og strákarnir í Apparatinu virðast vera um það bil þeir einu sem ráða við það. Og taka sér tímann sem þarf.

Eins og á fyrri plötunni eru þýsku ofurmennin í Kraftwerk augljósasti áhrifavaldurinn á Pólýfóníu. En ýmsir aðrir listamenn hafa áhrif í einstaka lögum. Í Stereo Rock & Roll á fyrri plötunni var hreinræktaður Gary Glitter Band-taktur, en á nýju plötunni má t.d. heyra progglegar slaufur bæði í Pentatronik og Síríus Alfa. Lögin eru flest bæði grúví og danshvetjandi, nema kannski lokalagið Söngur geimunglingsins sem er stórt og kaflaskipt til að róa menn aðeins eftir allt stuðið. Textarnir eru einfaldir og skemmtilegir. Þeir eru flestir sungnir með hljóðgervlarödd á ensku, íslensku, þýsku og japönsku. Í einu orði sagt snilldarplata!

Trausti Júlíusson

Niðurstaða: Orgelkvartettinn Apparat keyrir upp stuðið með frábærri plötu.

Fyrsta plata Páls í fimm ár

„Þetta eru perlur frá gamalli tíð," segir söngvarinn Páll Rósinkrans.

Páll hefur gefið út plötuna Ó hvílík elska sem inniheldur fjórtán lög úr ýmsum áttum. „Ég hef verið að syngja þessi lög við ýmis tækifæri, bæði sorgleg og glaðleg. Íslenska þjóðarsálin að mörgu leyti," segir hann. Páll var í óðaönn við að dreifa plötunni þegar Fréttablaðið náði í hann. Hann segir frumskógarlögmálið gilda á plötumarkaðnum um jólin. Fimm ár eru liðin frá því að hann gaf út síðustu sólóplötu, en sú nýja er sú sjöunda í röðinni. „Ég horfi til gamalla tíma á plötunni, í staðinn fyrir að vera í nútímanum – sveitarómantíkin," segir Páll.

Spurður hvar hann hafi haldið sig síðustu fimm ár segist hann hafa verið að syngja fyrir fólk úti um allt land. „Maður hefur verið að spila og syngja," segir hann. „Er kannski í einhverjum 2007-fíling. Dunda í músík og syngja fyrir fólk. Það er það sem ég geri og vinn við." - afb

NÝ PLATA Páll Rósinkrans hefur sent frá sér sjöundu sólóplötu sína.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

FYRSTI WINDOWS 7 SÍMINN FRÁ LG ER KOMINN Í ELKO

99.995

LG optimus 7

LG E900 GSM sími

1GHz örgjörfi
5MP myndavél með video upptöku
Samkeyrir tengiliði úr símanum, Facebook og Outlook.
Birtir myndir beint af Facebook á einfaldan hátt.
Streymir HD video, myndum og tónlist þráðlaust beint yfir í tölvuna þína.
Tengist X-box live, allir flottustu leikirnir á einum stað.
Marketplace, fjöldi smáforrita (apps)
Innbyggt 16GB minni
Ótúlega einfalt og þægilegt stýrikerfi!

LG

ELKO

EINFALDLEGA LÆGRA VERÐ

GRANDI – LINDIR – SKEIFA – VEFVERSLUN

ALMENNAR UPPLÝSINGAR 544 4000 – SÍMSALA 575 8115 – BLAÐIÐ GILDIR 6.-12. DESEMBER.

FÁÐU GÓÐAR JÓLAGJAFIR FYRIR N1 PUNKTANA ÞÍNA

Vr: A900 85060735
BUBBI – SAMTALSBÓK
FULLT VERÐ KR. 2.490
490 KR.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x2

Vr: A900 85060691
SODASTREAM
FULLT VERÐ KR. 24.990
13.990 KR.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x11

Vr: A156 85060669
REMINGTON SLÉTTUJÁRN
FULLT VERÐ KR. 8.990
2.990 KR.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x6

Vr: A703 85060730, A703 85060729
ALIAS / JUNIOR ALIAS
FULLT VERÐ KR. 6.490
4.490 KR. PR. STK.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x2

Vr: 063 BE0913690
VERKFÆRASETT
FULLT VERÐ KR. 9.990
4.990 KR.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x5

Vr: A891 85060702
SAMSUNG MYNDAVÉL
FULLT VERÐ KR. 26.990
19.990 KR.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x7

FÆST Á N1 UM ALLT LAND.

Vr: A891 85060712
DVD SPILARI
FULLT VERÐ KR. 29.990
18.990 KR.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x11

Vr: A900 85060728
VAXI-n OG KENNSLUMYNDBAND Í FÖRÐUN
FULLT VERÐ KR. 6.990
2.990 KR.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x4

Vr: A850 7942, A862 85060733, A149 85060732
LEIKFÖNG
FULLT VERÐ KR. 2.590
590 KR. PR. STK.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x2

Vr: A642 453014
ANTHON BERG
FULLT VERÐ KR. 2.790
790 KR.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x2

Vr: A312 85060738, A312 85060740, A312 85060739, A900 85060741
GEISLADISKAR
FULLT VERÐ KR. 2.490
490 KR. PR. STK.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x2

FULLT VERÐ KR. 3.490
1.490 KR.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x2

Vr: A703 85060731, A312 85060737, A312 85060736
DVD MYNDIR
FULLT VERÐ KR. 2.690
690 KR. PR. STK.
+1.000 PUNKTAR
PUNKTAR GILDA x2

WWW.N1.IS

N1

Fíton/SÍA

SAMAN Á NÝ Samkvæmt breska blaðinu The Sun þurfa leikararnir þrír, Daniel, Emma og Rupert, að hittast til að taka aftur upp lokaatriðið í Harry Potter.

NORDIC PHOTOS/GETTY

POTTER-GENGIÐ SAMEINAÐ Á NÝ

Rándýr mistök sem áttu sér stað við tökur á lokamynd ævintýranna um galdrastrákinn þýða að Potter-gengið þarf að öllum líkindum að endurnýja kynnin.

Emma Watson, Rupert Grint og Daniel Radcliffe áttu hjartnæma stund í apríl á þessu ári þegar síðustu upptökurnar á Harry Potter fóru fram við King's Cross lestarstöðina í London. Samkvæmt sjónarvottum féllu tár þegar kallað var „cut!" í síðasta sinn og leikararnir kvöddust eins og þetta væri þeirra síðasta.

En nú gætu mistök við tökur haft þær afleiðingar að vinirnir þrír þyrftu að mæta aftur til leiks og taka upp eitt af lokaatriðum Harry Potter bálksins.

Þótt leikararnir séu eflaust ákaflega sáttir er nokkuð ljóst að leikstjórinn Peter Yates myndi vilja veifa töfrastafnum og láta vandann hverfa því endurtökurnar verða ekki ókeypis. Breska götublaðið The Sun greindi frá þessu í gær. Samkvæmt blaðinu eiga þau Hermione, Harry og Ron að líta út fyrir að vera nítján árum eldri en þau eru í síðustu myndinni. Þegar klipparar fóru yfir atriðið kom hins vegar í ljós að þau þrjú voru eins og gamalmenni. „Allir í tökuliðinu, bæði leikarar og tæknifólk, hlógu mikið þegar þeir sáu atriðið og hafa kallað myndina „Harry Potter and the Costly Hollows" eða Harry Potter og hin rándýru innföllnu," hefur The Sun eftir heimildarmanni sínum. Hann bætir því við að Daniel, Emma og Rupert hafi verið ákaflega sátt með að hittast einu sinni enn enda hafi kveðjustundin verið þeim erfið.

Sami heimildarmaður tekur hins vegar fram að framleiðendurnir séu ekkert sáttir með gang mála, enda sé hugsað um hverja einustu krónu. Hins vegar verður ekkert vandamál að finna aura fyrir þessar tökur því samkvæmt The Sun er vörumerkið Harry Potter nú metið á sjö milljarða punda.

Zuckerberg ánægður með fataval

Stofnandi samskiptavefjarins Facebook, Mark Zuckerberg, ákvað að bjóða öllu sínu starfsliði á myndina The Social Network. Myndin, sem er leikstýrt af David Fincher, á að fjalla um líf Zuckerbergs og uppruna Facebook og hefur Zuckerberg nú viðurkennt að honum líki við þessa Hollywood-útgáfu af sínu eigin lífi. Samt vill hann ekki meina að margt í myndinni eigi neitt skylt við raunveruleikann. „Það eina sem er nokkurn veginn eins er fataval Jesse Eisenberger. Þeir náðu að herma eftir mínum fatastíl og ég held að ég hafi meira að segja rekið augun í alveg eins sandala og ég á í myndinni," segir Zuckerberg í viðtali en áður hafði þessi 26 ára gamli auðkýfingur gefið út yfirlýsingar þess efnis að hann ætlaði ekki sjá myndina.

Hann vill samt meina að áherslurnar í myndinni séu rangar og að hann hafi til að mynda ekki stofnað Facebook til að næla sér í stelpur eins og ýjað er að í myndinni. „Þeir eru alveg búnir að gleyma þeirri staðreynd að ég er búinn að eiga sömu kærustu frá því áður en ég stofnaði Facebook," segir Zuckerberg og vill einnig meina að leikstjórinn hafi eytt of miklu púðri í kærumálið sem hann sjálfur hafi einungis hugsað um í tvær vikur. „Eftir allan þennan tíma er sorglegt að þeir skuli ennþá vera að hugsa um þetta mál," segir Zuckerberg en myndin hefur átt velgengni að fagna og hafa spekingar í kvikmyndabransanum meðal annars spáð henni góðu gengi á Óskarsverðlaununum á næsta ári.

MEÐ BROS Á VÖR Zuckerberg vill ekki meina að margt í myndinni Social Network eigi við rök að styðjast en er þó ánægður með fataval aðalpersónunnar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

FLOTTASTA FLÉTTAN

★★★★½

„… bókin er **lygilega sannsöguleg** og endurspeglar meinið í íslensku samfélagi sérstaklega vel.“

STEINÞÓR GUÐBJARTSSON / MORGUNBLAÐIÐ

★★★★

„… hefur það allt til að bera sem einkennir góðan krimma.“

JÓN YNGVI JÓHANNSSON / FRÉTTABLAÐIÐ

★★★★

„… glæsilega unnin … voveifleg lýsing á því samfélagi sem við höfum búið okkur …“

PÁLL BALDVIN BALDVINSSON / FRÉTTATÍMINN

„… geymir … einhverja **óvæntustu og sniðugustu fléttu** sem ég hef lengi séð í bók af þessu tagi.“

ILLUGI JÖKULSSON / DV.IS

„Frábær bók.“

FREYR EYJÓLFSSON / MORGUNÚTVARP RÁSAR 2



JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

Tvímælalaust besta sakamálasaga Árna Þórarinssonar

UMBRO
Umbro dagar í Sportlandi
9.-12. desember

20-40% afsláttur af öllum Umbro vörum

SPORTLAND
Grensásvegur 11 | 108 Reykjavík
Sími: 571-1000 | www.sportland.is

Afgreiðslutími í Sportlandi til jóla

9. des. 10-20	14. des. 10-20	19. des. 10-22
10. des. 10-20	15.des. 10-20	20. des. 10-22
11. des. 11-18	16. des. 10-22	21. des. 10-22
12. des. 13-18	17. des. 11-22	22. des. 10-22
13. des. 10-20	18. des. 11-22	23. des. 10-23
		24. des. 10-12

Sofia Coppola var glæsileg að vanda í svörtum pallíettutoppi en hér stendur hún með aðalleikkonunni Elle Fannig sem var einnig flott með fléttu í dömulegum svörtum kjól. NORDICPHOTOS/GETTY

Chloé Sevigny er ávallt með puttana á púlsinum og það á einnig við hér.

FLOTT KLÆDDAR Á FRUMSÝNINGU

Leikkonan Michelle Monaghan var glamúrleg í stuttum fjólubláum kjól og drapplitum skóm.

Leikkonan Audrey Marnay var sumarleg í flöskugrænum kjól sem fór einstaklega vel við háralit hennar.

Vanalega er rauði dregillinn á frumsýningum í Hollywood samur við sig, mikið af stuttum kjólum og glamúrinn allsráðandi. Það var því ánægjulegt að sjá hversu margir smekklegir gestir mættu á frumsýningu nýjustu myndar Sofiu Coppola, Somewhere. Það er kannski ekki við öðru að búast þegar hún er annars vegar enda er hún talin mikil tískufyrirmynd í Evrópu. Leikaralistinn er einnig áhugaverður en þar má meðal annarra sjá nöfn á borð við Erin Wasson, fyrirsætu og fatahönnuð.

Leikkonan Mena Survari var í svörtum jakkafötum með hlébarðatösku til að setja punktinn yfir i-ið.

Fatahönnuðurinn, fyrirsætan og nú leikkonan Erin Wasson vakti verðskuldaða athygli klædd í þennan samfesting.

Erlendir aðdáendur til Íslands

Alls munu 192 útlendingar frá 21 landi fljúga hingað til lands gagngert til að fylgjast með tónleikum Jónsa í Laugardalshöllinni 29. desember. Flestir koma frá Bandaríkjunum og Bretlandi, eða 98 talsins, 34 koma frá Frakklandi og Þýskalandi og tíu frá Japan. Aðrir aðdáendur Jónsa koma meðal annars frá Rússlandi, Ástralíu, Mexíkó og Ítalíu.

Miðað við ummæli aðdáenda hans á síðunni Jonsi.com er mikill spenningur fyrir tónleikunum. Þar segist einn Bandaríkjamaður ætla að koma hingað með átta vinum sínum og vonast hann til að hitta fleiri erlenda aðdáendur fyrir tónleikana. „Minn hópur ætlar að fljúga frá Texas, Oregon, Flórída og New York. Þetta verður í þriðja sinn sem ég kem til Íslands og í þriðja sinn sem ég sé Jónsa. Þar eru ekki talin með skiptin sem ég sá hann með Sigur Rós (í Austin tvisvar, Denver, New York, Vancouver og París). Við ætlum öll að kaupa skrítna dýrahatta til að vera með á tónleikunum," skrifar hann. Miðað við ummælin á síðunni er líklegt að aðdáendurnir verði með uppákomu á tónleikunum, líkt og suðurkóreskir aðdáendur Jónsa gerðu er þeir tóku höndum saman og fylltu svið ið af skutlum í einu laginu.

JÓNSI OG HLJÓMSVEIT Hátt í tvö hundruð útlendingar fljúga til Íslands til að koma á tónleika Jónsa og hljómsveitar hans.

Tónleikarnir í Höllinni verða þeir síðustu á risastórri tónleikaferð Jónsa um heiminn. Lúðrakvintettinn Brassgat í bala, með Samúel J. Samúelsson í fararbroddi, hitar upp. Enn eru til miðar í stæði.

- fb

Ice Queen

Jólaboð Ásdísar Ránar

á RE-PLAY í kvöld

Ekki missa af flottasta jólaboði ársins!

Ljósmynd Arnold

Í kvöld, fimmtudaginn 9. desember, heldur hin eina sanna og undurfagra Ísdrottning Ásdís Rán jólaboð á skemmtistaðnum RE-PLAY Grensásvegi.

Ásdís Rán tekur á móti gestum, kynnir nýju Icequeen-línuna sína og selur og áritar Playboy-blaðið sem skartar henni á forsíðunni og gerði allt vitlaust fyrr á árinu.

Hin magnaða og göldrótta **Sigríður Klingenberg** lætur sig ekki vanta. Hún sér í gegnum hóla og hæðir, talar við álfa og tröll og mun spjalla við gesti, gefa galdrasteina og fleira skemmtilegt. Þá verður lesið upp úr hinni umdeildu og forboðnu bók, **Hið dökka man – saga Catalinu.** Þetta er sjóðheit lesning um samskipti Miðbaugs-maddömunar Catalinu, sem fólk krossar sig í bak og fyrir eftir að hafa nefnt á nafn.

Fyrir þá sem mæta stundvíslega klukkan **20:00** verður jólamarkaður með ýmsu skarti og hönnun, **Haffi Haff** og **Ósk Norðfjörð** sjá um frítt skvísu-makeup og myndatöku fyrir Facebook-prófílinn og **Daníel Oliver** mætir með gítarinn.

Allar ofurbombur Íslands verða á staðnum og það verður notalegt andrúmsloft með piparkökum og jólakaffi.

Þegar líður á kvöldið verður svo sexí og seiðandi tískusýning frá MOMO Laugavegi og fleira skemmtilegt.

MOMO

SYSTRASEL
við berum umhyggju fyrir þér

RE-PLAY

Veitingastaður með boltann í beinni

Jónas og Þráinn Bertelsson í Tíma nornarinnar

GAMLIR REFIR Þráinn Bertelsson og Jónas Jónasson leika báðir í Tíma nornarinnar; Þráinn er sérfræðingur í fornum galdrastöfum en Jónas leikur Hannes, ritstjóra Síðdegisblaðsins.

„Það veit enginn af þessu, ekki konan mín né dætur. Ég var nú eiginlega að vona að ég yrði klipptur út," segir Jónas Jónasson, útvarpsmaður á Rás 1. Hann leikur Hannes, ritstjóra Síðdegisblaðsins sem Einar blaðamaður vinnur á, í sjónvarpsþáttaröðinni Tíma nornarinnar eftir Friðrik Þór Friðriksson. Þáttaröðin er byggð á samnefndri bók Árna Þórarinssonar, sem virðist hafa haft Jónas sérstaklega í huga þegar ljóst var að hún myndi rata í sjónvarpið, Hannes væri nefnilega reffilegur fjölmiðlarefur með djúpa og yfirvegaða rödd.

Jónas var hins vegar ekkert allt of hrifinn af því að gera mikið úr sínu hlutverki og benti á að Þráinn Bertelsson, þingmaður, rithöfundur og kvikmyndagerðarmaður, færi til að mynda með hlutverk sérfræðings í fornum galdrastöfum. „Ég veit eiginlega ekki af hverju hann Árni benti á mig, þetta er ekkert hlutverk, bara einhverjar tvær eða þrjár „replikkur"," segir Jónas og bætir því að hann hafi sagt já við þessari beiðni „í einhverjum bjánaskap" eins og hann orðar það sjálfur.

Jónas er hins vegar lærður leikari, lærði fræðin hjá Ævari Kvaran í fimm ár. Og var sjálfur kennari í tvö. Hann lék aðalhlutverkið í Herakles sem sett var upp í Tjarnarbíói undir stjórn Gísla Alfreðssonar og hefur leikstýrt og sett upp fjölda leiksýninga úti á landi og í útvarpi.

- fgg

AVRIL LAVIGNE Söngkonan gefur út sína fjórðu plötu í mars á næsta ári.

Viðkvæm á nýrri plötu

Fjórða plata söngkonunnar Avril Lavigne, Goodbye Lullaby, kemur út í mars. „Ég eyddi miklum kröftum í hana og hélt aldrei aftur af mér," sagði Lavigne um gerð plötunnar. „Ég leyfði mér að vera viðkvæmari en áður. Ég held að fólk tengist best í gegnum þessar sönnu stundir í lífinu. Platan snýst um það hvernig við göngum í gegnum erfiða lífsreynslu, hvort sem það eru endalok ástarsambands, starfsmissir eða að missa einhvern nákominn sér. Við komumst öll í gegnum þetta og þroskumst," sagði hún. Fyrsta smáskífulagið af plötunni nefnist What the Hell og er væntanlegt síðar í mánuðinum.

HALLDÓR BRAGASON Vinir Dóra verða með jólablúsgjörning á Rúbín 16. desember. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Vinir Dóra með jólablús

Hljómsveitin Vinir Dóra verður með jólablúsgjörning á Rúbín fimmtudaginn 16. desember. Jólablúsinn hefur notið mikilla vinsælda árum saman og er gott tækifæri til að hvíla sig á veraldlegu amstri aðventunnar. Vinir Dóra hafa verið í fararbroddi blústónlistarinnar á Íslandi síðan þeir hituðu upp fyrir John Mayall árið 1989. Vinirnir sem spila á Rúbín eru Halldór Bragason, gítarleikari og söngvari, Guðmundur Pétursson gítarleikari, Ásgeir Óskarsson trommuleikari, Davíð Þór Jónssson á Hammondorgel og Jón Ólafsson bassaleikari. Nánari upplýsingar um tónleikana má finna á Blues.is.

Jólaskósprengja

Hefst í dag

Opið mánudaga til föstudaga milli kl. 11 og 18
Laugardaga milli kl. 11 og 16
Sunnudaga milli kl. 13 og 17

LÁGMARK

50%

afsláttur

ÁSAMT ÖÐRUM TILBOÐUM

NÝTT KORTATÍMABIL HEFST Í DAG

Vörur frá

STEINAR WAAGE
SKÓVERSLUN
KRINGLAN - SMÁRALIND

ecco
Kringlunni - Smáralind

Kaupfélagið
Kringlunni - Smáralind

skór.is
KRINGLAN • SMÁRALIND

Toppskórinn

VÍNLANDSLEIÐ 6 - S: 533 3109

Outlet

Potts og Rybak vilja endurtaka leikinn að ári

Björgvin Halldórsson bauð upp á sannkallaða jólaveislu þegar hann tók á móti gestum sínum á glæsilegu sviði Laugardalshallarinnar um helgina. Erlendu gestirnir voru himinlifandi og sögðu tónleikana hafa verið á heimsmælikvarða.

Björgvin, Jóhanna Guðrún, Paul Potts og Alexander Rybak ásamt góðum gestum sem fóru á kostum á jólatónleikunum.

Björgvin Halldórsson fór að venju á kostum í Laugardalshöllinni um helgina. Alls lögðu 12 þúsund gestir leið sína í Höllina og horfðu á hvern listamanninn á fætur öðrum troða upp en alls komu 237 manns fram á tónleikunum; karlakór, hljóðfæraleikarar, söngvarar og barnakór. Örn Árnason sá um að kynna atriðin en umfangið var svo mikið að sérstakur leikstjóri var ráðinn til að hafa yfirumsjón með verkinu og fórst Gunnari Helgasyni það vel úr hendi.

Ísleifur B. Þórhallsson, skipuleggjandi tónleikanna, segir að allir erlendu gestirnir hafi verið himinlifandi og að óperusöngvarinn Paul Potts og Eurovision-stjarnan Alexander Rybak hafi báðir beðið um að fá að koma aftur til Íslands. „Þeir sögðust ekki hafa gert sér grein fyrir því hversu stórir í sniðum tónleikarnir væru og tónlistarstjóri Paul Potts sagði þetta hafa verið í heimsklassa," segir Ísleifur en íslenski hlutinn heldur nú til Akureyrar og verður þar með jólatónleika í höllinni fyrir norðan.

freyrgigja@frettabladid.is

Þau Summer Watson og Paul Potts voru bæði ánægð með dvölina sína hér á landi en Watson ferðaðist töluvert á meðan hún dvaldi hér á landi.

Vel fór á með þeim Paul Potts og Björgvini Halldórssyni eftir sýninguna en Potts vill ólmur koma aftur til Íslands.

Björgvin og Alexander Rybak ræddu saman eftir sýninguna en norska Eurovision-stjarnan kolféll fyrir landi og þjóð.



ZO•ON
ICELAND

Við erum í jólaskapi!

Í dag **9. desember** er **ZO•ON** verslunin í Kringlunni í jólaskapi.

Jón Jónsson og hljómsveit troða upp fyrir framan verslunina **kl. 17:00.**
Af þessu tilefni verður **10% afsláttur** af **ZO•ON** fatnaði í versluninni okkar í Kringlunni.

Þeir sem líta við fá flottan **ZO•ON bol** á meðan birgðir endast.

ZO•ON útivistarfatnaður fæst í verslun okkar í Kringlunni og í Bankastræti
en auk þess í öllum helstu verslunum með útivistarfatnað á Íslandi.

ZO•ON
ICELAND
www.zo-on.is

HEIL UMFERÐ fer fram í Iceland Express-deild karla í kvöld. Íslandsmeistarar Snæfells sækja Hamar heim, KR tekur á móti ÍR í Reykjavíkurslag, Grindavík mætir Fjölni í Grafarvogi, Tindastól reynir að vinna annan leikinn í röð í Keflavík, Ísfirðingar fara til Njarðvíkur og Haukar taka á móti Stjörnunni. Allir leikir kvöldsins hefjast klukkan 19.15.

ÚRSLIT

Heimsbikarinn:

Ísland-Noregur	**35-29 (18-16)**
Mörk Íslands (skot): Snorri Steinn Guðjónsson 8/3 (14/4), Arnór Atlason 7 (10), Alexander Petersson 7 (10), Róbert Gunnarsson 6 (8), Arnór Þór Gunnarsson 2 (2), Sturla Ásgeirsson 2 (3), Ingimundur Ingimundarson 1 (1), Oddur Gretarsson 1 (1), Bjarni Fritzson 1/1 (2/1).	
Varin skot: Sveinbjörn Pétursson 19 (48) 40%.	
Hraðaupphlaup: 4 (Ingimundur, Arnór, Alexander, Sturla).	
Fiskuð víti: 5 (Arnór, Róbert, Aron, Ásgeir, Snorri).	
Utan vallar: 6 mínútur.	
Mörk Noregs (skot): Johannes Hippe 5 (10), Magnus Jöndal 5 (7), Erlend Mamelund 4 (6), Vegard Samdahl 3 (5), Espen Hansen 2 (2), Christian Spannel 2 (2), Sindre Paulsen 2 (4), Joakim Hykkerud 2 (3), Jan Hansen 2 (2), Kent Tönnesen 2 (4).	
Varin skot: Steinar Ege 9 (26/2) 35%, Sven Erik Medhus 5 (23/3) 22%.	
Hraðaupphlaup: 5 (Hippe 2, Jöndal 2, Mamelund).	
Fiskuð víti: 0.	
Utan vallar: 4 mínútur.	
Svíþjóð-Danmörk	**28-34**
Danmörk vinnur því mótið.	

SVEINBJÖRN PÉTURSSON Lokaði íslenska markinu í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Sveinbjörn átti stórleik í gær:

Sáttur við mína frammistöðu

HANDBOLTI Sveinbjörn Pétursson markvörður hefur spilað frábærlega með Akureyri í vetur en hann var nokkuð ánægður með sinn hlut eftir sína fyrstu landsleiki.

„Þetta var svolítið kaflaskipt hjá mér. Ég tók nokkra góða kafla en þetta eru fyrstu leikirnir og maður er enn að læra inn á strákana og nýja mótherja. En heilt yfir er ég sáttur með mína frammistöðu," sagði Sveinbjörn.

„Fyrsta takmarkið mitt var að komast í þennan hóp. Mér brá svolítið að fá símtalið en var samt með það bak við eyrað að verða valinn eftir að ég vissi að Hreiðar og Bjöggi yrðu ekki með.

Nú er það að baki og næsta takmark er að komast í æfingahóp fyrir heimsmeistaramótið sem væri vissulega gaman. Það er bara að bíða og sjá." - sjj

Lykilmenn stimpluðu sig inn á ný

Arnór Atlason og Snorri Steinn Guðjónsson hristu af sér slenið þegar Ísland lagði Noreg, 35-29, í bronsleik heimsbikarsins í handbolta. Allt annað var að sjá til íslenska liðsins en í leiknum gegn Svíum. Stígandi var í leik íslenska liðsins sem er jákvætt eftir magurt gengi upp á síðkastið. Landsliðsþjálfarinn var ánægður.

HANDBOLTI Í gærkvöldi léku Íslendingar gegn Norðmönnum um 3. sætið í heimsbikarnum í handknattleik. Leikurinn fór fram í Malmö Arena en þar munu einmitt úrslitaleikir heimsmeistaramótsins fara fram nú í janúar. Íslenska liðið vann fremur þægilegan sex marka sigur og er hægt að taka ýmislegt jákvætt úr þessum leik fyrir aðalprófið sem verður á heimsmeistaramótinu en þar eru þessi tvö lið einmitt saman í riðli.

Í íslenska liðið vantaði nokkra lykilmenn. Markverðirnir Björgvin Páll Gústavsson og Hreiðar Guðmundsson fengu sig ekki lausa frá sínum félagsliðum og sama má segja um Þóri Ólafsson. Ólafur Stefánsson og Vignir Svavarsson fengu frí og þá er Guðjón Valur Sigurðsson að stíga upp úr erfiðum meiðslum.

Það virtist þó ekki koma að sök því strákarnir tóku yfirhöndina fljótlega í leiknum. Sveinbjörn Pétursson í íslenska markinu varði nokkur skot í byrjun leiks en Sveinbjörn hefur spilað frábærlega fyrir Akureyri í N1-deildinni það sem af er vetri.

Um miðjan hálfleikinn jók íslenska liðið forskotið jafnt og þétt og náði mest sex marka forystu. Vörn íslenska liðsins spilaði mun betur en gegn Svíum á miðvikudag og sömuleiðis Snorri Steinn Guðjónsson sem skoraði alls sex mörk í fyrri hálfleik.

Norska liðið skoraði hins vegar sex mörk gegn tveimur mörkum Íslendinga undir lok fyrri hálfleiks og minnkuðu muninn í 18-16 sem voru hálfleikstölur.

Síðari hálfleikur spilaðist ekki ósvipað og sá fyrri. Íslenska liðið hafði yfirhöndina, var fljótlega komið 6 mörkum yfir á nýjan leik og náði mest níu marka forystu. Vörn íslenska liðsins náði sér vel á strik í seinni hálfleik og ljóst að leikmenn voru staðráðnir í að taka sig vel saman í andlitinu eftir fremur dapran leik gegn Svíum. Lykilmenn eins og Snorri Steinn Guðjónsson, Arnór Atlason og Alexander Petersson náðu sér vel á strik og svöruðu kalli Guðmundar um bættan leik.

Íslenska liðið gaf þó aðeins eftir undir lokin, líkt og í fyrri hálfleik, og Norðmenn náðu aðeins að saxa á forskotið. Lokatölur voru 35-29 og 3. sætið í mótinu því staðreynd.

„Við spiluðum miklu betur í dag en gegn Svíum, vorum miklu grimmari í sóknarleiknum og spiluðum kerfin betur. Einnig spiluðum við varnarleikinn betur eftir því sem leið á leikinn og hann slípaðist betur og betur til sem ég var ánægður með. Í sjálfu sér er ekkert hægt að segja nema allt jákvætt um þennan leik. Ég var ánægður að fá svör frá þeim leikmönnum sem ekki spiluðu vel á miðvikudag, þeir komu mjög grimmir inn í leikinn og spiluðu mjög vel," sagði Guðmundur Guðmundsson, þjálfari Íslendinga, eftir leik.

Oddur Grétarsson og Sigurbergur Sveinsson, sem eru að spila sína fyrstu landsleiki, áttu góðan leik gegn Svíum, þótt þeir hefðu haft hægt um sig í leiknum í gær. Þá kom Sveinbjörn sterkur inn eins og áður segir.

„Þeir stóðu sig vel og ekkert hægt að kvarta yfir þeirra frammistöðu á neinn hátt. Ég var einnig ánægður með Snorra í dag, hann var mjög góður og Arnór sömuleiðis. Alexander var miklu betri en gegn Svíum og allt liðið var að spila mun betur. Ég var sérstaklega ánægður með varnarleikinn sem var mjög góður í dag," sagði Guðmundur að lokum.

- sjj

VELKOMINN AFTUR Arnór Atlason sýndi í gær hvað hann getur eftir dapra leiki upp á síðkastið. FRÉTTABLAÐIÐ/DIENER

LEIÐTOGINN Á MIÐJUNNI Snorri Steinn sýndi sitt rétta andlit í gær og stýrði leik liðsins eins og herforingi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Þín verslun
Seljabraut
25 ára!
Nýtt og betra kjötborð,
frábær afmælistilboð og
25% afsláttur í hverri hillu!
Kíktu í heimsókn,
við tökum vel á móti þér.
Þín verslun | Seljabraut 54 | sími 557 1780
Opnunartími: Mán.–fös. 9–21 / lau.–sun. 10–21

Guðmundur Guðmundsson landsliðsþjálfari sáttur eftir sigurinn á Noregi:

Er orðinn bjartsýnni en ég var

HANDBOLTI Guðmundur Þórður Guðmundsson, landsliðsþjálfari í handknattleik, er nokkuð ánægður eftir leikina í heimsbikarnum og telur liðið á ágætu róli fyrir heimsmeistaramótið sem hefst í Svíþjóð eftir rúman mánuð.

„Ég er bjartsýnni núna en ég hef oft verið undanfarið. Það eiga auðvitað eftir að verða töluverðar breytingar á liðinu fyrir heimsmeistaramótið. Hvorugur markmannanna sem hafa verið okkar aðalmarkmenn undanfarið var með," segir Guðmundur.

„Ólafur Stefánsson, Vignir Svavarsson, Þórir Ólafsson og Guðjón Valur Sigurðsson voru ekki með heldur og svo má nefna Kára Kristján Kristjánsson ef út í það er farið en hann var að spila með sínu félagsliði og kemur vel til greina í þennan hóp. Það vantaði því marga leikmenn."

Guðjón Valur hefur verið að glíma við erfið meiðsli undanfarna mánuði en Guðmundur sagði að hann væri að komast á fullt skrið á nýjan leik.

„Hann er orðinn ansi frískur. Hann spilaði heilan hálfleik um daginn en þarf auðvitað sinn tíma. Hann átti stórkostlegan leik gegn Celje Lasko og miðað að það eru 10 mánuðir síðan hann spilaði síðast þá verð ég að segja að sú frammistaða var framar björtustu vonum. Ólafur Stefánsson er auðvitað undir miklu álagi og við ákváðum í samráði við hann að hvíla hann í þessari keppni."

Spurður hvort fleiri leikmenn en þeir sem spiluðu á þessu móti væru undir smásjánni segir Guðmundur svo ekki vera.

„Að minnsta kosti ekki eins og staðan er núna. Ólafur Guðmundsson í FH er valkostur fyrir okkur.

SÁTTUR Guðmundur var nokkuð brattur eftir leik í gær. MYND/DIENER

Svo er spurning hvort Logi Geirsson nær sér á strik útaf öxlinni. Auðvitað er ekki búið að ákveða hópinn og við skoðum alla valkosti sem standa okkur til boða. Fram undan eru æfingar í byrjun janúar og svo tveir æfingaleikir við Þjóðverja á heimavelli og svo er farið beint á heimsmeistaramótið," segir Guðmundur. - sjj

Ísland - Svartfjallaland á EM kvenna í kvöld

Áfram Ísland!

Hvort sem það er stöngin inn eða stöngin út, öruggur sigur eða óvænt tap, tvær mínútur á þær eða okkur, glæsileg línusending sem endar með marki eða augljóst brot og ekkert dæmt, styðjum við íslenska kvennalandsliðið á EM í Danmörku og Noregi. Míla sér um að leikirnir berist hratt og örugglega til landsins og í sjónvarpið þitt.

míla
Lífæð samskipta

Míla byggir upp og rekur fullkomnasta fjarskiptanet á Íslandi. Míla sér fjarskipta-, síma- og afþreyingarfyrirtækjum fyrir aðstöðu og dreifileiðum um net ljósleiðara og koparstrengja sem tengja byggðir landsins við umheiminn. Míla er mikilvægur hlekkur í öryggisfjarskiptum landsins á sjó, landi og lofti.

www.mila.is

ENNEMM / SÍA / NM44647

ÚRSLIT

Meistaradeild Evrópu:

E-RIÐILL:

FC Bayern-Basel 3-0
1-0 Franck Ribery (34.), 2-0 Anatoliy Tymoschuk (36.), 3-0 Franck Ribery (48.)
CFR Cluj-Roma 1-1
0-1 Marco Borriello (20.), 1-1 Lacina Traore (87.)

LOKASTAÐAN:

FC Bayern	**6**	**5**	**0**	**1**	**16-6**	**15**
Roma	6	3	1	2	10-11	10
Basel	**6**	**2**	**0**	**4**	**8-11**	**6**
CFR Cluj	6	1	1	4	6-12	4

F-RIÐILL:

Marseille-Chelsea 1-0
1-0 Brandao (81.).
MSK Zilina-Spartak Moskva 1-2
1-0 Tomas Majtan (48.), 1-1 Alex Raphael Meschini (53.), 1-2 Ibson (61.)
Rautt spjald: Ibson, Spartak (78.)

LOKASTAÐAN:

Chelsea	**6**	**5**	**0**	**1**	**14-4**	**15**
Marseille	6	4	0	2	12-3	12
Spartak	**6**	**3**	**0**	**3**	**7-10**	**9**
Zilina	6	0	0	6	3-18	0

G-RIÐILL:

AC Milan-Ajax 0-2
0-1 Demy De Zeeuw (57.), 0-2 Toby Alderweireld (65.)
Real Madrid-Auxerre 4-0
1-0 Karim Benzema (10.), 2-0 Cristiano Ronaldo (48.), 3-0 Karim Benzema (71.), 4-0 Karim Benzema (87.)

LOKASTAÐAN:

Real Madrid	**6**	**5**	**1**	**0**	**15-2**	**16**
AC Milan	6	2	2	2	7-7	8
Ajax	**6**	**2**	**1**	**3**	**6-10**	**6**
Auxerre	6	1	0	5	3-12	3

H-RIÐILL:

Arsenal-Partizan Belgrad 3-1
1-0 Robin Van Persie, víti (30.), 1-1 Cléo (51.), 2-1 Theo Walcott (73.), 3-1 Samir Nasri (77.)
Rautt spjald: Bacary Sagna, Arsenal (86.).
Shaktar Donetsk-Braga 2-0
1-0 Razvan Dinca Rat (78.), 2-0 Luiz Adriano (82.).

LOKASTAÐAN:

Shaktar	**6**	**5**	**0**	**1**	**12-6**	**15**
Arsenal	6	4	0	2	18-7	12
Braga	**6**	**3**	**0**	**3**	**5-11**	**9**
Partizan	6	0	0	6	2-13	0

IE-deild kvenna:

Haukar-Hamar 73-81
Haukar: Kathleen Patricia Snodgrass 26/12 fráköst, Íris Sverrisdóttir 17, Gunnhildur Gunnarsdóttir 10/5 stoðsendingar, Guðrún Ósk Ámundardóttir 8/4 fráköst, Ragna Margrét Brynjarsdóttir 8/9 fráköst, Helga Jónasdóttir 2/7 fráköst, Þórunn Bjarnadóttir 2.
Hamar: Jaleesa Butler 27/18 fráköst/3 varin skot, Slavica Dimovska 21/5 fráköst/8 stoðsendingar, Kristrún Sigurjónsdóttir 10/7 fráköst, Fanney Lind Guðmundsdóttir 8, Guðbjörg Sverrisdóttir 7/7 fráköst, Íris Ásgeirsdóttir 6/4 fráköst, Jenný Harðardóttir 2.

Fjölnir-Njarðvík 85-77
Fjölnir: Natasha Harris 34/13 fráköst/9 stoðsendingar/9 stolnir, Inga Buzoka 27/16 fráköst, Bergþóra Holton Tómasdóttir 10/7 fráköst, Birna Eiríksdóttir 6, Eva María Emilsdóttir 4, Heiðrún Harpa Ríkharðsdóttir 2, Erla Sif Kristinsdóttir 2/4 fráköst.
Njarðvík : Shayla Fields 32/14 fráköst/5 stoðsendingar, Heiða Valdimarsdóttir 10/4 fráköst, Árnína Lena Rúnarsdóttir 9/5 fráköst, Dita Liepkalne 8/7 fráköst, Ólöf Helga Pálsdóttir 7, Eyrún Líf Sigurðardóttir 5, Ína María Einarsdóttir 2, Erna Hákonardóttir 2, Emelía Ósk Grétarsdóttir 2.

Snæfell-Keflavík 70-97
Snæfell : Sade Logan 18/8 fráköst, Inga Muciniece 12/8 fráköst, Berglind Gunnarsdóttir 12, Björg Guðrún Einarsdóttir 8, Hildur Björg Kjartansdóttir 7/6 fráköst, Hrafnhildur Sif Sævarsdóttir 5, Rósa Indriðadóttir 4, Sara Mjöll Magnúsdóttir 2, Helga Hjördís Björgvinsdóttir 2/5 fráköst.
Keflavík: Jacquline Adamshick 26/7 fráköst/7 stoðsendingar, Birna Ingibjörg Valgarðsdóttir 23/5 stoðsendingar, Pálína Gunnlaugsdóttir 18/5 fráköst, Bryndís Guðmundsdóttir 15/14 fráköst/7 stoðsendingar, Ingibjörg Jakobsdóttir 7/6 stoðsendingar, Hrund Jóhannsdóttir 4/4 fráköst, Rannveig Randversdóttir 2, Sigrún Albertsdóttir 2.

Riðlakeppni Meistaradeildarinnar lokið:

Arsenal komst áfram

FÓTBOLTI Taugar stuðningsmanna Arsenal voru þandar til hins ítrasta í gærkvöldi er liðið komst með nokkrum herkjum í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu. Arsenal lenti í vandræðum gegn Partizan Belgrad, sem hafði ekki unnið leik, en knúði fram sigur með mörkum frá varamanninum Theo Walcott og Samir Nasri.

Arsenal lenti engu að síður í öðru sæti síns riðils og fær því afar erfiðan andstæðing í sextán liða úrslitunum.

Ekki bætti úr skák að Bacary Sagna fékk rauða spjaldið þegar stutt var eftir af leiknum og verður því í leikbanni í sextán liða úrslitunum.

Chelsea tapaði sínum fyrsta leik í riðlakeppninni en leikmenn liðsins töpuðu líklega ekki svefni vegna tapsins enda búnir að vinna riðilinn.

Jose Mourinho var í frægu leikbanni er Real Madrid tók á móti Auxerre. Það breytti engu því Real valtaði yfir franska liðið þar sem Frakkinn Karim Benzema skoraði þrennu.

- hbg

MARKI FAGNAÐ Robin van Persie skoraði úr víti og fagnar hér markinu ásamt félögum sínum. NORDIC PHOTOS/AFP

Þetta lítur miklu betur út núna

Aftur og nýbúnir? Tindastólsmenn heimsækja Keflvíkinga í kvöld í Iceland Express deildinni fjórum dögum eftir að þeir enduðu sex leikja sigurgöngu Keflvíkinga og slógu þá út úr bikarnum. Helgi Rafn Viggósson fer yfir það sem breyttist hjá liðinu sem tapaði fimm fyrstu leikjum sínum á tímabilinu.

KÖRFUBOLTI „Ég er lítið fyrir að skoða einhverja tölfræði, ég fer bara í næsta leik og kýli á það," segir fyrirliði Tindastóls, Helgi Rafn Viggósson, en mikið hefur reynt á hann á fyrstu tveimur mánuðum tímabilsins í að reyna að berja menn áfram og snúa við afleitri byrjun.

Tindastólsmenn komu mörgum á óvart með 17 stiga sigri í Keflavík í 16 liða úrslitum Powerade-bikarkeppninnar á dögunum. Það var ljóst á öllu að þarna fór ekki sama lið og tapaði fimm fyrstu leikjum tímabilsins flestum með miklum mun.

„Þetta er búið vera að skrítið tímabil. Þetta fór mjög undarlega af stað en þetta er farið að smella hjá okkur núna," segir Helgi Rafn. Tindastóll tapaði fimm fyrstu leikjum sínum með samtals 81 stigi en hefur nú unnið fimm af síðustu sex leikjum sínum og þar á meðal eru útisigrar í Garðabæ og í Keflavík.

Helgi Rafn er einn af þessum mönnum sem fórna lífi og limum fyrir liðið sitt og það er ljóst að Stólarnir bjuggu vel að eiga svona mann sem fyrirliða á erfiðum tímum.

„Það þarf að orga þá aðeins áfram," viðurkennir Helgi en hann leynir því ekki að mesta breytingin tengist erlendu leikmönnum liðsins.

„Við vorum gríðarlega óheppnir með útlendinga og það er ekki í fyrsta skiptið hjá okkur. Þeir áttu að vera miklu betri en það er bara eins og gengur og gerist í þessu. Þeir eru allir góðir áður en þeir koma," segir Helgi Rafn en þeir Josh Rivers, Radoslav Kolev og Dimitar Petrushev voru aldrei í sigurliði þennan stutta tíma sem þeir voru á Króknum.

„Við sendum þrjá leikmenn heim og fengum tvo í staðinn sem gera mikinn gæfumun því þeir eru á töluvert öðru getustigi en hinir sem voru fyrir. Þeir þrír sem voru hérna fyrst voru ekki nógu góðir fyrir íslenskan körfubolta. Nýju mennirnir gera hina leikmennina betri og það er komið sjálfstraust í liðið sem vantaði," segir Helgi Rafn.

„Menn fóru bara að leita að nýju mönnum þegar þeir sáu að þetta voru menn sem gátu ekki sinnt þessu. Menn lögðust yfir þetta og ég held að það hafi bara allir tekið þátt í því að finna öfluga menn. Það tókst sem betur fer," segir Helgi Rafn. Leikstjórnandinn Sean Cunningham er með 18,4 stig og 6,5 stoðsendingar að meðaltali í fyrstu fjórum leikjum sínum og framherjinn Hayward Fain er með 17,3 stig, 8,3 fráköst og 4,8 stoðsendingar að meðaltali í þessum leikjum.

LEIÐTOGINN Helgi Rafn Viggósson hefur verið fyrirliði Tindastólsliðsins síðustu árin. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

> Það var ekkert grín að tapa þarna ítrekað með tuttugu stigum og spila þarna nokkra leiki þar sem var rúllað yfir okkur. Það var ekki gaman en menn sýna núna úr hverju þeir eru gerðir.
>
> **HELGI RAFN VIGGÓSSON**
> FYRIRLIÐI TINDASTÓLS

„Það var ekkert grín að tapa þarna ítrekað með tuttugu stigum og spila þarna nokkra leiki þar sem var rúllað yfir okkur. Það var ekki gaman en menn sýna núna úr hverju þeir eru gerðir. Við erum með sex stig núna og stefnum á að vinna tvo síðustu leikina fram að jólum. Við værum í mjög góðum málum ef við myndum taka þá," segir Helgi.

Tindastólsliðið fékk ekki aðeins betri erlenda leikmenn því Svavar Atli Birgisson er líka byrjaður aftur eftir stutt hlé. „Hann kom vel inn í síðasta leik en það tekur hann samt tíma að slípa sig til. Þetta lítur miklu betur út en það gerði í upphafi tímabilsins," segir Helgi.

Fram undan er leikur á móti Keflavík í kvöld. Tindastóll vann 95-78 sigur í Toyotahöllinni á sunnudaginn. „Það voru tíu ár síðan við unnum þá síðast í Keflavík þannig að það var alveg kominn tími á það að við myndum vinna þá þarna. Þetta var miklu skemmtilegra að koma heim með sigur og við verðum að reyna að halda því áfram. Við getum núna farið í Keflavík og við vitum að það er hægt að vinna þá," segir Helgi en hann veit að Keflvíkingar bíða þeirra í hefndarhug.

„Menn þurfa að koma með hausinn í lagi í kvöld. Það þýðir ekkert að hugsa um bikarleikinn því sá leikur er búinn. Það var bikar en þetta er deild. Við þurfum að koma brjálaðir á móti þeim," segir Helgi að lokum.

ooj@frettabladid.is

Iceland Express deild kvenna:

Hamar er óstöðvandi

KÖRFUBOLTI Kvennalið Hamars vann sinn tíunda leik í röð í Iceland Express deild kvenna í gær er það sótti Hauka heima. Hamar því enn með fullt hús á toppi deildarinnar.

Jaleesa Butler var í aðalhlutverki hjá Hamri eins og svo oft áður með 27 stig, 18 fráköst og 3 varin skot. Slavica Dimovska var einnig sterk með 21 stig og 8 fráköst.

Keflavík er í öðru sæti og KR því þriðja. **- hbg**

Signý Hermannsdóttir, besti leikmaður kvennakörfunnar undanfarin tvö ár, sneri aftur í KR-liðið í fyrrakvöld:

Þurfti aðeins að kúpla mig út úr þessu

KÖRFUBOLTI Íslandsmeistarar KR í kvennakörfunni eru búnir að fá mikinn liðstyrk því landsliðsmiðherjinn og besti leikmaður kvennakörfunnar undanfarin tvö ár, Signý Hermannsdóttir, sneri aftur út á gólf í 50-46 sigri á Grindavík á þriðjudagskvöldið. Þetta var fyrsti leikur Signýjar síðan að hún varð Íslandsmeistari með KR-liðinu í vor en hún vann þá þann stóra í fyrsta sinn.

„Ég var aldrei hætt og gaf það aldrei út því ég gerði ráð fyrir því að mig langaði að spila meira. Mér langaði að fara að kíkja aftur á æfingar og er búin að æfa með liðinu í þrjár vikur. Það var kominn tími á að prófa að spila," segir Signý. KR-liðinu hefur ekki gengið eins vel og í fyrra en með tilkomu Signýjar er ljóst að liðið getur farið langt í vetur.

„Þessi leikur var ekkert sérstaklega fallegur á að horfa en mér fannst mjög gaman að koma til baka og það var ekki verra að vinna leikinn," sagði Signý, sem var með 8 stig, 7 fráköst og 3 varin skot í þessum fyrsta leik.

„Ég fékk mjög góðan frið og það voru allir skilningsríkir um það að ég þurfti á pásu að halda. Ég fékk að koma aftur á mínum forsendum og ég held að það hafi verið rétt. Ég er búin að vera í allt sumar að styrkja mig og vonandi skilar það sér í því að ég losni við þessi álagsmeiðsli," segir Signý, sem hefur spilað mikið meidd undanfarin tímabil.

MÆTT AFTUR Signý Hermannsdóttir mun hjálpa KR-liðinu mikið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég er ekki komin til að spila 40 mínútur í leik, heldur til að vera hluti af því sem er þegar í gangi. Við högum líka æfingunum eftir því að reyna að halda gömlum skrokki góðum," segir Signý í léttum tón.

„Ég þurfti bara pásu og þurfti aðeins að kúpla mig út úr þessu. Það virkaði alveg því ég er alveg tilbúin í þetta núna. Ég ætla að reyna að hjálpa liðinu og gera það sem þarf til þess að hafa gaman að þessu. Vonandi skilar það sér í sigrum," sagði Signý.

- óój

Skemmtilegar jólagjafir

Jói útherji

síðan 1999

Ármúla 36 108 Reykjavík s. 588 1560

Hvernig er Jólaskyrtan þín í ár....?

Komdu og hittu Jólasveininn milli kl. 17 og 19 í dag.

... en Jólaskórnir?

Innanhússskór eru bestu jólaskórnir fyrir krakkana!

T90 11.990.- jr
14.990.-sr

Mercurial 14.990.- jr
18.990.-sr

CTR360 11.990.- jr
14.990.-sr

F10 11.990.- jr
14.990.-sr

ROOT 7.990.-

Komdu í heimsókn og skoðaðu allt úrvalið af fótboltavörum hjá okkur.

www.joiutherji.is

Á FLEYGIFERÐ Hanna í leiknum gegn Króötum. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Hanna G. Stefánsdóttir:

Hef spilað svona í 20 ár

HANDBOLTI Hanna G. Stefánsdóttir var markahæsti leikmaður íslenska liðsins gegn Króatíu á þriðjudaginn með sex mörk og nýtti þau færi sem hún fékk í hægra horninu vel. Hanna er þó rétthent en þekkir það vel að spila í þessari stöðu.

„Þetta hef ég verið að gera í 20 ár," segir hún í léttum dúr. „Það háir mér alls ekki enda hef ég gert þetta lengi og finnst ég hafa staðið mig vel. Þetta snýst bara um að læra að hoppa rétt inn og snúa sér í stökkinu. Þá er þetta ekkert mál," bætir hún við.

Hún segir að meira sé um þetta í handbolta í dag en áður. „Þetta á ekki að koma neinum markverði neitt sérstaklega á óvart. Það á að vera auðveldara fyrir hann að verja frá mér en örvhentum leikmanni. En hann nær mér ekkert og því er þetta í lagi," sagði hún og brosti.

- esá

MARGIR SÁTU HEIMA Þótt Danir hafi mætt illa á völlinn horfðu þeir á handboltann heima hjá sér. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE

Sjónvarpsáhorf í Danmörku:

Handboltinn sló við FCK

HANDBOLTI Fleiri Danir horfðu á landsliðið sitt vinna Serbíu í fyrstu umferð riðlakeppninnar á EM í handbolta en þeir sem fylgdust með knattspyrnuliði FCK tryggja sér sæti í 16 liða úrslitum Meistaradeildar Evrópu.

FCK mætti Panathinaikos frá Grikklandi á þriðjudagskvöldið og náði þeim glæsilega áfanga að komast áfram upp úr riðlakeppni Meistaradeildarinnar og um leið tryggja liðinu gríðarlega miklar tekjur.

En það voru stelpurnar í danska landsliðinu sem náðu hylli sjónvarpsáhorfenda. Nærri milljón manns fylgdust með útsendingu TV2 frá leiknum en tæplega sex hundruð þúsund horfðu á leik FCK á TV3+.

Dönsku stelpurnar unnu Serba örugglega, 25-20, og ætla sér stóra hluti í mótinu á heimavelli. „Þetta var stórt kvöld fyrir danska íþróttaáhugamenn og árangur beggja liða frábær. Þetta var stór áfangi fyrir danska knattspyrnu en það gladdi mig einnig að sjá að kvennalandsliðið í handbolta nýtur slíkra vinsælda að það geti staðið af sér harða samkeppni um sjónvarpsáhorfendur," sagði Frederick Lauesen, yfirmaður hjá TV2. **- esá**

Berglind Íris Hansdóttir segir að til standi að bæta fyrir slæman leik gegn Króatíu:

Ég var mjög ósátt við sjálfa mig

HANDBOLTI Berglind Íris Hansdóttir náði sér ekki á strik frekar en margir aðrir í íslenska landsliðinu í fyrsta leik þess á EM í Danmörku og Noregi. Þá tapaði liðið fyrir Króatíu en mætir sterku liði Svartfellinga í dag.

„Fyrir leikinn leið mér mjög vel og ég hafði góða tilfinningu fyrir honum," sagði Berglind við Fréttablaðið í Árósum í gær. „Auðvitað var maður með fiðring og þannig á það líka að vera. En ég náði aldrei að tengjast vörninni og þá kom ekki þetta öryggi sem ég þurfti á að halda. Ég varði þar af leiðandi ekki þá bolta sem þurfti til að koma mér inn í leikinn," segir hún. „Ég var mjög ósátt við sjálfa mig eftir leikinn en að sama skapi var ég einnig ósátt við varnarleikinn. Við erum allar óánægðar með hann. Við erum bara komnar í þannig bolta að við verðum að stíga út á móti skyttunum og láta finna fyrir okkur. Það gerðum við ekki í þessum leik."

Hún segir þó að það hafi verið ýmislegt jákvætt við leikinn sem megi ekki gleyma. „En á móti svona sterkum þjóðum eins og við erum að spila við á þessu móti þurfum við allar að skila okkar besta til að geta unnið."

Berglind segir liðið ekki líða fyrir það að heima á Íslandi séu skytturnar ekki jafn sterkar og í alþjóðlegum handbolta.

„Það hefur auðvitað sín áhrif og munurinn er mikill. En ég hef nú spilað í Noregi í hálft ár þar sem eru margar góðar skyttur og þar að auki hef ég mætt mörgum góðum skyttum í landsleikjum í gegnum tíðina. Við hittum bara ekki á okkar dag að þessu sinni," segir hún. „Við erum þó ekki svartsýnar og höfum fulla trú á því að við getum staðið okkur vel í næsta leik. Við ætlum að gera það og við ætlum að bæta fyrir þennan lélega leik. Við erum allar staðráðnar í því að spila betur. Það getur oft verið stutt á milli. Hefðum við nýtt nokkur færi og við markverðirnir varið nokkur skot til viðbótar hefði þetta getað litið allt öðruvísi út."

- esá

BERGLIND ÍRIS Ætlar að gera betur í næsta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

Vil sýna hvað ég get á stórmóti

Karen Knútsdóttir skráði nafn sitt í sögubækurnar með því að skora fyrsta mark Íslands á stórmóti í handbolta kvenna. Hún ræddi við Fréttablaðið um mótið, framtíðaráætlanir í boltanum og foreldrana.

HANDBOLTI Karen Knútsdóttir var maður leiksins gegn Króatíu og þessi tvítugi leikstjórnandi sýndi oft lipra takta í sóknarleik íslenska liðsins. Hún skoraði fyrsta mark Íslands á stórmóti og þó svo að ýmislegt hafi farið úrskeiðis í leik íslenska liðsins verður sá áfangi aldrei tekinn af henni.

„Ég hef reyndar ekki mikið leitt hugann að því. En það er vissulega ánægjulegt og ágætt að eiga fyrsta markið," segir Karen og vill greinilega ekki gera mikið úr því. „Það sem ég vil fyrst og fremst gera er að sýna mitt rétta andlit og hvað ég get. Það er gaman að fá tækifæri til að gera það á móti eins og þessu," bætir hún við.

Karen nýtur þess einnig að hafa stuðning foreldra sinna hér í Árósum eins og fleiri í íslenska liðinu. En hún er í þeirri sérstöku stöðu að faðir hennar, Knútur G. Hauksson, er formaður HSÍ.

„Pabbi er stundum pabbi og stundum er hann formaður HSÍ. Það voru settar skýrar reglur í þeim efnum áður en við fórum út. En mamma er hérna líka og það er gott að hafa þau bæði með mér. Þau veita mér mikinn stuðning eins og þau hafa alltaf gert. Þau hafa alltaf mætt á alla leiki og hafa áður komið mér í keppnisferðir."

Spurð um atvinnumennsku játar hún því að hún stefni að því að komast út – hvort sem frammistaðan á EM muni flýta fyrir því eða ekki.

„Það er markmiðið hjá mér að komast út. Fyrst ætla ég mér þó að einbeita mér að því að standa mig vel í þessum leikjum sem eru fram undan og svo verður bara að koma í ljós hvað verður," segir Karen.

„En ég held að ég sé að verða tilbúin fyrir næsta skref á mínum ferli. Ég var kannski ekki tilbúin áður en tímabilið hófst í haust og það gæti vel verið fínt fyrir mig að taka svo eitt ár til viðbótar heima. En á endanum vil ég komast út."

Hún neitar því ekki að það er stórt skref fyrir leikmann í N1-deild kvenna að fara á stórmót í alþjóðlegum handbolta.

„Deildin heima er ekki nægilega sterk í ár. Það eru nokkur góð lið í deildinni en munurinn er óneitanlega mikill. Það er þó skemmtilegt að takast á við það. Við tókum stórt skref með því að komast á EM og það er góð blanda af yngri og eldri leikmönnum í liðinu. Leiðin liggur aðeins upp á við og við getum lært heilmikið af þátttöku á móti sem þessu. Ég er þess alveg fullviss að við förum aftur á stórmót áður en langt um líður."

Fram undan er leikur gegn Svartfjallalandi í dag en liðið virðist ógnarsterkt. Það vann heimsmeistara Rússa á þriðjudaginn og stefnir því á að fara í milliriðlakeppnina með fullt hús stiga.

„Maður tekur heilmikið með sér að spila á svona sterku móti. Nú er strax komið að næsta leik og hér erum við eingöngu að spila við sterkar þjóðir. Það reynir á mann og ég held að við lærum bara af því," segir Karen. „Það vex okkur ekki í augum að mæta Svartfjallalandi. Þetta er hörkulið en ef við náum okkar allra besta fram getum við unnið þetta lið. Við erum ekki hræddar við þær enda teljum við að við eigum möguleika í öllum leikjum. Það þarf að bæta ýmislegt frá síðasta leik og við vitum hvað þarf til að gera það."

MEÐ MÖMMU OG PABBA Karen er hér með föður sínum, Knúti Haukssyni, og móður sinni, Sigrúnu Bragadóttur, í miðbæ Árósa í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/E. STEFÁN

Eiríkur Stefán Ásgeirsson
skrifar frá Árósum
eirikur@frettabladid.is

Júlíus Jónasson um lið Svartfjallands, næsta andstæðing Íslands á EM í Danmörku og Noregi:

Landsliðið sem er nánast eins og félagslið

HANDBOLTI Ísland mætir í dag liði Svartfellinga á EM í handbolta sem fer fram í Noregi og Danmörku. Svartfellingar komu nokkuð á óvart í fyrstu umferðinni þegar liðið lagði heimsmeistara Rússa en á sama tíma tapaði Ísland fyrir Króatíu.

Sigur Svartfellinga kom Júlíusi Jónassyni landsliðsþjálfara nokkuð á óvart. „Ég sá reyndar ekki mikið af leiknum þar sem ég var sjálfur að undirbúa mitt lið fyrir leikinn gegn Króatíu. En þetta kom mér vissulega á óvart," sagði Júlíus. „Rússarnir hafa reyndar oft hikstað í upphafi stórmóta og eflst svo með hverjum leiknum. Yfirleitt endar það með því að þeir enda í einu toppsætanna."

Hann á von á erfiðum leik gegn Svartfjallalandi í dag. „Styrkur þeirra er svipaður og ég reiknaði með. Þær sýndu í leiknum gegn Rússum að þær eru afar öflugar og leikmenn liðsins búa yfir miklum líkamlegum styrk. Þær eru heldur ekki að spila of flókin leikkerfi og hafa þetta frekar einfalt – það er leitað mikið inn á línu og í þessu liði eru mjög góðir skotmenn eins og reyndar í öllum liðunum í okkar riðli."

Með liðinu leikur Bojana Popovic, sem er af mörgum talin ein allra sterkasta handknattleikskona heims. „Hún er vissulega í þeim hópi en hún hefur afrekað mikið á sínum ferli og er einfaldlega sigurvegari," sagði Júlíus um hana. Rússarnir brugðu á það ráð að taka hana úr umferð og gerðu það í stórum hluta leiksins.

„Það er eitt af því sem kemur til greina hjá okkur en það hefur ekkert verið ákveðið í þeim efnum enn. En það sem skiptir líka miklu máli er að hún er mikill leiðtogi í liðinu og dugleg að segja félögunum til og peppa þá upp, hvort sem hún er inni á vellinum eða ekki. Hún er því gríðarlega mikilvægur leikmaður fyrir Svartfellinga."

Alls eru þrettán leikmenn í landsliði Svartfellinga sem koma úr sama félagsliðinu, ZRK Buducnost sem leikur í höfuðborginni Podgorica. „Ætli liðið sé ekki líkara félagsliði en landsliði. Þær þekkjast að minnsta kosti mjög vel og þetta hjálpar þeim heilmikið. Það sést líka vel á liðinu enda eru allar aðgerðir hjá þeim afar vel tímasettar, sem einkennir oft góð félagslið," segir Júlíus. „Og þar að auki er Buducnost alvöru lið – eitt það allra besta í Evrópu í dag."

Hann segir að sínir leikmenn séu klárir í slaginn í dag og að þeir hafi jafnað sig á tapinu á Króatíu.

„Það var búið að afgreiða þann leik snemma í morgun [gærmorgun] og þá hófst strax undirbúningur fyrir næsta leik. Það eru allir heilir og tilbúnir fyrir þann leik."

- esá

EINBEITTUR Júlíus á hliðarlínunni í fyrsta leik. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

JÓLA BOMBA

Fimmtudagur til sunnudags

20% AFSLÁTTUR AF OUTLETVERÐUM*

FÁÐU SKIPTIMIÐA Á ALLAR JÓLAGJAFIR

* Gildir ekki af DVD-diskum og húsgögnum

NÝTT KORTATÍMABIL!

Stærsti lagermarkaður landsins

KORPUOUTLET, KORPUTORGI • S. 578 9400

Opið um helgina: Laugardag frá 11 til 22 • Sunnudag frá 12 til 22

KORPU OUTLET

HVERT ÆTLAR ÞÚ? Karen Knútsdóttir, besti leikmaður Íslands í leiknum, fær hér óblíðar móttökur frá króatísku varnarmönnunum. FRÉTTABLAÐIÐ/OLE NIELSEN

ALDREI GEFAST UPP Anna Úrsúla Guðmundsdóttir brýst hér í gegn.

Fyrsta skrefið oft erfiðast

Stelpurnar okkar í kvennalandsliðinu í handbolta stigu stórt skref í fyrrakvöld þegar liðið lék sinn fyrsta leik á stórmóti. Ole Nielsen, ljósmyndari Fréttablaðsins á mótinu, náði mörgum skemmtilegum myndum í þessum sögulega leik.

HANDBOLTI Handboltastelpurnar bættust í hóp karlalandsliðsins í handbolta og kvennalandsliðsins í fótbolta sem einu íslensku A-landsliðin sem hafa tekið þátt í stórmóti. Líkt og hjá fyrirrennurum þeirra var fyrsta skrefið erfitt.

Karlalandsliðið tapaði einnig með tíu mörkum í sínum fyrsta stórmótsleik, á móti Tékkóslóvakíu á HM í Austur-Þýskalandi 1958, og kvennalandsliðið í fótbolta tapaði 1-3 á móti Frökkum í sínum fyrsta stórmótsleik, á EM í Finnlandi 2009.

Til gamans má geta þess að í öllum þessum leikjum skoraði Ísland samt fyrsta markið í sínum fyrsta leik. Gunnlaugur Hjálmarsson kom íslenska karlalandsliðinu í 1-0 á móti Tékkum í Magdeburg 27. febrúar 1958, Hólmfríður Magnúsdóttir kom íslenska kvennalandsliðinu í 1-0 á móti Frökkum í Tampere 24. ágúst 2009 og Karen Knútsdóttir kom íslenska kvennalandsliðinu í handbolta í 1-0 á móti Króötum í Árósum í fyrrakvöld. ooj@frettabladid.is

VIÐ ÞURFUM AÐ LAGA VÖRNINA Júlíus Jónasson landsliðsþjálfari gefur stelpunum góð ráð á meðan þær hvíla sig aðeins á bekknum fyrir átökin í næstu vörn.

FAÐMLAG Rut Jónsdóttir er hér næstum því sloppin í gegn.

ÁFRAM ÍSLAND Stelpurnar fengu góðan stuðning í leiknum.

STERKIR MÓTHERJAR Króatísku stelpurnar eru bæði stórar og leiknar og hér nær ein að vippa yfir Berglindi Írisi Hansdóttur í markinu.

máltíð mánaðarins á kfc

Gamli góði kjúklinga borgarinn

svooogott í 30 ár™

0 gr. trans-fita

www.kfc.is

FAXAFENI • GRAFARHOLTI • HAFNARFIRÐI • KÓPAVOGI • MOSFELLSBÆ • REYKJANESBÆ • SELFOSSI

PIPAR \ TBWA • SÍA • 102687

193 laxar veiddust í Bárðarbungu, fengsælasta veiðistað Langár á Mýrum í sumar.

1.124 flugulaxar veiddust í Langá á Mýrum í sumar en 1.054 féllu fyrir maðkinum.

AF BÖKKUM LAXÁR Veiðin er að taka við sér. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Laxá í Mývatnssveit og Laxárdal:

Niðursveiflan að ganga til baka

Náttúruleg niðursveifla í urriðastofni Laxár í Laxárdal og Mývatnssveit virðist vera að ganga til baka. Veiðin sumarið 2010 var 3.600 fiskar, eða um 700 fleiri en árið áður.

Þetta kemur fram í skýrslu Árnefndar Laxár í Laxárdal og Mývatnssveitar á vef Stangaveiðifélags Reykjavíkur.

Veiði tók að dragast saman eftir frábært veiðisumar 2005 þegar tæplega átta þúsund urriðar veiddust, en meðalveiði svæðanna síðan 1988 losar 4.500 fiska.

- shá

BALDUR STEINN HARALDSSON Veiddi góða bleikju í Bjarnarfirði sumarið 2007.

Fyrirkomulag í Bjarnarfjarðará:

Íbúar hafa veitt frítt í fjögur ár

Kaldrananeshreppur hefur fjögur síðustu sumur skipt sínum hluta veiðileyfa í sjóbleikjuánni Bjarnarfjarðará á Ströndum meðal þeirra íbúa hreppsins sem eru orðnir átján ára. Jenný Jensdóttir oddviti segir hvern veiðiréttarhafa fyrir sig ráðstafa sínum leyfum. „Það var ákveðið á fundi í stjórn veiðifélagsins að dreifa þessu svona," segir Jenný, sem kveður íbúafjöldann nánast stemma við stangardagana sem hreppurinn á í Bjarnarfjarðará. Hún segir að ekki hafi enn verið tekin formleg ákvörðun um hvernig hreppurinn hagi þessum málum fyrir sitt leyti sumarið 2011. **- gar**

Lítið sást af rjúpu í friðlandinu

Rjúpnaveiðinni þetta árið lauk um helgina og svo virðist sem heldur meira sé af fugli en í fyrra. Skilyrði til veiða voru hagstæð ef fyrsta helgin af sex er frátalin.

EFTIRSÓTT BRÁÐ Virðing veiðimanna gagnvart bráð sinni virðist færast í vöxt. Sífellt færri veiðimenn skjóta fleiri rjúpur en þeir þurfa til eigin nota. MYND/PÉTUR ALAN GUÐMUNDSSON

Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands, segir að veiðimenn hafi séð meira af rjúpu í haust en mörg undanfarin ár. Það hafi hins vegar verið mjög misjafnt á milli landsvæða. Það sem veki athygli sé að mjög lítið hafi sést af rjúpu á Suðurlandi. „Það var hvað minnst af rjúpu þar sem hún er friðuð, eins og í landnámi Ingólfs," segir Sigmar. „Friðunin skilar sér ekki. Það er í raun mest af rjúpu þar sem mest er skotið, eins og við Akureyri og Húsavík. Það er umhugsunarvert og sýnir að ótal margir þættir hafa áhrif á viðkomu rjúpunnar."

Sigmar bendir á að mjög mikið er af ref, eða um tíu þúsund dýr, og greinilegt að það sé að hafa áhrif á rjúpuna. „Þessi áhrif eru forvitnileg. Það er ekki aðalatriðið að refurinn éti fuglinn í miklu magni. Frekar hefur það áhrif að refurinn snuðrar hana uppi á meðan hún hvílist. Þær flýja undan honum og þetta veldur streitu. Streitan veikir aftur mótstöðuafl rjúpunnar."

Sigmar bendir á náttúrulega sveiflu í stærð rjúpnastofnsins, sem er merkjanleg í tíu ára tímabilum. „Þessi sveifla hefur verið einhliða yfir landið, en nú virðist það ekki vera. Stofninn er í uppsveiflu á Norður-, Austur- og Vesturlandi en stendur í stað og dregst saman á Suðurlandi. Það er ekki vitað hvað veldur þessu en það getur verið hlýnandi veðurfar og breytt gróðurfar. Gleymum því ekki að rjúpan leitar í kulda."

Skilyrði til veiða voru ólík á milli landshluta. Mikill snjór var fyrir norðan en þar sem snjóalög voru minni var fuglinn dreifðari. „Mest virðist hafa verið af fugli þar sem var kaldast," segir Sigmar. „Rjúpan var neðar í veiðilandinu en menn bjuggust við og var mikið í kjarr- og skóglendi á síðari hluta veiðitímans."

Sigmar hefur trú á því að almennt séu veiðimenn sáttir við veiðitímabilið. Veiðin hafi heilt yfir verið jöfn þótt hún hafi verið best á norðausturhorninu. „Okkur sýnist að magnveiði sé á undanhaldi. Það er greinilegt að meirihluti veiðimanna er á móti magnveiðum og það smitast út. Magnveiði eyðileggur fyrir öðrum og þeir sem þessar veiðar stunda eru undir þrýstingi að láta af þessari hegðun."

Sigmar segir að fálkastofninn virðist á uppleið sem gefur vísbendingar um sterkari rjúpnastofn. Hann telur jafnframt að stytting veiðitímans og sölubann á rjúpu hafi verið gæfuspor. „Ég held að við séum komin með gott veiðistjórnunarkerfi á rjúpunni og um það hafi tekist víðtæk sátt. Ég heyri ekki óánægjuraddir frá veiðimönnum, svo mikið er víst."

Þröstur Elliðason, hjá Veiðiþjónustunni Strengjum, segir að flestir veiðimenn sem hafi komið til veiða á hans svæðum á Austurlandi hafi fengið skammtinn sinn, þetta tíu til fimmtán fugla. „Í Breiðdal fengust um 500 rjúpur á þessu veiðitímabili og á Jöklusvæðum um 300 rjúpur. Það eru færri veiðimenn bak við tölurnar á Jöklusvæðum svo þetta var svipuð veiði á hvern veiðimann á báðum svæðum. En þetta er besta veiðin sem við höfum séð síðan við byrjuðum að bjóða þessa þjónustu." **svavar@frettabladid.is**

Ísdorg á Reynisvatni:

Þykk torfa undir veiðimönnum

Veiðimenn sem hafa veitt í gegnum ís á Reynisvatni undanfarna daga hafa veitt vel. Á meðan aðstæður voru hagstæðar, eins og um helgina, voru tveir til sex við veiðar í einu.

„Auðvitað veiða menn vel hér í Reynisvatni enda eru 25 þúsund fiskar í vatninu," segir Wolfgang Pomorinn, veiðiáhugamaður sem tók við rekstri Reynisvatns árið 2008. „Hérna fellur mönnum vel að veiða í gegnum ís þar sem vonin er alltaf mikil." **- shá**

Aðventuleikur blaðbera

Pósthúsið, dreifingaraðili Fréttablaðsins og annarra dreifinga, hefur sett í gang skemmtilegan aðventuleik fyrir blaðbera sína.

Einu sinni í viku út aðventuna verða nöfn duglegra blaðbera dregin út og fá þeir í verðlaun nýju DVD myndina með Audda og Sveppa eða PS3 leik frá Elko.

Tilkynnt verður um vinningshafa alla þriðjudaga fram að jólum á heimasíðu Pósthússins www.posthusid.is

Pósthúsið

Pósthúsið | Suðurhraun 1 | S: 585 8300 | www.posthusid.is

FRÁ SVARTÁRDAL MYND/LAX-Á

Veiðistaðurinn: Brúnarhylur í Svartá

Hylurinn er kenndur við eyðibýlið Brún í Svartárdal og er einn af þekktari og betri hyljum þessarar rómuðu laxveiðiár. Það má nánast alltaf ganga að því sem vísu að lax sé í Brúnarhyl, segir Stefán Páll Ágústsson hjá Lax-á.

Hylurinn er í raun nokkrir veiðistaðir. Lengst til vinstri á myndinni má sjá hvar strengurinn kemur inn í hylinn. Þar sem hvítfryssið endar er góður tökustaður. Einnig er gott að byrja að veiða ofarlega í strengnum því oft liggja laxar undir honum sjálfum – til þess þarf þó þunga flugu, en alls ekki of stóra.

Fyrir miðjum hyl er talsvert af grjóti í botni og þar á milli finnur laxinn sér skjól, þarna fer gárutúban afskaplega vel og er árangurinn of góður.

Neðst í hylnum, þar sem brýtur á, er alla jafna ekki mikil veiði nema vatn sé þeim mun meira. Hins vegar er oft lax í lygnunni við þann bakka sem veiðimaðurinn stendur á, sérstaklega í morgunsárið. Það borgar sig því að taka fyrst eitt snöggt rennsli, með smáflugu og hröðu strippi, á lygnuna áður en lagt er út í sjálfan hylinn.

Flotlína og langur taumur á einhendu er það sem menn nota jafnan í Svartá og flugur í stærðum 12-16 og ¼ tommu eirtúbur þegar haustar.

JÓLATILBOÐ Í HÁTÆKNI

Panasonic

50.000 afsláttur

Tilboðsverð **179.995 kr.**

Verð áður 229.995 kr.

TX-P42S20E

42" Panasonic Plasma FHD 600 Hz

- Panasonic TX-P42S20E er 42 tommu Plasma sjónvarp með frábærum myndgæðum
- 1920 x 1080 punkta upplausn
- 600 Hz tækni
- V-Real Pro 4 myndúrvinnsla

LG

120.000 afsláttur

Tilboðsverð **279.995 kr.**

Verð áður 399.995 kr.

42LE730N

42" LG LED Full HD 100 Hz

- Full HD LED sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn
- Intelligent Sensor 2 myndstýring
- 100 Hz
- 4 HDMI
- USB 2.0
- DivX HD stuðningur
- spilar MKV-skrár

LG

TILBOÐ

Tilboðsverð **169.995 kr.**

32LD650N

32" LG LCD FHD 100 Hz

- Full HD LCD sjónvarp frá LG með 1920 x 1080 punkta upplausn
- XD Engine myndvinnslubúnaður
- 2 x HDMI
- USB 2.0
- SRS True Surround (2x10W) hljóðkerfi
- Spilar beint í gegnum USB 2.0 DivX HD og MKV skrár

Idapt 4 hleðsludokka

- Ertu orðin leið/ur á snúrum og mörgum hleðslutækjum? Þetta er lausnin; hleður Nokia, iPhone, Sony Ericsson, Samsung
- Micro og mini USB
- Svört/hvít

TILBOÐ

Tilboðsverð **8.995 kr.**

I4BL/I4WH

TSX70

iPod fylgir ekki

Yamaha smástæða

- Smástæða með innbyggðu FM útvarpi
- Dokka fyrir iPod/iPhone
- Vekjaraklukka og fjarstýring
- Drapplituð/brún

10.000 afsláttur

Tilboðsverð **39.995 kr.**

Verð áður 49.995 kr.

SIE130328

Siemens Gigaset A580

- Upplýstur skjár með númerabirti
- Símaskrá fyrir allt að 150 númer
- Allt að 25 klst. taltími og 210 klst. biðtími

1.000 afsláttur

Tilboðsverð **7.995 kr.**

Verð áður 8.995 kr.

Salora DVD 363 spilari HDMI

- Einfaldur og góður HDMI DVD spilari frá Salora
- Uppskölun 1080p
- Minniskortalesari og afspilun af USB 2.0

4063

TILBOÐ

Tilboðsverð **9.995 kr.**

Salora ferða DVD DVP-7007

- 7" ferða DVD-spilari frá Salora
- Festingar og taska fylgja ásamt 220V og 12V köplum

TILBOÐ

Tilboðsverð **19.995 kr.**

DPF7900

Telefunken Digitalframe7" 4:3

- Stafrænn myndarammi
- 16:9
- 480 x 234 upplausn
- Tekur flest minniskort
- Fjarstýring fylgir

TILBOÐ

Tilboðsverð **13.995 kr.**

ÁRA 25 VÖRUR 25% AFSL.

25 vörur á 25% afmælisafslætti.

vara 9

Hreinsisett

3.995 25% 2.996 kr.



vara 1

Veggfesting 30-50" fixed

16.995 25% 12.746 kr.

vara 13

Belkin HDMI kapall 1mtr

2.495 25% 1.871 kr.

Opið á sunnudag

25 ára

Hátækni

1985 - 2010

Opið: virka daga 9.30–18 | laugardaga 12–17 | sunnudag 12–17

Verslun Ármúla 26 | Sími 522 3000 | www.hataekni.is

PIPAR\TBWA • SÍA • 103149

> Oprah Winfrey

„Þegar þú ert kominn nær því að vita hver þú raunverulega ert, þá verður þú um leið betur í stakk búinn að ákveða og finna hvað er rétt fyrir þig."

Oprah veit hvað hún syngur, en hún framleiðir spjallþættina The Doctors sem eru á dagskrá Stöð 2 Extra alla virka daga.

dagskrá

VIÐ TÆKIÐ **JÓN AÐALSTEINN BERGSVEINSSON BEIÐ Í LÆGRI HLUT FYRIR JÓLADAGATALINU**

Hver er húsbóndinn á þínu heimili?

Jóladagatalið í Ríkissjónvarpinu hefur ekki verið ofarlega á blaði hjá mér í gegnum tíðina. Sama hvað félagarnir sögðu um sumt efnið, baðkarsflug og fleira sem höfðaði jafnt til barna og þeirra fullorðnu sem sáu húmorinn, þá kveikti ég ekki. Einhverjir voru víst í sjokki yfir kaupum á norsku sjónvarpsefni í skugga niðurskurðar og nöldruðu. En einmitt þá kveikti ég á perunni og skjánum. Breytt viðhorf skrifast reyndar á drengina mína, sem hafa einstakan áhuga á efninu og hafa komið því til leiðar að nú má ekki líða sá dagur sem ekki er kveikt á jóladagatalinu.

Eftir því sem ég heyrði af gömlu jóladagatölunum á RÚV var eitthvað speisað við efnið, eitthvað súrt sem olli því að fullorðnir festust við skjáinn. Norsku þættirnir eiga það vissulega til að vera súrir. Fullorðna fólkið í Snædal hagar sér ekki eins og fólk er flest. Í einum þátttanna sem fjölskyldan öll sat föst yfir í vikunni var Marteinn, hinn uppátækjasami faðir

Hlyns, að útbúa jólakortin, útklippta snilld í þrívídd eins og var í tísku hér fyrir nokkrum árum en ég held að hljóti að hafa dottið upp fyrir sökum þess hversu rosalega tímafrek vinnan var – reyndar svo mjög að ég taldi mig sjálfur stundum standa á barmi sturlunar nokkur jól í röð enda tók um eitt kvöld að útbúa hvert kort, lita myndir, klippa þær út og líma saman svo þrívíddin kæmi almennilega út. Ég skildi því Martein nokkuð vel þegar kona hans kom inn og bað hann um að hreinsa skortsteininn fyrir jólin. Hann sagði nei. Hún sagði jú. Upp úr þessu hófst lágstemmt rifrildi um það hver réði á heimilinu. Ekki náði ég endalokunum, hef sennilega farið að vaska upp eða dútla eitthvað og veit því ekki hverjar málalyktir voru. Strákarnir mínir náðu þessu hins vegar og segja mér nú að mamma þeirra sé húsbóndinn. Ég hef reynt að leiðrétta það, við ráðum bæði. Það hefur lítinn árangur borið.

SJÓNVARPIÐ

14.40 Kiljan (e)
15.55 Jóladagatalið - Jól í Snædal (e)
16.00 Stundin okkar(e)
16.25 Jóladagatalið - Jól í Snædal
16.50 Táknmálsfréttir
17.05 EM kvenna í handbolta (Ísland - Svartfjallaland) Bein útsending frá leik Íslendinga og Svartfellinga í úrslitakeppni Evrópukeppni kvennalandsliða í handbolta.
19.00 Fréttir
19.30 Veðurfréttir
19.35 Kastljós
20.10 Bræður og systur (83:87) (Brothers and Sisters) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina og viðburðaríkt líf þeirra.
21.00 Aðþrengdar eiginkonur (Desperate Housewives) Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar.
21.45 Tíu mínútna sögur (3:11) (Ten Minute Tales) Flokkur þögulla breskra stuttmynda.
22.00 Tíufréttir
22.10 Veðurfréttir
22.20 Sporlaust (15:24) (Without a Trace) Bandarísk spennuþáttaröð um sveit innan Alríkislögreglunnar sem leitar að týndu fólki.
23.05 Miles Davis (Kind of Miles) Dönsk heimildamynd. (e)
00.05 Kastljós (e)
00.30 Fréttir (e)
00.40 Dagskrárlok

BÍÓ

08.00 Dave Chappelle's Block Party
10.00 The Groomsmen
12.00 Doctor Dolittle
14.00 Dave Chappelle's Block Party
16.00 The Groomsmen
18.00 Doctor Dolittle
20.00 Man About Town
22.00 The Initiation of Sarah
00.00 Glastonbury
02.15 The Prophecy 3
04.00 The Initiation of Sarah
06.00 The Proposal

STÖÐ 2

07.00 Latibær (15:18)
07.25 Elías
07.40 Galdrabókin (9:24)
07.50 Nornfélagið
08.15 Oprah
08.55 Í fínu formi
09.10 Bold and the Beautiful
09.30 The Doctors
10.15 Sjálfstætt fólk
11.00 Gilmore Girls
11.45 Logi í beinni
12.35 Nágrannar
13.00 NCIS (25:25)
13.45 La Fea Más Bella (284:300)
14.30 La Fea Más Bella (285:300)
15.15 The O.C. 2 (11:24)
16.00 Barnatími Stöðvar 2
16.35 Latibær (15:18)
17.00 Bold and the Beautiful
17.25 Nágrannar
17.53 The Simpsons (10:21)
18.23 Veður Markaðurinn.
18.30 Fréttir Stöðvar 2
18.47 Íþróttir
18.54 Ísland í dag
19.16 Veður
19.25 Two and a Half Men (15:24)
19.55 How I Met Your Mother (13:24)
20.20 Eldsnöggt með Jóa Fel (11:12) Ellefta þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.
20.55 NCIS: Los Angeles (17:24) Spennuþættir sem gerast í Los Angeles.
21.45 Human Target (8:12) Ævintýralegir spennuþættir.
22.30 Life on Mars (4:17) Bandarískur sakamálaþáttur sem fjalla um lögregluvarðstjórann Sam.
23.20 Spaugstofan
23.50 Hlemmavídeó (7:12)
00.20 The Mentalist (9:22)
01.05 Numbers (7:16)
01.50 Mad Men (2:13)
02.40 A Prairie Home Companion
04.25 NCIS: Los Angeles (17:24)
05.10 The Simpsons (10:21)
05.35 Fréttir og Ísland í dag

SPORT *besta sætið*

07.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
07.40 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
08.20 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
09.00 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
14.55 Ísland - Noregur/Danmörk
16.30 Svíþjóð - Danmörk/Noregur
18.05 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - Endursýning frá leik í Meistaradeild Evrópu.
19.50 Meistaradeild Evrópu: Meistaradeildin - meistaramörk
20.30 Icelandic Fitness and Health Expo 1 Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
21.00 Veiðiperlur Flottur þáttur þar sem farið er ofan í allt milli himins og jarðar sem tengist stangaveiði.
21.30 European Poker Tour 6 - Pokers
22.20 Main Event Sýnt frá World Series of Poker 2010.
23.10 Til síðasta manns (4:8)

SPORT 2 *enski boltinn*

16.30 WBA - Newcastle
18.15 Arsenal - Fulham
20.00 Premier League World 2010/11 Áhugaverður þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá hinum ýmsu óvæntu og skemmtilegum hliðum.
20.30 Football Legends - Maradona Besti knattspyrnumaður fyrr og síðar, Diego Armando Maradona verður kynntur til sögunnar í kvöld og afrek hans sem knattspyrnumaður skoðuð.
20.55 Ensku mörkin 2010/11 Sýnt frá öllum leikjunum í ensku úrvalsdeildinni.
21.25 Sunnudagsmessan Sunnudagsmessan með þeim Guðmundi Benediktssyni og Hjörvari Hafliðasyni er þáttur sem enginn má láta framhjá sér fara. Leikirnir krufðir til mergjar af fagmönnum og lífleg og fagleg umræða um enska boltann.
22.25 Wigan - Stoke

SKJÁREINN

06.00 Pepsi MAX tónlist
07.10 Nýtt útlit - Lokaþáttur (12:12) (e)
08.00 Dr. Phil (e)
08.40 Rachael Ray (e)
09.25 Pepsi MAX tónlist
12.00 Nýtt útlit - Lokaþáttur (12:12) (e)
12.50 Pepsi MAX tónlist
15.45 Parenthood (10:13) (e)
16.35 Rachael Ray
17.20 Dr. Phil
18.00 America's Next Top Model (10:13) (e)
18.50 Real Hustle (2:20) Áhugaverður þáttur þar sem þrír svikahrappar leiða saklaust fólk í gildru.
19.15 Game Tíví (13:14)
19.45 Whose Line Is It Anyway? (4:39)
20.10 The Office (13:26)
20.35 30 Rock (2:22) Bandarísk gamanþáttaröð.
21.00 House (16:22) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða dr. Gregory House.
21.50 CSI: Miami (11:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans.
22.40 Jay Leno
23.25 Nurse Jackie (10:12) (e)
23.55 United States of Tara (10:12) (e)
00.25 Last Comic Standing (13:14) (e)
01.10 The Cleaner (10:13) (e)
01.55 Phantom of the Opera (e)
04.20 Pepsi MAX tónlist

SKJÁRGOLF

06.00 ESPN America
11.30 Golfing World (e)
12.20 Golfing World (e)
13.10 Dubai World Championship (e)
17.10 Golfing World (e)
18.00 Golfing World
18.50 World Golf Salutes King Bhumibol (1:1) (e)
22.50 Golfing World (e)
23.40 European Tour - Highlights (e)
00.30 ESPN America

EXTRA

19.10 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Opruh Winfrey þar sem fjórir læknar veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um þau heilsufarsmál sem hvað helst brenna á okkur.
19.50 Entourage (9:12) Fimmta þáttaröðin um framabrölt Vincent og félaga í Hollywood.
20.25 Ástríður (4:12) Í efnahagsmálum eru óveðurssky fram undan.
21.00 Fréttir Stöðvar 2
21.25 Ísland í dag
21.50 Gossip Girl (5:22) Fjórða þáttaröðin um líf fordekraða unglinga sem búa á Manhattan.
22.35 Hawthorne (2:10) Dramatísk þáttaröð sem fjallar um hjúkrunarfræðinga á Richmond Trinity spítalanum í Virginíu.
23.20 Medium (11:22) Sjötta þáttaröð þessa dulmagnaða spennuþáttar sem fjallar um sjáandann Allison Dubois.
00.05 Nip/Tuck (10:19) Sjötta sería þessa vinsæla framhaldsþáttar sem fjallar um skrautlegt og skrítið líf lýtalæknanna Seans McNamara og Christians Troys.
00.50 Ástríður (4:12)
01.15 Entourage (9:12)
01.45 The Doctors
02.25 Fréttir Stöðvar 2
03.15 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

N4

18.15 Að norðan með Hildu Jönu Gísladóttur Fjölbreyttur þáttur um norðlenskt mannlíf.

ÍNN

20.00 Hrafnaþing Vaxtalækkun og okurvextir.
21.00 Undir feldi Frosti og Heimir, erum við í aðlögunarferli, eða bara á leið til tunglsins.
21.30 Rokk og tjatjatja Tónlistarflóran á eyjunni bláu er engu lík.
Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.

OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

ÚTVARP FM

FM 88,5 XA-Radíó	**FM 90,9** Gullbylgjan	**FM 93,5** Rás 1	**FM 96,3** FM Suðurland	**FM 97,7** X-ið	**FM 99,4** Útvarp Saga	**FM 102,9** Lindin
FM 90,1 Rás 2	**FM 91,9** Kaninn	**FM 95,7**FM957	**FM 96,7** Létt Bylgjan	**FM 98,9** Bylgjan	**FM 102,2** Útvarp Latibær	**FM 105,5** Útvarp Boðun

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.20
Eldsnöggt með Jóa Fel

Jói Fel er í jólaskapi og þátturinn ber þess greinileg merki. Á matseðlinum er frómas í jólaforréttinn sem hann útbýr á þrjá mismunandi vegu. Þá útbýr hann steikarsamloku með nauta ribeye, grilluðu brauði, sósu og salati. Að sjálfsögðu bakar hann einnig bráðhollar smákökur.

RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.03** Veðurfregnir **10.13** Litla flugan **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Heimur hugmyndanna **14.03** Á tónsviðinu **15.03** Útvarpssagan: Himnaríki og helvíti **15.25** Bláar nótur í bland **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Tónlistarkvöld Útvarpsins **21.00** Í fáum dráttum **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Útvarpsperlur: Sex dagar í desember **23.20** Til allra átta **00.05** Næturtónar

BBC entertainment

12.30 The Weakest Link **13.15** Deal or No Deal **13.50** Monarch of the Glen **14.40** Allo Allo! **15.15** Keeping Up Appearances **15.45** Only Fools and Horses **16.15** Hustle **17.10** The Weakest Link **17.55** Deal or No Deal **18.30** Only Fools and Horses **19.00** The Office **19.30** Gavin & Stacey **20.00** After You've Gone **20.30** Silent Witness **21.20** Whose Line Is It Anyway? **21.45** The Office **22.15** Gavin & Stacey **22.45** After You've Gone **23.15** EastEnders **23.45** Monarch of the Glen

DR 1

12.05 Aftenshowet 2. del **12.30** Naturens former **13.00** Danmark Ekspeditionen **13.30** Stemmer fra Vollsmose **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **15.00** Hjerteflimmer Classic **15.30** Absalons Hemmelighed **16.00** Svampebob Firkant **16.25** Cowboy, indianer og hest **16.30** Sebastians jul **16.40** Garfield **16.55** Fup og Svindel **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport og Vejret **18.00** Aftenshowet 2. del **18.30** Absalons Hemmelighed **19.00** Sporløs **19.30** Fra hus og hjem **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** Den sidste fjende **22.55** Skibet skal sejle **23.25** Boogie Mix

NRK 1

12.30 Pressekonferanse Nobelinstituttet **13.00** Fredsprisvinneren 2010 - Liu Xiaobo **13.30** Det søte liv **14.00** NRK nyheter **14.10** Poirot **15.05** Ut i nærturen **15.20** Førjulshygge i Strömsö **16.00** NRK nyheter **16.10** Hjemme hos Bye & Rønning **16.40** Oddasat - nyheter på samisk **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Jul på Månetoppen **17.30** Filmavisen 1960 **17.40** Distriktsnyheter **18.45** Schrödingers katt **19.40** Skatten under isbreen **19.55** Distriktsnyheter **20.30** Debatten **21.30** Storbynatt **22.00** Kveldsnytt **22.15** Radioresepsjonen på TV **22.45** Tekno **23.15** Stjernesmell **00.00** Solgt!

SVT 1

12.05 Engelska Antikrundan **13.05** Uppdrag Granskning **14.20** Rebecca och Fiona **14.35** Hannah Montana **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **15.55** Vem tror du att du är? **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **17.45** Julkalendern **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Mitt i naturen **19.30** Kinas mat **20.00** Plus **21.00** Debatt **21.45** Draknästet - världen runt **22.45** Min jul **22.50** Veckans brott **23.50** Uppdrag Granskning

JÓLAKVÖLD SKJÁSEINS Á OLIVER

Komdu í kvöld á Café Oliver og hittu stjörnunar á SkjáEinum.

- Hrefna Sætran kynnir bókina Fiskmarkaðurinn og býður upp á smakk
- Kalli Berndsen áritar bókina VAXI-n og býður dömum upp á jólalakk
- Sölvi Tryggva áritar bókina um Jónínu Ben
- Tobba Marinós áritar bókina Dömusiðir
- Helga Braga og félagar árita DVD útgáfu HÆ Gosa
- GameTV strákarnir aðstoða foreldra við val á tölvuleikjum
- Kylfingurinn Úlfar Jónsson kynnir SkjáGolf
- Sólmundur Hólm kynnir nýjan skemmtiþátt sem hefst í janúar

Boðið verður upp á heitt kakó með rjóma, jólaglögg og piparkökur.

EKKERT VENJULEGT JÓLASJÓNVARP

Í KVÖLD KL. 17.30 - 19.30

HLÖKKUM TIL AÐ SJÁ ÞIG!

ENNEMM / SÍA / NM44627

FORSÍÐA | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN

FÁÐU FÍNA OG FRÆGA FÓLKIÐ Í HEIMSÓKN

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í margfalt betri upplausn en áður og með góðu aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á nýjum Vísi.

m.visir.is
Fáðu Vísi í símann og í iPad!

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like" við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

visir.is

BESTI BITINN Í BÆNUM



„Noodle Station: Einfalt, fljótlegt, ódýrt, hollt og hlýjar manni í kuldanum.“

Hrefna Björk Sverrisdóttir, framleiðandi sjónvarpsþáttanna Steindans okkar.

Vatnið í mikilvægu hlutverki í Dexter

„Flott, ég verð að sjá þennan þátt,“ segir athafnamaðurinn Jón Ólafsson, stjórnarformaður og annar af stofnendum Icelandic Water Holdings.

Vatn Jóns og félaga, Icelandic Glacial, er í mikilvægu hlutverki í fjórða þætti í fimmtu seríu Dexter, sem sýnd er um þessar mundir í Bandaríkjunum. Dexter, sem Michael C. Hall leikur, notar fingraför sem hann finnur á flöskunni til að bera kennsl á nýja persónu í þáttunum sem Julia Stiles leikur.

Óbeinar vörukynningar (e. product placement) af þessu tagi eru gríðarlega stór iðnaður, en þrátt fyrir það segist Jón ekki greiða neitt fyrir að koma flöskunni fyrir í vinsælum sjónvarpsþáttum. „Ég á svo mikið af vinum og kunningjum í Hollywood eftir þrjátíu ára starfsemi í þessum skemmtanabransa,“ segir Jón. „Ég sendi þeim vatnið í von um að þeir setji það í þættina og það virkar alltaf. Þeir eru þyrstir og ég gef þeim vatn.“

Icelandic Glacial vatninu hefur brugðið fyrir í vinsælum þáttum á borð við Desperate Housewives, Entourage, Numbers og The Big Bang Theory, en milljónir manna um allan heim fylgjast vikulega með þáttunum.

Er ekki mjög óvenjulegt að þurfa ekki að greiða fyrir auglýsingu af þessu tagi?

„Það er vanalega greitt fyrir þetta. En ég á svo marga kunningja sem eru bara rólegir,“ segir Jón að lokum.

- afb

MIKILVÆG VATNSFLASKA Dexter finnur fingraför á flösku með vatni frá Þorlákshöfn. Jón Ólafsson segir kunningsskap sinn og fólks í Hollywood koma flöskunni í vinsæla sjónvarpsþætti.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Leitin að jólunum

Lau 11.12. Kl. 11:00 U	Lau 18.12. Kl. 11:00 U	Þri 28.12. Kl. 14:00
Lau 11.12. Kl. 13:00 U	Lau 18.12. Kl. 13:00 U	Þri 28.12. Kl. 16:00
Lau 11.12. Kl. 14:30 U	Lau 18.12. Kl. 14:30 U	Mið 29.12. Kl. 14:00
Sun 12.12. Kl. 11:00 U	Sun 19.12. Kl. 11:00 U	Mið 29.12. Kl. 16:00
Sun 12.12. Kl. 13:00 U	Sun 19.12. Kl. 13:00 U	
Sun 12.12. Kl. 14:30 U	Sun 19.12. Kl. 14:30 U	

Gerpla (Stóra sviðið)

Fim 6.1. Kl. 20:00	Fim 20.1. Kl. 20:00	
Mið 12.1. Kl. 20:00	Sun 30.1. Kl. 20:00	

Fíasól (Kúlan)

Sun 12.12. Kl. 13:00	Sun 19.12. Kl. 15:00	Fim 30.12. Kl. 16:00 U
Sun 12.12. Kl. 15:00	Þri 28.12. Kl. 16:00 U	Sun 2.1. Kl. 13:00
Sun 19.12. Kl. 13:00	Mið 29.12. Kl. 16:00 U	Sun 2.1. Kl. 15:00

Hænuungarnir (Kassinn)

Fös 10.12. Kl. 20:00 Aukas.	Fim 20.1. Kl. 20:00	Sun 30.1. Kl. 20:00
Lau 15.1. Kl. 20:00	Lau 22.1. Kl. 20:00	
Sun 16.1. Kl. 20:00	Fim 27.1. Kl. 20:00	

Íslandsklukkan (Stóra sviðið)

Fös 10.12. Kl. 19:00 Aukas. U	Fim 30.12. Kl. 19:00 U	Sun 16.1. Kl. 19:00
Lau 11.12. Kl. 19:00 Aukas. U	Fös 7.1. Kl. 19:00	Lau 22.1. Kl. 19:00
Sun 12.12. Kl. 19:00 Aukas. U	Lau 15.1. Kl. 19:00	Sun 23.1. Kl. 19:00

Lér konungur (Stóra sviðið)

Sun 26.12. Kl. 20:00 Frums. U	Lau 8.1. Kl. 20:00 4. sýn	Fös 14.1. Kl. 20:00 7. sýn
Þri 28.12. Kl. 20:00 2. sýn	Sun 9.1. Kl. 20:00 5. sýn	Fös 21.1. Kl. 20:00 8. sýn
Mið 29.12. Kl. 20:00 3. sýn	Fim 13.1. Kl. 20:00 6. sýn	

Kandíland (Kassinn)

Fim 30.12. Kl. 20:00 Frums.	Fim 6.1. Kl. 20:00	Lau 8.1. Kl. 20:00
Mið 5.1. Kl. 20:00	Fös 7.1. Kl. 20:00	

TÓMAS LEMARQUIS: LEIKUR Í STRÍÐSMYND Í KOLKATA Á INDLANDI

Hleypur í skarðið fyrir Bond-leikara og Gael Garcia Bernal

„Ég og leikstjórinn Vimukthi Jayasundara eigum sameiginlegan vin sem benti honum á mig,“ segir leikarinn Tómas Lemarquis.

Hann er staddur í Kolkata (Kalkútta) á Indlandi um þessar mundir að leika í stríðsmyndinni Mushrooms. Myndin samanstendur af þremur sögum og leikur Tómas landamærahermann í einni þeirra. Tómas flaug beint frá Belgrad þar sem hann sat í dómnefnd á kvikmyndahátíð en íslenski leikarinn hefur vakið töluverða athygli á Indlandi. Times of India birti meðal annars flennistórt viðtal við hann, sem Tómas segir hafa verið tekið á harðahlaupum með háværum bílflautum og öskrandi fólki í aukahlutverkum. „Blaðamaðurinn þurfti að geta ansi mikið í eyðurnar eins og sést.“

Athyglin er hins vegar skiljanleg, leikstjórinn Jayasundara þykir vera í fremstu röð indverskrar kvikmyndagerðar og hlaut meðal annars Gullnu kameruna á Cannes-hátíðinni fyrir fimm árum og keppti um Gullna ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum á síðasta ári.

Tómas er í rauninni þriðji valkostur í hlutverkið en að því er ekki spurt í kvikmyndagerð. Fyrst stóð nefnilega til að mexíkóska stórstjarnan Gael Garcia Bernal léki hlutverkið. „Hann var hins vegar að fara að eignast annað barnið sitt og varð því að afþakka það.“

Þá kom til sögunnar pakistanski leikarinn Darwin Shaw sem margir muna eflaust eftir úr Bond-myndinni Casino Royal og Prince of Persia. „Hann náði hins vegar ekki að útvega sér réttu pappírana í tæka tíð,“ útskýrir Tómas. Shaw þessi er hálfur Pakistani og eins og flestum ætti að vera kunnugt um er grunnt á því góða milli þeirra þjóða. Samkvæmt indverskum fjölmiðlum reyndi Shaw að fá Sir Ben Kingsley til að hlaupa í skarðið fyrir sig. Það náðist hins vegar ekki í tæka tíð og því er Íslendingurinn Tómas Lemarquis nú kominn til Indlands. Tómas segist hins vegar ekki verða ríkur af þessu hlutverki, myndin sé gerð fyrir lítið fé og sé svokölluð „arthouse“-kvikmynd. Hann verður hins vegar á ferð og flugi á næstunni. „Fram undan er hlutverk í spænskri kvikmynd sem ég er búinn að bíða eftir í fjögur ár og er eftir leikstjórann Juan Carlos Medina. Svo var að koma upp annað verkefni í Þýskalandi, mjög spennandi, en þar sem ég er ekki búinn að skrifa undir vil ég ekki gefa neitt meira upp að svo stöddu.“

freyrgigja@frettabladid.is

VEKUR ATHYGLI Á INDLANDI

Tómas Lemarquis leikur stórt hlutverk í nýrri indverskri kvikmynd, Mushrooms eftir indverska leikstjórann **Vimukthi Jayasundara.** Upphaflega stóð til að mexíkóska stórstjarnan **Gael Garcia** myndi leika í myndinni, svo hljóp **Darwin Shaw** í skarðið og loks voru uppi hugmyndir um að Sir Ben Kingsley myndi bjarga málunum. Að lokum var það hins vegar Tómas Lemarquis sem reddaði myndinni.

Bókabúðir vilja ekki selja Jónínu

„Við höfum spurt búðir hvort þær hafi áhuga á að fá bókina. Það hefur ekki farið á neitt stig samningaviðræðna því að áhuginn hefur verið það lítill. En við höfum ekkert stórar áhyggjur af því,“ segir Hermann Guðmundsson, forstjóri N1. Fyrirtækið hefur undanfarið kannað hvort bókaverslanir hefðu áhuga á að selja ævisögu Jónínu Ben. eftir Sölva Tryggvason.

Til stóð að bókin yrði eingöngu til sölu í verslunum N1 og umboðsaðila þeirra og tíu þúsund eintök voru prentuð. Hermann sagði í samtali við Fréttablaðið á sínum tíma að ef góður taktur yrði í sölunni væri líklegt að bókin rataði ekki í aðrar bókabúðir. Jónína náði toppsæti á metsölulista bókaverslana þegar hún kom út og var fyrir tveimur vikum í þriðja sæti. En tvær vikur í röð hefur hún ekki náð inn á þann lista. Hermann segir ágætan takt í sölunni og er ekki reiðubúinn að kvitta upp á það að tilraunin hafi verið mistök. „Það er til mikið af góðu fólki hjá N1 sem hefur haft meiri áhyggjur en ég.“

Hermann kann engar skýringar á tregðu bóksala aðra en þá að svona sé kannski bara stemningin. „„Bókin byrjaði auðvitað mjög vel en nú er mesta nýjabrumið farið. Við erum auðvitað nýgræðingar í þessu og okkur hefur alltaf verið sagt að síðustu sjö dagarnir fyrir jól væru þeir stærstu. Það er tiltölulega rólegt í bókasölu ennþá og ég sef alveg rólegur yfir þessu.“

- fgg

ÁGÆTIS TAKTUR Hermann Guðmundsson vill ekki meina að það sé til marks um að tilraunin með Jónínu Ben. hafi mistekist þótt leitað hafi verið til annarra bóksala.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
MEIRI ÍÞRÓTTIR
Meiri Vísir.
VÍSIR.IS

Reynir Lyngdal leikstýrði myndbandinu sem var framleitt af Pegasus fyrir Fíton.

EUROPEAN EXCELLENCE AWARDS 2010
Tilnefning: Besta herferðin

EUROPEAN EXCELLENCE AWARDS 2010
Tilnefning: Besta krísustjórnunin

Við unnum. Hvernig sem fer í kvöld.

Með samstilltu átaki aðila hins opinbera, fyrirtækja í íslenskri ferðaþjónustu og þjóðarinnar allrar tókst að snúa vörn í sókn í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli. Það eitt er sigur og sýnir hvað hægt er að gera með góðri hugmynd, öflugri útfærslu og þátttöku þjóðarinnar allrar.

Við á Fíton erum himinlifandi með tilnefningar verkefnisins INSPIRED BY ICELAND til EUROPEAN EXCELLENCE AWARDS, sem afhent eru í kvöld.

Flaggskip þjóðarátaksins ÞJÓÐIN BÝÐUR HEIM var myndband sem við á Fíton gerðum. Hugmyndin var að ná fram ódýrri dreifingu með því að virkja tengslanet íslensku þjóðarinnar, sem sendi myndina til milljóna vina og kunningja um allan heim.

Nú hefur komið í ljós að samdráttur í ferðaþjónustu í sumar varð sáralítill, þrátt fyrir dökkt útlit um tíma.

Auglýsingastofan Fíton er stolt af því að hafa tekið þátt í þessu skemmtilega verkefni og óskar öllum sem að því komu góðs gengis í Prag í kvöld.

FÍTON

Garðastræti 37 | 595 3600 | fiton.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

VÍSIR.IS
Meiri Vísir.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Menningarþjóðin

Vinsældir Egils „Gilzeneggers" Einarssonar virðast ekki í rénun nema síður sé. Gillz, sem var tekinn inn í Rithöfundasambandið eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær, situr nú með bókina Lífsleikni í sjöunda sæti á aðalbókalista Eymundsson. Gillz skýtur þar með Þóru og Kristínu Tómasdætrum sem og Þorgrími Þráinssyni ref fyrir rass en bækur þeirra sitja í næstu sætum fyrir neðan. Bækur Gillz eru seint sagðar verða flokkaðar sem mikil menningarrit og hafa sumir áhyggjur af því á hvaða plani Íslendingar séu fyrst slíkar bækur rjúki út. Menningarvitum til léttis má benda á að hærra skrifaðir rithöfundar sitja ofar á listanum. Má þar nefna Arnald Indriðason í fyrsta sæti, Yrsu Sigurðardóttur í öðru og Guðna Th. Jóhannesson í fimmta.

Balti fær smástirni

Erlendir kvikmyndafjölmiðlar fylgjast grannt með gangi mála hjá **Baltasar Kormáki** sem er þessa dagana að klára leikhópinn fyrir Hollywood-frumraun sína, Contraband. Variety, sem verður að teljast meðal virtustu kvikmyndafréttamiðlanna, greindi frá því í gær að Caleb Landry Jones væri kominn um borð. Þeir sem kannast ekki við nafnið ættu að rifja upp sjónvarpsþáttaröðina Friday Night Lights sem sýnd var á Skjá einum fyrir ekki margt löngu. **- fgg**

Mest lesið

VÍSIR.IS

1. Mamma greip til sinna ráða
2. Barnaði dóttur sína fyrir nýju kærustuna
3. Mamma Ellu Dísar tilkynnt til barnaverndaryfirvalda
4. Wikileaks: Íslenskir karlmenn seldu aðgang að erlendum...
5. Tveir í haldi grunaðir um úraþjófnað

ÍSLENSKU STJÖRNURNAR
FORLAGIÐ
Gullfalleg ljósmyndabók



nýjar sendingar!

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
Kringlan 568 9234
Smáralind 544 2410

B&S KONUR
B&S | Kringlan 553 4141

HÉR FÁST ÞREFALDIR VILDARPUNKTAR TIL 18. DESEMBER

nýtt kortatímabil
VISA

HUGO BOSS
HUGO BOSS | KRINGLUNNI 533 4242